



Erla Björk stýrir Hólaskóla **menntun 18**

**Bjartmar sextugur tónlist 26**



**spottið 12**



**Græddu á gulli á Grand Hótel**

Laug. sun, mán, frá kl 11:00 til 19:00

Skoðið nánar á bls. 25



Staðgreiðum allt gull, silfur, demanta og vönduð úr.



# FRÉTTABLAÐIÐ

Helgarblað

9. júní 2012  
134. tölublað 12. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*



**Sífelld meiri sósíalisti**

Jón Gnarr hefur setið lengst allra sem borgarstjóri síðan Ingibjörg Sólrún hætti.

**stjórnsmál 16**

**Fjórir fletir á áherslum**

Frambjóðendur svara spurningum Fréttablaðsins.

**forsetakosningar 22**

**Hvít er inni**

Sumartískan býður upp á hvítan fatnað frá toppi til táar.

**tíska 32**



**3 SÉRBLÖÐ** í Fréttablaðinu

Suðurland | Fólk | Atvinna



**STOKKIÐ TIL SJÓSUNDS** Þessi þrettán ára drengur, Karl Ágúst Amarsson, lét norðanáttina ekki aftra sér frá því að stökkva léttklæddur um sex metra niður í Hafnarfjarðarhöfn þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Landsbyggðin tapar konum

Konur eru alls staðar á landsbyggðinni færri en karlar. Ungar konur hafa frekar flutt burt á síðustu árum. Ástandið er einna verst á Austurlandi.

**BYGGÐAMÁL** Konur eru alls staðar á landsbyggðinni færri en karlar, en þær hafa í meira mæli flutt burt á síðustu árum. Þetta kemur fram í nýrri rannsókn sem gerð var fyrir Bygðastofnun.

Ástandið er einna verst á Austurlandi þar sem 89 konur eru á hverja 100 karla. Á Suðurnesjum, Vesturlandi og Suðurlandi eru um 94 konur á hverja 100 karla. Höfuðborgarsvæðið er það eina þar sem konur eru fleiri en karlar, eða 101 á hverja 100 karla.


Ef aldurshópurinn 20 til 39 ára er skoðaður kemur fram enn meiri kynjamunur í sumum landshlutum, sem staðfestir að sögn skýrsluhöfundar að ungar konur hafi flust í meira mæli burt en ungar karlar.

Þannig eru aðeins 86 konur á þessum aldri á Austurlandi fyrir hverja 100 karla. Á Vestfjörðum er hlutfallið svo að 89 ungar konur búa þar á hverja 100 unga karla. Ungar konur heilt yfir landið eru færri en ungar karlar, eða 96 konur fyrir hverja 100 karla.

Konum í þessum aldurshópi hefur á undanförunum tíu árum fækkað í öllum landshlutum nema á Norðurlandi vestra. „Þrátt fyrir eða kannski ætti frekar að segja vegna mikillar uppbyggingar í kringum álversframkvæmdir á Austurlandi

**Ungum konum fækkar**

Fjöldi kvenna á hverja 100 karla



hefur munurinn aukist mest þar. Árið 2001 voru 94 konur á hverja 100 karla í þessum aldurshópi,“ segir í skýrslunni.

Ástæður þess að konur hafa flutt í meiri mæli af landsbyggðinni en karlar eru sagðar flókin blanda af einstaklings- og skipulagsbundnum þáttum, tog- og ýtikróftum. „Hvaða leiðir sem farnar verða er þó ljóst að grípa verður til einhverra aðgerða ... Ef allar konur á barn eignaraldri flytja úr byggðarlaginu verður engin náttúruleg fjölgun og byggðarlögin hrynja saman innan frá.“

- þeb

Hafrannsóknastofnun útilokar ekki veiðistopp:

## Ýsan við hættumörk

**SJÁVARÚTVEGUR** „Við erum að horfa á þá staðreynd að stofninn getur hreinlega farið niður fyrir hættumörk. Það getur leitt til þess að okkar ráðgjöf kalli á lokun veiða,“ sagði Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar, um ástand ýsustofnsins þegar hann kynnti í gær stofnmat og veiðiráðgjöf fyrir næsta fiskveiðiár.

Stofnunin leggur til að aflaheim-

ildir í ýsu verði lækkaðar úr 45 þúsund tonnnum í 32 þúsund tonn. Ýsuveiði við landið var allt að 110 þúsund tonn á ári fyrir skemmstu.

Ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar er að aflaheimildir í þorski verði auknar um 19 þúsund tonn, eða í 196 þúsund tonn. Möguleiki er á allt að 250 þúsund tonna þorskafli innan tveggja til þriggja ára, að sögn Jóhanns.

- shá / sjá síðu 10

Frakkland

### Vínsmökkun

PARÍS 29. júlí – 3. ágúst

Fararstjóri: Steingrímur Sigurgeirsson. Njóttu lífsins lystisemda í París og heimsæktu þekktustu vingerðarsvæði heims, Burgundy og Champagne.

Verð frá, á mann í tvíbylti:

**174.900 kr.**

Innifalið er flug með sköttum og gisting í 5 nætur í París, með morgunverði.

Pólland

### Borgarveisla

VARSJÁ og KRAKÁ 6. – 13. ágúst

Fararstjóri: Dr. Óttar Guðmundsson. Tilvalin ferð fyrir einstaklinga, vinnu- og vinahópa sem vilja prófa eitthvað nýtt og spennandi.

Verð frá, á mann í tvíbylti:

**148.900 kr.**

Innifalið er flug með sköttum, allur akstur og gisting í 7 nætur á 4 stjörnu hótélum, með morgunverði.

Opið til **18** í dag



Smáralind





Davíð Óskar, gerir Gordon Green myndina á annan veg?

„Já, hann er að því.“

Davíð Óskar Jónsson er einn framleiðenda kvikmyndarinnar Á annan veg sem nýverið var endurgerð í Hollywood.

Þingmaður braut lög:

## Verður próflaus í átta mánuði

**LÖGREGLUMÁL** Höskuldur Þórhalls-son, þingmaður Framsóknarflokksins, hefur verið sviptur ökuréttindum í átta mánuði.

Höskuldur var tekinn ölvadur undir stýri á Akureyri.

„Ég taldi að áfengið væri runnið úr mér. Ég mátti vita betur – það var rangt hjá mér að taka þá afstöðu,“ sagði Höskuldur í samtali við Bylgjuna í gær.

Haft eftir þingmanninum á DV.is að hann telji sig ekki eiga við drykkjuvandamál að stríða þrátt fyrir að hafa keyrt undir áhrifum. Hann geri sér þó nú grein fyrir því að rauðvínsglösin sem hann drakk fyrir bílferðina hafi verið of mörg, án þess að hann viti fjölda þeirra upp á há.



HÖSKULDUR ÞÓRHALLSSON

Viðræður um byggðamál:

## Ísland uppfyllir viðmið ESB

**EVROPUMÁL** Ísland hefur uppfyllt þau viðmið sem framkvæmdastjórn ESB setti fram til að hægt sé að hefja viðræður um byggðamál. Þetta segir á vef utanríkisráðuneytisins.

Framkvæmdastjórnin hafði óskað eftir tímasettri aðgerðaáætlun um framkvæmd byggðastefnunnar komi til aðildar Íslands og var þeirri skýrslu skilað í vor.

Niðurstaða framkvæmdastjórnarinnar er að áætlunin uppfylli viðmiðin.

Samningahópur Íslands vinnur nú að endanlegri mótun samningsafstöðu sem ráðgert er að ljúka á næstunni.

Hrafnreyður KÓ-100 landaði sínu tíunda og ellefta dýri í Hafnarfirði í gær:

## Veiðar að hefjast fyrir alvöru

**SJÁVARÚTVEGUR** Áhöfnin á Hrafnreyði KÓ-100, skipi Hrafnreyðar ehf., landaði sínu tíunda og ellefta dýri í Hafnarfjarðarhöfn í gær eftir um tveggja vikna veiðihlé. Fullur kraftur verður settur í veiðarnar á næstu vikum.

Gunnar Bergmann Jónsson, framkvæmdastjóri Hrafnreyðar, segir að veiðarnar hafi byrjað í lok apríl og gengið ágætlega í upphafi. Veður og fleira hafi síðan sett strik í reikninginn á undanförunum vikum. „Aðaltíminn er að byrja núna. Þeir fóru fyrst suður fyrir land en voru á Faxaflóa í

gær. Þar höfum við aðallega tekið okkar dýr en förum örugglega líka inn á Breiðafjörð til veiða á næstu dögum,“ segir hann.

Gunnar segir að ekki hafi verið seinna að vænna að hefja veiðar að nýju. Allt kjöt af fyrstu níu dýrunum er selt en afli næstu mánaða verður einnig frystur til vetrarmánaðanna. Dýrin eru unnin í vinnslustöð Hrafnreyðar í Hafnarfirði þar sem þau eru skorin niður fyrir verslanir og veitingahús.

Að sögn Gunnars er vandalaust að finna hrefnu. „Straumar ráða því líklega að sífellt fleiri dýr eru



HAFNARFIJARÐARHÖFN Hrefnuveiðimenn komu með tvö falleg dýr í land í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

að sjást. Apríl og maí geta verið erfiðir en í júní og júlí, til dæmis í fyrri, voru veiðarnar áreynslulausar.“

- shá

Enn ekkert samkomulag:

## Þingfundur á Alþingi í dag

**STJÓRNMÁL** Þingflokkarnir á Alþingi höfðu í gærkvöld ekki náð samkomulagi um þinglok. Þingfundur stóð fram eftir kvöldi í gær og þegar Fréttablaðið fór í prentun voru þrettán þingmenn á mælendaskrá.

Ráðgert er að þingið komi saman í dag. Enn er rætt um frumvarp Steingríms J. Sigfússonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, um veiðigjöld en önnur umræða um málið hefur staðið frá 1. júní.

- mpi

# Reykvískir víkingar ósáttir við borg sína

Víkingafélagið Einherjar í Reykjavík telur stuðning borgarinnar forsendu þess að hægt verði að setja upp víkingahátíð í ætt við þá sem haldin er í Hafnarfirði. Félagið fékk félagsheimili hjá borginni, en gæti misst það komist hátíðin ekki á.

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Stuðning borgarinnar þarf til að hægt verði að koma á árvissri víkingahátíð í Reykjavík í ætt við þá sem haldin er í Hafnarfirði, að mati Gunnars Víking Ólafssonar, formanns Víkingafélagsins Einherja í Reykjavík. Hann segir borgina nú hóta að taka af félaginu húsnæði sem það hafði áður fengið gegn því að gera það upp, verði reykvíska víkingahátíðin ekki að veruleika. Um leið neiti borgin að styðja félagið til þess að halda hátíðina.

„Félagið hefur verið til í fjögur og hálf ár,“ segir Gunnar Víking og kveður þá Einherja mjög ánægða með þá fyrirgreiðslu sem þeir hafi fengið hjá borginni í formi húsnæðis, þótt það hafi engan peningastyrk fengið.

Félagið fékk inni í niðurníðum bragga í Nauthólsvík sem Flugmálastjórn hafði áður notað, gegn því að gera húsnæðið upp. „Í þrjú ár vorum við hins vegar bara að skylmast niðri á Klambatúni.“

Félagsmenn, sem eru fjórtán talsins, þar af tvær konur, hittast reglulega til að æfa vopnaburð og skyldingar fyrir sýningar. „Við viljum slá skjaldborg um menningararf okkar,“ segir Gunnar Víking og kveðst finna fyrir miklum áhuga erlendis á því að sækja heim víkingahátíð í Reykjavík.

„En við þurfum að eiga hluti á borð við sölu- og sýningar-tjöld,“ segir hann, en tjöld verði ekki keypt nema að félagið fái styrk. „Við erum hins vegar tilbún að byrja smátt, fyrst niðri í Nauthólsvík og færa okkur svo kannski síðar upp á Klambatún.“

Nú segir Gunnar Víking hins vegar að félagið fái þau skilaboð



VÍKINGUR Í FÉLAGSHEIMILI Gunnar Víking Ólafsson, formaður Víkingafélagsins Einherja í Reykjavík, í húsnæði félagsins í Nauthólsvík. Einherjar sýna sig og listir sínar í Hallargarðinum í Reykjavík á hátíðarhöldunum 17. júní næstkomandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Í þrjú ár vorum við hins vegar bara að skylmast niðri á Klambatúni.“

**GUNNAR VÍKING ÓLAFSSON**  
FORMAÐUR VÍKINGAFÉLAGSINS  
EINHERJA Í REYKJAVÍK

hjá eignausýsludeild borgarinnar að það kunnist að missa húsnæðið í Nauthólsvík takist þeim ekki að halda víkingahátíðina.

Gunnar Víking segir félagið hafa fengið viljröi fyrir stuðningi borgarinnar í borgarstjóratið Hönnu Birnu Kristjáns-

dóttur, þótt ekki hafi legið fyrir í hvaða formi það yrði. Það hafi svo breyst í niðurskurði hjá nýrri borgarstjórn.

Einar Örn Benediktsson, formaður menningar- og ferðamálaráðs borgarinnar, segir peningaskort ástæðu þess að styrkumleitun Einherja hafi verið hafnað til þessa. Hins vegar væru fyrir því fordæmi að borgin styrkti uppákomur þar sem vel hafi tekist til. „Ef þeim tækist að halda hátíðina einu sinni í einhverri mynd, þá væri kannski komin forsenda til þess að styrkja áframhaldandi starfsemi,“ segir hann.

olikt@frettabladid.is



**NYTT SKILTI** Vegagerðin biður vegfar- endur að virða nýjar reglur um umferð á Þingvöllum. MYND/VEGAGERÐIN

## Hópferðabílar fá undanþágu: Vörubílar bannaðir í þjóðgarði

**VEGAMÁL** Takmarkanir hafa verið settar á umferð þungra ökutækja um þjóðgarðinn á Þingvöllum.

„Umferð vöruflutningabíla sem eru þyngri en 8 tonn er óheimil, en umferð allra hópferðabifreiða og áætluðabíla verður áfram heimil um þjóðgarðinn. Umferð allra ökutækja með vatnsspillandi farm og hættulegan farm er bönnuð,“ segir í tilkynningu Vegagerðarinnar.

Bannið hefur þegar tekið gildi og hafa verið sett upp skilti við leiðir inn í þjóðgarðinn því til staðfestingar.

- óká

Hæstiréttur snýr héraðsdómi:

## Einar „Boom“ aftur í varðhald

**DÓMSMÁL** Einar „Boom“ Marteinsson, fyrrverandi forspraki Vítisengla á Íslandi, skal settur aftur í gæsluvarðhald. Þar skal hann sitja þar til dómur verður kveðinn upp í máli á hendur honum.

Hæstiréttur sneri með þessum úrskurði í gær dómi Héraðsdóms en Einar var sleppt úr gæsluvarðhaldi á miðvikudag. Hann er í haldi í tengslum við stórfelldar líkamssárásir, ásamt fjórum öðrum. Fjórmenningarnir hafa allir verið orðaðir við samtök Vítisengla á Íslandi. Þeir hafa setið í varðhaldi síðan í janúar.

Fríðargæslumenn á vegum SP komust inn í þorpið Quabir í Sýrlandi:

## Fóru á vettvang fjöldamorðanna

**SÝRLAND, AP** „Það er verið að varpa fimm til tíu sprengjum á Khaldiyeh-hverfið á hverri mínútu,“ sögðu mannréttindasamtökin Syrian Observatory for Human Rights, sem eru með höfuðstöðvar í Bretlandi.

Stjórnarherinn hóf árásir á Khaldiyeh-hverfið í borginni Homs í gær, en þar hafa uppreisnarmenn verið ráðandi lengi.

„Þetta eru verstu árásirnar hér síðan byltingin hófst,“ sagði Tarek Badrakhan, einn uppreisnarmanna í hverfinu í símtali á Skype. Hefur þó Homs orðið einna verst úti í árásum stjórnarhersins á almenna borgara frá upphafi átakanna í Sýrlandi snemma á síðasta ári.

Fyrr í vikunni gerði stjórnarherinn sams konar árásir á þorpið Qubair og í beinu framhaldi héldu vígasveitir inn í þorpið og myrtu þar um 80 manns, flest konur og börn.

Fríðargæslumönnum á vegum Sameinuðu þjóðanna og Arababandalagsins tókst í gær að komast inn í Qubair, en þeim hafði áður verið meinaður aðgangur að þorpinu.

Átökin í Sýrlandi hafa kostað meira en þrettán þúsund manns lífið. Talið er að um ein milljón



**FIMM TIL TÍU SPRENGJUR Á MÍNÚTU** Árásirnar í gær voru sagðar þær hörðustu frá upphafi átakanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

manna þurfi á mannúðaraðstoð að halda. Nokkur hundruð þúsund manns hafa hrakist að heiman vegna átakanna og nærri 100 þúsund flóttamenn eru komnir til Tyrklands, Líbanons og Jórdaníu, auk fleiri landa.

- gþ

**Splash**  
- engin venjuleg bílabvottastöð

Kynningartilboð  
Handþvóm bílinn að utan  
á 10 mínútum.

**1.500 kr\***

\*gildir til kl. 18 sunnudaginn 10. júní



**Opið:** mán. – föst. 9-19 • laug. 10-18 • sun. 13-18

Sími 567 1213 • www.splash.is

f fylgstu með okkur á Facebook

Fyrir ofan Smáralind



# BRJÁLAÐ VERÐ

## Á GARÐADÖGUM



STJÚPUR 10 STK.  
Verð áður: 999 kr.  
**Nú: 790 kr.**  
blandaðir litir

**20%**  
afsláttur  
AF VIÐARVÖRN



MIKIÐ ÚRVAL AF  
GARÐVERKFERUM  
Á LÆGRA VERÐI

LEGSTA  
LAGA  
VERÐ  
↓  
HÚSASMIÐJAN

Rafmagnsorf  
Ikra 350w,  
5086612

**3.995 kr.**

**799 kr.**

**1.199 kr.**

Malarhrífa 14T  
5084305

Malarskófla  
5082502



BIRKIKVISTUR  
Verð áður: 1.999 kr.  
Nú: **999 kr.**



PETÚNÍA / TÓBAKSHORN  
Verð áður: 1.190 kr.  
Nú: **599 kr.**



**30-70%**  
afsláttur  
allar  
fjölærar  
plöntur

FJÖLÆRAR PLÖNTUR  
EITT VERÐ  
Aðeins **599 kr.**



GASGRILL  
Verð áður: 84.900 kr.  
Nú: **69.900 kr.**

Outback Drifter 4+  
4 brennarar.  
3000214

OUTBACK

**ÓKEYPIS ÍS**  
ALLIR KRAKKAR  
FÁ ÍS ALLA HELGUNA  
Í SKÚTUVOGI KL. 11-16



ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI  
SÍÐAN 1956



GJALDMÍDLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	129,43 130,05
Sterlingspund	199,63 200,61
Evra	161,17 162,07
Dönsk króna	21,683 21,809
Norsk króna	21,189 21,313
Sænsk króna	17,931 18,037
Japanskt jen	1,6318 1,6414

SDR 195,43 196,59

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR  
223,42

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

## Millilandaviðskipti aukin: Fransk-íslenska endurvakið

**VIÐSKIPTI** Fransk-íslenska viðskiptaráðið verður endurvakið á fundi næstkomandi þriðjudag. Samkvæmt tilkynningu er markmiðið að „auka viðskipti milli landanna og miðla þekkingu og upplýsingum um viðskiptatækifæri og viðskiptaumhverfi“.

Ráðið var stofnað 1990 en hefur að mestu legið í dvála frá 2010.

Fundurinn fer fram í Norræna húsinu á milli 8.15 og 10 en meðal þeirra sem flytja erindi á fundinum eru Vigdís Finnbogadóttir, fyrrur forseti Íslands, og Marc Bouteiller, sendiherra Frakklands.

- þj

## Nýjar sorpbrennslustöðvar: Svívar þurfa að flytja inn sorp

**SVÍPJÓÐ** Fjárfesta á milljörðum sænskra króna til þess að reisa nýjar sorpbrennslustöðvar í Svíþjóð. Sorpið í Svíþjóð er hins vegar ekki nógu mikið til þess að sorpbrennslustöðvarnar komi til með að hafa næg verkefni. Þess vegna mun þurfa að flytja mikið magn sorps til Svíþjóðar, að því er sænska ríkisútvarpið hefur greint frá.

Umhverfisverndarstofnunin í Svíþjóð er ósátt við þessa þróun. Haft er eftir fulltrúa stofnunarinnar að í áætlun um sorpeyðingarmál sé lögð áhersla á endurnýtingu, endurvinnslu og aðferðir til þess að draga úr sorpi.

- íb

### LEIÐRÉTTING

Í skýringartöflu í fimmtudagsblaði Fréttablaðsins um hlutfall sjúklinga með legháls- eða brjóstakrabbamein sem deyja 30 dögum frá innlögn vantaði: „Fimm ára lífun, %“. Beðist er velvirðingar á þessu.

Garðbúar verða við ósk Reykjanesbæjar um sameiginlegan fund:

## Vilja ræða mögulega sameiningu

**STJÓRNSÝSLA** Bæjarstjórn sveitarfélagsins Garðs samþykkti á síðasta fundi sínum að verða við ósk frá fulltrúum Reykjanesbæjar um að funda um mögulega sameiningu sveitarfélaganna Garðs, Sandgerðis og Reykjanesbæjar.

Reykjanesbær sendi hinum sveitarfélögum beiðni þess efnis í síðasta mánuði, með þeim rökum að spara mætti í rekstrarkostnaði og efla faglegt starf í ýmsum málaflokkum.

Fimm bæjarfulltrúar samþykktu tillöguna en tveir fulltrúar úr meirihluta sátu hjá.

Að sögn Ólafs Þór Ólafssonar, forseta bæjarstjórnar í Sandgerði, var málið tekið fyrir í bæjarstjórn á fimmtudag, en vísað til bæjarráðs sem mun taka efnislega afstöðu til málsins á fundi í næstu viku.

- þj



**GARÐUR** Bæjarstjórnin í Garði hefur samþykkt að ræða við Reykjanesbæ um mögulega sameiningu sveitarfélaga.

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

Rekstur Reykhólahrepps:

## Viðsnúningur í sveitarsjóði

**SVEITARSTJÓRNIR** Rekstrarniðurstaða Reykhólahrepps var jákvæð um liðlega átta milljónir króna í fyrra. Árið 2010 var rekstrarniðurstaðan neikvæð um liðlega níu milljónir.

Sveitarfélagið rekur meðal annars dvalarheimilið Barmahlíð. Uppgjör rekstrar þess árið 2011 var jákvætt um 1,4 milljónir króna. Það var rekstur hafnar-sjóds líka, um 1,9 milljónir króna. Rekstur félagslegra íbúða árið 2011 var hins vegar neikvæður um 4,7 milljónir króna.

- bþh

# Einstök aðgerð bjargaði lífi

Ár er nú liðið frá því að framkvæmd var einstök aðgerð á Erítreubúanum Andemariam Beyene sem búsettur er á Íslandi. Í aðgerðinni var græddur gervibarki klæddur stofnfrumum í háls Andemariam en aldrei áður hafði gervilífveri klætt stofnfrumum verið grætt í mann. Heilsa Andemariams er sífellt að batna.

**FÓLK** Andemariam Teklesenbet Beyene er 36 ára Erítreubúi sem hefur síðustu ár stundað nám í jarðeðlisfræði við Háskóla Íslands. Fyrir tveimur og hálfu ári greindist Andemariam með krabbamein í barka og virtist um tíma sem veikindin gætu dregið til hann dauða.

Komst hann þá í kynni við Tómas Guðbjartsson, prófessor í skurðlækningum við Háskóla Íslands og yfirlækni á Landspítalanum, sem tók síðar þátt í skurðaðgerð sem bjargaði lífi Andemariams. Í aðgerðinni var græddur í hann plastbarki sem þakinn var stofnfrumum en slík aðgerð hafði aldrei áður verið framkvæmd. Um þessar mundir er ár liðið frá aðgerðinni og er heilsa Andemariams sífellt að batna.

„Mér líður miklu betur en áður. Ég get núna unnið af fullum krafti og varið tíma með fjölskyldu minni eins og venjulegur maður. Ég þarf þó enn að fara reglulega á spítala vegna lítilla sýkinga eða annarra vandamála en þau er hægt að leysa með speglun og án þess að ég þurfi að fara í skurðaðgerð,“ segir Andemariam og bætir við að hann sé bjartsýnn á framtíðina.

„Andemariam fór að finna fyrir öndunarerfiðleikum 2009 en það uppgötvaðist ekki strax að hann væri með æxli og hvað þá að æxlið væri krabbamein. Þegar það kom í ljós þurfti að framkvæma neyðarskurðaðgerð á honum og í kjölfarið fór hann í geislameðferð. Þetta virtist vera að bera árangur en svo fór æxlið að stækka aftur,“ segir Tómas og heldur áfram: „Ég ráðfærði mig í kjölfarið við erlenda sérfræðinga í æxlum sem þessum og fékk víðast hvar þau svör að fátt væri hægt að geri fyrir Andemariam annað en að veita honum líknamæðferð.“



**TÓMAS OG ANDEMARIAM** Andemariam starfar nú fyrir ÍSOR eftir að hafa numið jarðeðlisfræði við Háskóla Íslands. Áður hafði hann stundað nám við jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna í Reykjavík.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tómas segist ekki hafa verið fyllilega sáttur við þau svör enda hefði komið í ljós að Andemariam væri mjög harður af sér. „Þá mundi ég eftir fyrirlestri sem ég hafði séð Dr. Paolo Macchiarini, á Karólínska sjúkrahúsinu í Svíþjóð, flytja um barkaígræðslu sem hann hafði framkvæmt þar sem notast hafði verið við barka úr látnum einstaklingi sem hann hafði þakið stofnfrumum úr líffæraþeganum,“ segir Tómas og bætir við: „Slík aðgerð kom ekki til greina í þessu tilfelli vegna langrar biðar eftir líffæri en Macchiarini hafði einnig gert tilraunir með gervilífveri þakin stofnfrumum sem hann hafði grætt í dýr. Slík aðgerð hafði hins vegar ekki verið framkvæmd á manni. En við létum sem sagt

Ég ráðfærði mig í kjölfarið við erlenda sérfræðinga [...] og fékk víðast hvar þau svör að fátt væri hægt að gera fyrir Andemariam ...

**DR. TÓMAS GUÐBJARTSSON**  
LÆKNIR

að lokum slag standa og aðgerðin heppnaðist.“

Aðgerðin var gríðarlega flókin og tók um 20 klukkustundir. Þá tók hún mjög á Andemariam sem þurfti í kjölfarið að dvelja á gjörgæslu í tvær vikur. Hefur hann hins vegar sýnt mikinn bata síðan. Þá hefur aðgerðin vakið mikla athygli á alþjóðavettvangi enda hin fyrsta þar sem gervilífveri þakið

stofnfrumum hefur verið grætt í mann. Tómas segir að aðgerðin hafi orðið aflvaki mikilla rannsókná þessum möguleika víða um heim og segir marga binda vonir við að aðgerðir sem þessar geti orðið algengar í framtíðinni. Gæti það haft mikil áhrif á læknavísindin þar sem skortur á tiltækum líffærum kostar ótal mannlíf á hverju ári.

Aðgerðin á Andemariam og þeir möguleikar sem felast í notkun stofnfruma í skurðaðgerðum verður meðal þess sem fjallað verður um á málþingi í hátíðarsal Háskóla Íslands í dag. Hefst málþingið klukkan 10 og stendur til 12.30 en Tómas og Guðmundur Þorgeirsson, prófessor, verða fundarstjórar.

magnusl@frettabladid.is




# FRÍTT STÆÐI FYRIR SPARK

**ER EKKI KOMIÐ AÐ ÞÉR AÐ TAKA FRÍ - SPARK Í REYKJAVÍK?**  
Tryggðu þér Spark á frábæru verði: **Spark L kr. 1.859.000**

Bilabúð Benna • Tangarhöfða 8 • 590 2000  
Njarðarbraut 9 • Reykjanesbæ • 420 3330  
Bílaríki • Clerfárögðu 36 • Akureyri • 461 3636  
www.benni.is • benni@benni.is



### VEÐURSPÁ



**Snjólaug Ólafsdóttir**  
veðurfréttamaður

**MILT V-TIL** en svalara A-lands. Víða nokkuð bjart í dag einkum N- og V-til en dálítill væta A-til. Dregur heldur fyrir SV-lands á morgun og stöku skúrir þar en annars bjartara yfir. Hiti svipaður næstu daga að 15 stigum V-til en 4-9 stig A-til yfir daginn.

**Á MORGUN**  
Hægur vindur víða en hvassara NV-til

**MÁNUDAGUR**  
Hæg N-læg eða breytileg átt

**HEIMURINN**

Alicante	27°
Basel	25°
Berlín	21°
Billund	15°
Frankfurt	20°
Friedrichshafen	20°
Gautaborg	16°
Kaupmannahöfn	16°
Las Palmas	24°
London	18°
Mallorca	27°
New York	28°
Orlando	31°
Ósló	18°
París	19°
San Francisco	21°
Stokkholmur	16°

Vindhraði er í m/s.  
Hitastig eru í °C.  
Gildistími korta er um hádegi.



# Við bjóðum vaxtagreiðslupak yfir höfuðið

Vaxtabreytingar geta valdið sveiflum í greiðslubyrði óverðtryggðra húsnæðislána. Vaxtagreiðslupak Íslandsbanka veitir skjól ef vextir hækka. Þá jafnast greiðslubyrðin en það sem fer upp fyrir þakið bætist við höfuðstól og dreifist á lánstímann.



Íslandsbanki hvetur alla til að kynna sér nánar skilmála vaxtagreiðslupaksins og þær tegundir lána sem í boði eru og taka ákvörðun að vandlega athuguðu máli.

#### Kostir vaxtagreiðslupaks

- Léttir greiðslubyrði ef vextir hækka
- Dregur úr óvissu og veitir öryggi
- Lánstími lengist ekki
- Óverðtryggð lán geta hraðað eignamyndun

#### Ókostir vaxtagreiðslupaks

- Hluta vaxtagreiðslunnar er frestað
- Höfuðstóll hækkar ef vextir lánsins eru umfram vaxtagreiðslupakið
- Hærri höfuðstóll hækkar heildarvaxtakostnað lánsins

Allar upplýsingar er að finna á [www.islandsbanki.is](http://www.islandsbanki.is)

Við bjóðum  
góða þjónustu



## KJÖRKASSINN



Finnst þér viðhaldi á vegum á Íslandi ábótavant?

JÁ 91,1%  
NEI 8,9%

## SPURNING DAGSINS Í DAG:

Telur þú mikil tækifæri felast í vinnslu olú á Drekasvæðinu?

Segðu þína skoðun á vísir

VÍSIR

Forsætisráðherra Japans:

## Vill endurræsa tvo kjarnaofna

**JAPAN, AP** Yoshihiko Noda, forsætisráðherra Japans, segir nauðsynlegt að endurræsa tvo af 50 kjarnorku- ofnum landsins til þess að efna- hagur landsins og landsmanna fari ekki á hlið- ina.



YOSHIHIKO NODA

„Japanskt þjóðfélag getur ekki lifað af ef við stöðvum alla kjarnaofna eða höfum þá áfram í biðstöðu,“ segir Noda.

Eftir náttúruhamfarirnar í mars á síðasta ári, þegar kjarnorkuverið í Fukushima varð fyrir miklum skemmdum, lokuðu Japanir öllum kjarna- ofnum landsins og hafa síðan farið sérstaklega yfir öryggis- mál í þeim öllum.

Ráðist á blaðamann:

## Flúði nakinn frá Kristjáníu

**DANMÖRK** Blaðamaður varð fyrir líkamsárás í Kristjáníu í Kaupmannahöfn í fyrradag. Blaðamaðurinn var að taka ljósmyndir en slíkt er illa séð af sölumönnum í fríríkinu. Maðurinn var barinn, afklæddur og myndavélin tekin af honum. Hann náði að forða sér alls- nakinn.

Áður hefur verið greint frá því að Kaupmannahafnarlögreglan hefur gefist upp á löggæslu í Krist- janíu. Aðgerðir þar þykja svo mannfrekar að lögreglan hefur ekki ráðist í neina slíka síðan í ágúst á síðasta ári.

Astandið í hassölu er talið af svipaðri stærðargráðu og árið 2004, en þá skar lögreglan upp herör gegn hassölu á staðnum.

- ktg

# Guðgeir Guðmundsson sagðist taka alla ábyrgð á hnífaárásinni á Lagastoðum í Héraðsdómi Reykjavíkur: Saksóknari vill Guðgeir í 16 ára fangelsi

**DÓMSMÁL** Farið er fram á 16 ára fangelsis- dóm yfir Guðgeiri Guðmundssyni, sem særði framkvæmdastjóra Lagastoða lífs- hættulega í mars síðastliðnum.

Sigríður J. Friðjónsdóttir ríkissaksóknari sagði í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær að ótrúlegt væri að fórnarlambið, Skúli E. Sigurz, hefði lifað árásinna af. Guðgeir er ákærður fyrir tilraun til manndráps.

Sakborningurinn gaf skýrslu fyrir dómi í gær þar sem hann tók fulla ábyrgð á árásinni og játaði á sig verknaðinn. Hann sagðist hafa verið mjög þunglyndur og vart sofið í tvær vikur í aðdraganda atviksins.

Fram kemur frá fréttavef Vísis að þegar Guðgeir var spurður um eftirsjá varðandi

atvikið sagðist hann sjá eftir að hafa keypt mótörhjól sem kom honum upprunalega í skuldavandræði. Einnig að hafa skrifað undir lánið og hitt Skúla. Þá sagðist hann sjá eftir því að hafa ekki eytt meiri tíma í tölvuleiknum World of Warcraft.

Skúli bar einnig vitni fyrir Héraðsdómi í gær. Hann sagðist strax hafa séð að ekki væri allt með felldu hjá Guðgeiri þegar hann kom á stofuna til hans.

Skúli er með skerta hreyfigetu í hendi eftir árásina og gat fyrst byrjað að ganga fyrir um mánuði, tveimur mánuðum eftir árásina. Spurður út í andlegar afleiðingar eftir árásina svaraði hann: „Ég er ekki með martraðir, en ég hugsa mikið um þetta.“ - sv



**DREGINN FYRIR DÓM** Guðgeir sagðist sjá eftir því að hafa ekki eytt meiri tíma í að spila tölvuleikinn World of Warcraft.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# SpKef mun kosta ríkið á þriðja tug milljarða

SpKef mun kosta ríkissjóð 19,2 milljarða króna. Til viðbótar mun ríkið þurfa að greiða hátt í tug milljarða í vexti vegna skuldabréfs sem það gefur út. Fjármála- ráðherra segist hafa gert ráð fyrir því að ríkið myndi greiða um 20 milljarða.

**EFNAHAGSMÁL** Íslenska ríkið þarf að greiða Landsbankanum 19,2 milljarða króna vegna yfirtöku bankans á eignum og skuldum SpKef sparis- sjóðs. Til viðbótar þarf ríkið að greiða hátt í tug milljarða króna vegna vaxta þar sem uppgjörið verður ekki klárað fyrr en í október 2018. Vextirnir, sem standa nú í 4,5 prósentum, eru breytilegir og því erfitt að áætla lokakostnað vegna þeirra. Vert er að taka fram að ríkið er langstærsti eigandi Landsbankans með 81,3 prósent eignarhlut.

SpKef var stofnaður í apríl 2010 á grunni Sparisjóðsins í Keflavík og inn í hann voru sett innlán og eignir gamla sjóðsins. Fljótlega kom í ljós að gæði eigna SpKef voru ekki nægjanleg og að virði þeirra myndi ekki geta staðið undir þeim inn- lánum og skuldum sem færð voru yfir. Í mars 2011 var því ákveðið, á grundvelli greiningar Bankasýslu ríkisins, að Landsbankinn tæki yfir eignir og skuldir SpKef.

Í uppgjorsreikningi sem endur- skoðandi SpKef skilaði í ágúst í fyrra kom fram að íslenska ríkið ætti að greiða 13,1 milljarð króna með SpKef við yfir- tökuna. Landsbankinn fram- kvæmdi þá sitt eigið mat á

**RÁÐHERRA** Oddný Harðar- dóttir segir það vonbrigði hversu mikið ríkið þurfi að borga með SpKef. Ráðuneyti hennar hafi þó gert ráð fyrir því að niðurstaðan yrði svipuð þeirri sem nefndin komst að.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Landsbankinn gæti þurft að gjaldfæra

Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans, segir bankann verða að skoða áhrif niðurstöðunnar á bókfært virði eigna hans. „Við færðum ákveðna fjárhæð, 29-30 milljarða, á biðreikning vegna þess sem var áætluð áhætta okkar. Svo höfum við ekki hreyft málið síðan. Nú liggur niðurstaðan fyrir og það sem við munum gera er að við munum fara ítarlega yfir eignasafnið okkar.“ Spurður hvort bankinn geti þurft að bera kostnaðinn vegna þess munar sem var á mati hans á eignum SpKef og niðurstöðu nefndarinnar, en þar munar 11,4 milljörðum króna, segir Steinþór það ekki endilega þurfa að vera. Aðrir liðir á eignarhlíð bankans gætu hækkað samhliða. „Það getur síðan vel verið að við munum komast að þeirri niðurstöðu að við séum ekki sammála nefndinni. Þá gæti það kallað á gjaldfærslu í rekstrarreikningi eða einhvers konar eiginfjár- leiðréttingu.“ Hann segir að niðurstaða yfirferðar bankans muni liggja fyrir áður en hann birtir hálfársuppgjör í ágúst.

virði eignanna, sem að langstærstu leyti eru útlán, og komst að þeirri niðurstöðu að ríkið þyrfti að greiða 30,6 milljarða króna með þeim.

Vegna þessa ágreinings var ákveðið að fela sérstakri úrskurðar- nefnd að skera úr um hversu mikið íslenska ríkið ætti að borga með SpKef og var Ragnar H. Hall hæstar- réttarlögmaður fenginn til að veita nefndinni formennsku. Hún skilaði loks niðurstöðu

sinni í gær og kvað upp þann úrskurð að íslenska ríkið ætti að greiða Landsbankanum 19,2 milljarða króna vegna yfirtöku hans á SpKef. Það er sex milljörð- um króna meira en gert var ráð fyrir í upp- gjörsreikningi endurskoðanda SpKef.

Oddný Harðardóttir fjármálaráð- herra segist fagna því að óvissu um málið sé eytt, þó það sé vonbrigði hversu mikið ríkið þurfi að borga en með því sé verið að standa við yfir- lýsingar stjórnvalda um að tryggja innstæður landsmanna. Ekki hafi verið rætt um að fella þá yfirlýs- ingu úr gildi. „Auðvitað er æskilegt að tryggjarnar hjá bönkunum séu með öðrum hætti, að það sé ekki ríkistrygging heldur trygging í gegnum innstæðutryggingasjóð. En þessi yfirlýsing hefur ekki verið tekin til baka.“

Að sögn Oddnýjar hafði ráðu- neytið gert ráð fyrir að ríkið þyrfti að greiða um 20 milljarða króna með SpKef, en niðurstaðan hafi ekki mikið áhrif á áætlanir í ríkisfjármálum fyrir árið 2012. „Þetta verður skráð í ríkisreikning fyrir árið 2011 en vextirnir munu þó koma inn í A-hluta reikningsins. Við reiknum með því að þeir séu um milljarður króna á ári.“

thorur@frettabladid.is



**HÚSAVÍK** Æfingin hverfist um slysi á hvalaskoðunarskipi.

NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

## Slysi við hvalaskoðun sviðsett: Æfa viðbrögð við slysi á sjó

**ÖRYGGISMÁL** Almanna- varnanefnd Þingeyinga og embætti Lögreglu- stjórns á Húsavík standa í dag, laugardag, fyrir sjóslys- aefingu á Skjálfanda og á Húsavík. Um samstarf við almanna- varna- deild ríkislögreglustjóra og Landhelgisgæsluna er að ræða.

Æfð verða viðbrögð við brunu um borð í hvalaskoðunarskipi og markmið æfingarinnar eru einkum að prófa nýja viðbragðs- áætlun.

Fjarskiptamál verða könnuð sérstaklega ásamt flæði þolenda frá slysstað á sjúkrahús. Eins hvort viðbragðsaðilar í umdæmi lögreglunnar á Húsavík hafi nægar bjargar til að takast á við hópslysi á sjó.

- shá

## SLYSAVARNIR

### Samningur tryggir aðstoð

Slysavarnafélagið Landsbjörg, Rarik, Landsnet og Landsvirkjun hafa gert með sér þriggja ára samning með það að markmiði að tryggja aðstoð Lands- bjargar við fyrirtækin í vaxandi og við önnur tilvik eða atburði þar sem aðstoðar kynni að vera óskað. Þá á Björgunar- skóli Landsbjargar að veita starfs- mönnum fyrirtækjanna aðgang að fræðslu samkvæmt námskrá skólans auk þess að halda sérnámskeið.



# SPENNUGOLF 2012

Spennugolf 2012 verður á Haukadalsvelli Geysi föstudaginn 15. júní nk.

Athugið að hámarksfjöldi er 48 þátttakendur. Verð er kr. 5.000.-

Rúta fer frá RSÍ á Stórhöfða stundvíslega kl. 12:15

Skráning hófst 1. júní og lýkur 13. júní kl. 16.

Þátttakendur vinsamlega skráið nafn, kennitölu, GSM, grunnförgjöf og hvort komið verði með rútunni. Sendið á: stefan@rafis.is eða í síma 580-5253



RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS





HYUNDAI | NEW THINKING.  
NEW POSSIBILITIES.



ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

Hyundai Santa Fe METAN

# LÆGRA VERÐ

## LÆGRI REKSTRARKOSTNAÐUR - 5 ÁRA ÁBYRGÐ

### LÆGRA VERÐ

Bílar með metanbúnaði greiða lægri aðflutningsgjöld og því getum við nú boðið takmarkað magn af Santa Fe með sérhönnuðum metanbúnaði á einstöku tilboðsverði.

### LÆGRI REKSTRARKOSTNAÐUR

Þeir sem keyra 20.000km geta sparað allt að 160.000 krónur í eldsneytiskostnað með því að aka ríflega helminginn á metani auk þess sem þeir greiða lægri bifreiðagjöld.

### 5 ÁRA ÁBYRGÐ

Santa fe metan er eini metan bíllinn á markaðnum sem boðinn er með 5 ára ábyrgð.



Hyundai er  
aðalstyrktaraðili  
EM í fótbolta



Verð 5.990 þús. kr.




Verið velkomin í kaffi og reynsluakstur

Á laugardögum er skemmtilegt að kíkja í heimsókn, skoða bíla og fá að reynsluaka þeim nýjustu í salnum. Verið velkomin til okkar og við tökum vel á móti ykkur með kaffi og meðlæti.







1. Hvað heitir forseti Sírylands?
2. Eftir hvern er bókin Órlaga-borgin, sem er nýútkomin?
3. Með hvaða liði spilar Rúnar Kárasón á næstu leiktíð?

SVÖR

1. Bashar Assad 2. Einar Már Jónsson 3. Grosswaldstadt

## Lánalínur að opnast hjá OR: OR seinkar aftur gjalddögum

**VIÐSKIPTI** Orkuveita Reykjavíkur (OR) hefur samið við þýsk-írsku bankann Depfa um breytingar á afborgunum 4,9 milljarða króna láns sem var á gjalddaga á árinu 2016. Samkvæmt samkomulaginu verður meginhluti afborgana á árunum 2023 til 2025 í staðinn.

Stórir gjalddagar upp á samtals hátt í 100 milljarða króna bíða OR á næstu fimm árum en fyrirtækið hefur undanfarið reynt að lengja í lánunum samhliða hagræðingu. Nýverið var tilkynnt að samið hefði verið við belgíska bankann Dexia um að fresta gjalddögum frá næsta ári til ársloka 2015.

Að sögn Bjarna Bjarnasonar, forstjóra OR, eru samningarnir við Depfa og Dexia til merkis um að traust á fyrirtækinu hefur aukist á fjármálamörkuðum á síðustu vikum og mánuðum. - mþl

Skortur á starfsmönnum með þekkingu á bæði upplýsingatækni og viðskiptafræði:

# Advania hyggst þjálfar upp nýja sérfræðinga

**VIÐSKIPTI** Upplýsingatækniyrirtækið Advania hefur ákveðið að bregðast við skorti á fólki með þekkingu á bæði upplýsingatækni og viðskiptafræði með því að ráða til sín 10 til 20 reynsluminni einstaklinga sem verða fyrsta starfsár sitt þjálfaðir í að vinna ráðgjafastörf fyrir fyrirtækið.

„Þetta kemur þannig til að fólk með menntun og þekkingu á bæði upplýsingatækni og viðskiptafræði er einfaldlega ekki á lausu hér heima. Bestu ráðgjafarnir okkar eru því þeir ráðgjafar sem við höfum þjálfað hér innanhúss

og hafa þá bakgrunn úr annarri áttinni,“ segir Stefán Hrafn Hagalín, forstöðumaður samskiptasviðs Advania.

Stefán segir nokkuð þessu líkt ekki hafa verið gert í íslenska upplýsingatæknigeiranum áður. „Neyðin kennir nöktum nörd að spinna og við ákváðum að leysa þetta vandamál svona. Þá kemur þetta líka til vegna þess að erlendum verkefnum okkar hefur fjölgað mikið og nú er svo komið að við getum hæglega bætt við okkur 20 einstaklingum,“ segir Stefán.

Advania hóf að auglýsa störfin



Neyðin kennir nöktum nörd að spinna.

STEFÁN HRAFN HAGALÍN FORSTÖÐUMAÐUR SAMSKIPTASVIÐS ADVANIA

í síðustu viku en 10 til 20 einstaklingar verða ráðnir. Að sögn Stefáns hafa á þriðja hundruð umsóknir þegar borist.

Aðspurður hvort Advania óttist að starfsmennirnir færi sig annað þegar þjálfuninni er lokið svarar Ægir Már Þórisson, mannaúdstjóri: „Ekki meira í þessu tilfelli en með aðra starfsmenn. Það er hins vegar okkar áskorun á hverjum degi að halda í það góða fólk sem vinnur hér. Þess vegna reynum við að tryggja að aðbúnaður og aðstaða sé fyrsta flokks.“

- mþl

Reykjavíkurborg kaupir gamla Alliance-húsið:

## Borgar 340 milljónir og hyggst gera upp

**REYKJAVÍK** Reykjavíkurborg ætlar að kaupa Alliance-húsið á Grandagarði ásamt meðfylgjandi lóðaréttindum. Kaupverð er 340 milljónir króna fyrir lóðina alla, sem er 3.569 fermetrar. Borgarráð samþykkti þetta á fundi sínum á fimmtudag.

Áætlað er að leigja fyrstu hæð hússins Sögusafninu Perlunni næstu 25 árin og gekk Reykjavíkurborg inn í kaupsamning sem Sögusafnið hafði gert við eiganda hússins, Inn Fjárfestingu, að því er fram kemur í tilkynningu.


Alliance-húsið er friðað að ytra byrði og hyggst borgin gera það upp að utan. Ákveðið hefur verið að það verði nýtt fyrir menningar- tengda starfsemi. - sv



VERÐUR GERT UPP Sögufélagið Perlun mun leigja fyrstu hæð hússins af Reykjavíkurborg. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Húsið var reist á árunum 1924 til 1925 til að hýsa umfangsmikla starfsemi útgerðarfyrirtækisins Alliance sem var stofnað af Thor Jensen og fleirum. Reykjavíkurborg vinnur nú að rammaskipulagi fyrir hafnarsvæðið.

## Árásir ómannaðra flugfara í Pakistan



# Dregur í efa lögmætið

Árásir Bandaríkjamanna með ómönnum flugföllum hafa kostað hundruð almennra borgara lífið í Pakistan síðustu átta ár. Mannréttindafulltrúi Sameinuðu þjóðanna segir óljóst um lögmæti þeirra.

**PAKISTAN** „Árásir ómannaðra flugfara vekja spurningar um hvort slíkt samræmist alþjóðalögum,“ segir Navi Pillay, mannréttindafulltrúi Sameinuðu þjóðanna.

Hún hefur verið í Pakistan undanfarið til að afla sér gagna, og ráðleggur Pakistönnum meðal annars að fá sérlegan ráðgjafa Sameinuðu þjóðanna um skyndi- og gerræðisáftökur til að rannsaka sumar árásirnar.

Á síðustu árum hafa Bandaríkjamenn í æ ríkari mæli beitt ómönnum flugföllum til þess að gera árásir á „hernaðarleg skotmörk“ í Pakistan, en slík skotmörk eru yfirleitt hús eða staðir þar sem lykilmenn í liði uppreisnarmanna eða hryðjuverkasamtaka eru taldir vera staddir.

Pakistönsk stjórnvöld hafa harðlega gagnrýnt þessar árásir, bæði vegna þess að með þeim sé brotið gegn fullveldisrétti landsins og einnig vegna þess að margir almennir borgarar láti lífið í þessum árásum.

Samkvæmt athugunum samtaka breskra rannsóknarblaðamanna, The Bureau of Investigative Journalism, hafa árásir ómannaðra flugfara í Pakistan síðustu átta árin samtals kostað 2.464 manns lífið, en af þeim voru 484 almennir borgarar, saklausir af tengslum við uppreisnar- eða hryðjuverkamenn.

Tölur þessar eru samt nokkuð áreiki og hlutfall almennra borgara er ekki tekið með í töflunni hér til

Ég lít svo á að undir öllum kringumstæðum sé það mannréttindabrot þegar almennir borgarar eru drepnir.

NAVI PILLAY MANNRÉTTINDAFULLTRÚI S.P.

hliðar, sem byggð er á samantekt bandarísku rannsóknarstofnunarinnar New America Foundation, en sú stofnun áætlað að mannfali almennra borgara hafi verið á bilinu 293 til 471.

Pillay sagði engan vafa leika á að árásir með ómönnum flugföllum, eða flygildum, hljóti að teljast mannréttindabrot: „Ég lít svo á að undir öllum kringumstæðum sé það mannréttindabrot þegar almennir borgarar eru drepnir og særðir án manngreinarálits.“

Hún lýsti einnig áhyggjum af því að slíkar árásir séu hvorki háðar borgaralegu né hernaðarlegu eftirliti. Til dæmis sé erfitt að sjá hver beri ábyrgðina á því, hvort árásirnar séu í samræmi við alþjóðalög, þegar framkvæmd þeirra er ekki undir stjórn yfirmanna hersins.

Það er bandaríska leyniþjónustan CIA, en ekki Bandaríkjaher, sem sér um framkvæmd árásum með ómönnum flugföllum og það eitt flækir verulega alla umræðu um lögmæti þeirra samkvæmt alþjóðlegum samningum um framferði í stríðsrekstri. gudsteinn@frettabladid.is

## Fleiri falla fyrir eigin hendi en óvina

Sjálfsvígstíðni meðal bandarískra hermanna hefur aukist mjög á þessu ári. Nú er svo komið að fleiri hermenn falla fyrir eigin hendi en í átökum eða árásum óvina. Að meðaltali hefur nærri einn bandarískur hermaður svipt sig lífi á dag það sem af er árinu. Frá sama tíma á síðasta ári hefur sjálfsvígstíðni bandaríska hernum fjölgað um 18 prósent.



## Stofnfrumur á mannamáli

Opið málþing fyrir almenning um stofnfrumur og notkun þeirra í læknavísindum – Hátíðasal Háskóla Íslands, í dag, 9. júní kl. 13.30–15.

Fundarstjórar: Tómas Guðbjartsson og Magnús Karl Magnússon

- 13.30–13.45** Hvað eru stofnfrumur? Þórarinn Guðjónsson, dósent við Læknadeild HÍ.
- 13.45–14.10** Notkun stofnfruma í lækningum og rannsóknir hérlendis. Magnús Karl Magnússon, prófessor við Læknadeild HÍ.
- 14.10–14.30** Fyrsta ígræðsla á gervibarka með stofnfrumum. Tómas Guðbjartsson, prófessor við Læknadeild HÍ.
- 14.30–15.00** Pallborðsumræður með þátttöku frummælenda og Andemariam T. Beyene, barkaþega og jarðfræðings.



Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.







# Ljósnetið er komið

## í Borgarnes



**Ljósnetið** – kraftmeiri tenging fyrir íslensk heimili

Ljósnetið er komið í Borgarnes og þar með geta rúmlega 50.000 heimili tengst Ljósneti Símans.

Með Ljósnetinu færðu háhraðanettengingu með mikla flutningsgetu. Þú getur tengt allt að fimm háskerpumyndykla fyrir Sjónvarp Símans og verið með leikjatölvur og önnur nettengd tæki fjölskyldunnar í öruggu sambandi á sama tíma.

**Við bjóðum Borgnesinga velkomna í verslun Omnis, Borgarnesi í dag, laugardag, milli kl. 11 og 15.**

Komdu og hittu ráðgjafa Símans og fáðu upplýsingar um Ljósnetið. Þeir sem eru í netþjónustu Símans fá Ljósnetið tengt samdægurs.

50  
Mb/s\*

Háhraðanet

VOD

TV / VOD

V

Netvarinn

5

5 myndlyklar

Á siminn.is sérðu hvort þú getur tengst strax í dag!



**HAFRANNSÓKNASTOFNUN: Ástand fiskistofna, aflahorfur og veiðiráðgjöf**

# Ískyggilegt ástand á ýsustofninum

**Þorskveiði á næsta fiskveiðiári verður aukin um 19 þúsund tonn verði ráðgjöf fylgt. Innan seilingar er 250 þúsund tonna þorskvóti verði haldið rétt á spilunum. Vondu fréttirnar eru hins vegar þær að ástand ýsustofnsins er ískyggilegt og veiðibann er ekki fjarlægur möguleiki.**

Hafrannsóknastofnun kynnti í gær niðurstöður sínar um ástand fiskistofna, aflahorfur og veiðiráðgjöf fyrir næsta fiskveiðiár. Fyrst af öllu boðaði forstjórinn, Jóhann Sigurjónsson, þau ánægjulegu tíðindi að samkvæmt gildandi aflareglu væri svigrúm til að auka aflheimildir í þorski um 19 þúsund tonn; úr 177 þúsund tonnum í 196 þúsund tonn.

## Verulegur árangur niðurskurðar

„Verulegur árangur hefur náðst með niðurskurðaraðgerðum í veiði á þorski. Það voru viðbrögð við válegu ástandi þorsstofnsins fyrir nokkrum árum. Hrygningarstofninn hefur verið allt of lítill til skamms tíma en með þessum aðgerðum erum við að ná hrygningarstofninum allverulega upp. Hann hefur ekki verið stærri um langt árabil.“

Jóhann lýsti því að tekist hefur að ná upp þremur meðalsterkum árgöngum sem bera munu uppi veiðina á komandi árum. Í sögu-



**GOTT ÚTLIT Í ÞORSKI** Auknar aflheimildir í þorski gætu skilað á níunda milljarð króna í útlutningsverðmætum en ýsan dregur þá tölu niður um eina tvo milljarða.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

legu samhengi höfum við haft um 176 milljón þriggja ára nýliða í stofninum en áætlanir gera ráð fyrir að á árunum 2001 til 2007 hafi þriggja ára nýliðar aðeins verið 120 milljónir nýliða.

„En nú sjáum við þessa meðalsterku árganga sem eru grunnurinn að því að auka veiðina á komandi árum. Nú erum við líka komin með mun hærra hlutfall af átta ára og eldri fiski sem eykur marktækt líkurnar á því að við fáum sterka árganga á komandi árum,“ sagði Jóhann sem hafði við þetta að bæta að fiskurinn hefði greinilega meira æti. Hann er betur haldinn og ekki skal draga úr mikilvægi þess að loðnustofninn hefur braggast að miklum mun.

„Það er ekki ólíklegt að veiðin verði komin í 250 þúsund tonn árið 2016. Þessi árangur er innan seilingar en það byggir á stöðugu aðhaldi og aga,“ sagði Jóhann.

## Ýsan á fallandi fæti

Hafrannsóknastofnun leggur til að aflheimildir í ýsu verði lækkaðar úr 45 þúsund tonnum í 32 þúsund tonn á næsta fiskveiðiári. Rétt er að minna á að ýsveiði árin 2003 til 2008 var 96 þúsund til 110 þúsund tonn. Sú veiði byggði á risaárangi ársins 2003 og þeirri staðreynd að stofnstærð ýsu var í sögulegu hámarki á árunum 2004 til 2008. Hins vegar hafa árgangar síðustu fimm ára verið mjög litlir og á þeim mun veiði næstu ára

byggja. Þetta er einfalt; ýsustofninn mun minnka verulega á næstu árum þegar árgangar 2008 til 2011 koma inn í veiðistofninn.

„Það var gengið of skart fram í veiði á þessum sterku stofnum að okkar mati. Þegar stórir árgangar koma er skynsamlegt að dreifa veiðinni yfir lengra tímabil. Við erum að horfa á þá staðreynd að stofninn getur hreinlega farið niður fyrir hættumörk. Það getur leitt til þess að okkar ráðgjöf kalli á lokun veiða. Þetta er svo lélegur efniviður sem við höfum núna að þá má alveg segja að það séu blíkur á lofti,“ sagði Jóhann.

Björn Ævar Steinarsson, sviðsstjóri veiðiráðgjafarsviðs, sagði enn fremur að veiði á ýsu, þegar ástandið var gott, skýri ekki hversu illa stofninn er staddur í dag. Þeirra skýringa verður að leita í náttúrunni.

## Í öðrum fréttum

Hafrannsóknastofnun leggur til að hámarksafli ufsa á næsta fiskveiðiári verði 49 þúsund tonn, sem er aukning um fjögur þúsund tonn frá fyrra ári. Aflamark á yfirstandandi fiskveiðiári er hins vegar sjö þúsund tonnum hærra en ráðgjöf Hafró sagði til um.

Á vertíðinni 2011/2012 varð afli úr stofni íslensku sumargotsíldarinnar rúm 49 þúsund tonn. Fjórða árið í röð herjaði sýking á stofninn og er talið að um 14% veiðistofnsins hafi drepist af völdum hennar vorið 2012.

Sterkar vísbendingar eru um að sýkingarfaraldurinn sé í rénun og

horfur með stærð veiðistofnsins bjartari en undanfarin ár með tilkomu sterkra, lítið sýktra árganga. Hrygningarstofninn árið 2012 er metinn 377 þúsund tonn. Lagt er til að aflinn verði miðaður við kjör-sókn og að hámarksafli verði 67 þúsund tonn.

Mælt er með áframhaldandi banni við beinni sókn á lúðu og að reglugerð henni til verndunar verði áfram í gildi.

## Hvalveiðar

Ástand hrefnustofnsins við Ísland er gott og stofnstærðin metin nálægt því sem talið er að hún hafi verið áður en veiðar hófust. Hafrannsóknastofnunin mælir með að árlegar veiðar nemi að hámarki 229 hrefnum á íslenska landgrunnssvæðinu og auk þess 121 hrefnu á svokölluðu Jan Mayen-undirsvæði, sem að hluta til er innan íslenskrar lögsögu.

Niðurstöður talninga á langreyði frá 2007 benda til að heildarstofninn á hafsvæðinu Austur-Grænland/Ísland/Jan Mayen sé um 21 þúsund dýr, sem er svipað og niðurstöður úr talningum frá 1995 og 2001. Mælir Hafrannsóknastofnunin með að árlegar veiðar á hefðbundnum hvalveiðimiðum vestan Íslands nemi að hámarki 154 langreyðum almanaksárin 2013 og 2014.

**Svavar Hávarðsson**  
svavar@frettabladid.is



**60 NÝIR  
SÉRFRÆÐINGAR  
MANNVIT hf.**



2011

2010

**25%  
VELTUAUKNING  
HÉÐINN hf.**

**36.000  
FLEIRI HLUNKAR  
KJÖRÍS ehf.**



Söfnun hafin fyrir kaupum á nýju berkjuómspeglunartæki á Landspítalann:

## Ný tækni í sýnatöku í brjóstholi

**HEILBRIGÐISMÁL** Hafin er söfnun fyrir berkjuómspeglunartæki fyrir Landspítalann. Um er að ræða tæki sem notað er til sýnatöku úr eitlum í brjóstholi.

Tómas Guðbjartsson, hjartta- og lungnaskurðlæknir, segir tækið mikilvægt. „Þetta er tækni sem hefur verið notuð í öllum nágrannalöndunum í nokkur ár og er orðinn hluti af almennri uppfærslu,“ segir Tómas.

Tómas segir að nú þurfi að framkvæma opna skurðaðgerð neðst á hálsi til að taka sýni úr


eitlum sem liggja mitt á milli lungnanna. Slíkt krefst svæfingar og innlagnar.

Með nýja tækinu þarf aðeins að staðdeyfa sjúkling í kokið og hann er útskrifaður samdægurs.

Þar að auki er nýja tækið sagt vera mun nákvæmara, hægt sé að fara dýpra ofan í brjóstholið og taka sýni úr nákvæmlega þeim eitli sem sé stækkaður.

Tómas segist vera vongóður um að söfnunin gangi vel. „Stefnan er sett á að við getum átt svona tæki í haust.“

- ktg



**LUNGNAMYND** Á þessari brjóstholsmýnd má sjá krabbamein í lunga. NORDICPHOTOS/AFP

Mikið magn af flotrusli berst til Bandaríkjanna eftir náttúruhamfarirnar í Japan:

## Níðþunga bryggju rak á land

**BANDARÍKIN, AP** Íbúar í bænum Newport í Oregon á vesturströnd Bandaríkjanna ráku upp stór augu í vikunni þegar risastór flotbryggja úr stáli og steinsteypu var komin upp í fjöru.

Þegar nánar var að gáð reyndust vera merkingar á japönsku á bryggjunni, sem er tuttugu metra löng og 165 tonn að þyngd.

Bryggjuna hafði sem sagt rekið yfir hafið frá Japan, en þaðan barst hún á haf út með flóðbylgjunni miklu í kjölfar jarðskjálftans í mars á síðasta ári.

Flóðbylgjan hrífsaði með sér fjórar flotbryggjur fyrir fimmtán mánuðum. Sú sem nú er á ströndinni í Oregon er ein þeirra, en tvær hafa enn ekki fundist.

Gífurlegt magn af hvers kyns rusli frá Japan hefur verið á reki um Kyrrahafið undanfarna fimm-



**FLOTBRYGGJAN Í OREGON** Fyrir fimmtán mánuðum hrífsaði flóðbylgjan í Japan þessa bryggju með sér á haf út. NORDICPHOTOS/AFP

tán mánuði. Nýverið fannst vélhjól í hvítum gámi á Graham-eyju út af vesturströnd Kanada.

Í apríl síðastliðnum sökkta

bandaríska strandgæslan fimmtíu metra löngum fiskveiðibát út af strönd Alaska, en bátinn hafði rekið frá Japan.

- gb

## Til sölu: HREINGERNINGAR- FYRIRTÆKI

Rótgróið hreingerningafyrirtæki með fasta samninga við fyrirtæki og húsfélög er til sölu.

Ársvelta um 150 mkr. Mjög góð afkoma.

Fastir og góðir viðskiptavinir. Stöðug veltuaukning undanfarin ár.

Hentar vel til sameiningar eða sem sjálfstæður rekstur.

Áhugasamir aðilar vinsamlega hafið samband við Guðna Halldórsson (gudni@kontakt.is) eða Jens Ingólfsson (jens@kontakt.is) með tölvupósti eða í síma 414 1200.

Viðskiptatækifæri á [www.kontakt.is](http://www.kontakt.is)

# KONTAKT

Fyrirtækjaráðgjöf

Suðurlandsbraut 30 • Sími: 414 1200  
[www.kontakt.is](http://www.kontakt.is)

globalM&A Iceland

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP

# MEIRA SKÚBB

VÍSIR  
- oft á dag

## JÁKVÆÐ MERKI ÚR ATVINNULÍFINU

Það eru jákvæð teikn á lofti í íslensku atvinnulífi. Fjöldmörg fyrirtæki eru að ná eftirtektarverðum árangri þrátt fyrir krefjandi aðstæður.

Arion banki fagnar þessum góða árangri.

Kynntu þér málið á [arionbanki.is](http://arionbanki.is)

 Arion banki



Vegakerfið skemmist vegna viðhaldsleysis:

## Viðhaldið veiðir ekki atkvæði

Ástand vega á landinu er verra en verið hefur um árabíl, að mati Umferðarstofu. Bæði í höfuðborginni og úti um land eru holur í slitlagi, vegmerkingar afmáðar, hjólför í slitlaginu og þar fram eftir götum.

Í samtali við Fréttablaðið í fyrradag sagði Einar Magnús Magnússon, upplýsingafulltrúi Umferðarstofu, að ástandið væri nú óvenjulegt vegna fjárskorts. Öryggi vegfarenda væri hins vegar ógnað ef vegunum væri ekki haldið við. „Menn þurfa að velta fyrir sér hvort sparnaðurinn sé raunverulegur þegar horft er á heildarmyndina,“ sagði hann.

### SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen  
olafur@frettabladid.is



Í Fréttablaðinu í gær tók Hreinn Haraldsson vegamálastjóri í sama streng. Viðhald á vegunum væri nú orðið minna en lágmarkskröfur kveða á um; það þýddi að sjálft burðarlag veganna væri farið að skemmast. „Þá fara vegirnir að grotna niður, verða

hættulegir. Við getum ekki búið í mörg ár við fjárveitingarnar eins og þær eru núna.“ Hreinn bendir á að ef þetta gerist, verði margfalt dýrara að byggja vegina upp aftur en það væri að tryggja eðlilegt viðhald.

Sama sinnis er Ólafur Guðmundsson fulltrúi EuroRAP, verkefnis samtaka bifreiðaeigenda í Evrópu um mat á öryggi vega. Hann segir að ástand vega með bundnu slitlagi hafi aldrei verið jafnslæmt og víða uppfylli vegirnir ekki öryggiskröfur. „Bindiefnið er farið sem þýðir það að eftir nokkur ár þurfum við að gera allt upp á nýtt,“ segir Ólafur.

Niðurskurður fjár til viðhalds á vegum og götum helgast af efnahagshruninu og þeim tekjubresti ríkis og sveitarfélaga, sem þá varð. Aðrir þættir hjálpa ekki til, til dæmis snjóþungur vetur og síaukin umferð stórra flutningabíla, sem slíta burðarlagi veganna tugþúsundfalt á við venjulega fólksbíla. Nú verður hins vegar ekki umflúið lengur að auka á ný fjárveitingar til viðhalds vegakerfisins, ef það á ekki hreinlega að eyðileggjast að stórum hluta á næstu árum.

Þetta er ekki bara spurning um kostnað, heldur ekki síður um umferðaröryggi. Einar Magnús bendir réttilega á að ákveðnar kröfur séu gerðar til bíla um öryggi og sömu kröfur verði að gera til veganna.

Stjórnmalamenn tala hins vegar minna um viðhald vega en nýframkvæmdir. Enda eru nýframkvæmdirnar svo miklu kjósendavænni og veiða fleiri atkvæði en viðhald, sem er leiðinlegt og oft ekki mjög sýnilegt. Nýframkvæmdir eru að sjálfsögðu líka nauðsynlegar út frá umferðaröryggissjónarmiðum – og væri betur að þau réðu meiru um forgangsroðun í vegamáluum en kjördæmasjónarmiðin margfrægu. Hins vegar verður að gæta þess að vegirnir sem fyrir eru eyðileggist ekki með tilheyrandi kostnaði.

Stjórnmalamennirnir ættu þess vegna hugsanlega að lofa aðeins færri jarðgöngum og vegarspottum sem á að gera næst þegar peningar verða til og tryggja fremur að nóg fé verði til að viðhalda þeim góðu samgöngumannvirkjum sem þegar hafa verið byggð upp með ærnum tilkostnaði.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLAGSSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

**Kawasaki Sláttuorfi**

**PÓR**

Krókhálsi 16  
110 Reykjavík  
Sími 568-1500

Lónsbakka  
601 Akureyri  
Sími 461-1070

www.thor.is

Frábær orfi fyrir heimilið, sumarhúsið og atvinnumanninn



### AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## LÍÚ gefur ASÍ afsökun fyrir aðgerðaleysi

Fundir útvegsmanna og sjómanna í vikunni voru afar gagnlegir en róðrarstöðvunin var misráðin rétt eins og það var hjá Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir aldarfjórðungi að tilkynna um verkfall frá ríkisstjórnarfundum til að knýja á um aukin útgjöld.

Þetta hefur dregið athygli frá því að ríkisstjórnin er í raun að binda heimilunum í landinu þyngri bagga en útgerðinni. Ef forysta ASÍ stæði í stykkinu ættu hæstu mótmælin að koma þaðan. Satt best að segja hefur lin andstaða ASÍ við þetta mál verið óskiljanleg.



ÞORSTEINN PÁLSSON

útgerðarmönnum, stórum sem smáum, og stækka stétt sjómanna. Hún hefur jafnframt lofað að sjómenn og útvegsmenn fái jafn margar krónur og áður í vasann þó að hver og einn fiski minna.

Ríkisstjórnin ætlar ekki að keyra útvegsfyrirtækin í þrot. Hún hefur þvert á móti lofað að halda þeim öllum gangandi. Það sem meira er: Hún stefnir að því að fjölga

Ljóst er að þessi loforð verða aðeins efnd með vulegri lækun á gengi krónunnar. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að flytja fjármuni frá heimilunum til útgerðarinnar til að dæmið gangi upp. Þetta veit forysta ASÍ en hefur lítið aðhafst til að verjast þessari forðumalauðu atlögu að hagsmunum launafólks.

ASÍ virðist notfæra sér róðrarstöðvun útvegsmanna sem eins konar afsökun til að grípa ekki til alvöru varna fyrir sitt fólk gegn áformum ríkisstjórnarinnar. Það er líka ómálefnalegt. Hættan á að almannahagsmunum verði fórnað í þessum átökum eykst því dag frá

## Þingmaður segir satt

Umræðan um stjórn fiskveiða hefur verið rekin áfram á fordómum og meir með upphrópunum en rökræðum. Forsætisráðherra hafði ekki tíma til að taka þátt í umræðum á eldhússdegi á Alþingi á dögunum. Skúli Helgason talaði því fyrir Samfylkinguna og skýrði sjávarútvegsstefnuna af hreinskiptni.

Hann upplýsti þrennt: Í fyrsta lagi að sjávarútvegsfrumvörp ríkisstjórnarinnar væru mála miðlun milli markmiða um „jafnræði og atvinnufrelsi“ annars vegar og hins vegar „hagkvæmni

og arðsemi“. Í öðru lagi að nýja stjórnarskrárfrumvarpið sem ríkisstjórnin ætlar að lögfesta fyrir næsta vor tryggji að enga málamiðlun verði unnt að gera gagnvart markmiðum um „jafnræði og atvinnufrelsi“. Í þriðja lagi að ekki yrði við það unað að lög um stjórn fiskveiða samrýmdust ekki nýrri stjórnarskrá þegar hún tekur gildi.

Þetta er í fyrsta skipti sem ríkisstjórnin viðurkennir að tilgangurinn með sjávarútvegsfrumvörpunum er að víkja til hliðar markmiðum um þjóðhagslega hagkvæmni og arðsemi. Með öðrum

orðum: Almennigur á að borga brúsann. Það er ærlegt að viðurkenna það sem satt er þótt seint sé.

Ekki er ástæða til að draga túlkun þingmannsins á nýju stjórnarskránni í efa. En afleiðingin er þá sú að útilokað verður um alla framtíð að reka sjávarútveg á Íslandi með hagkvæmasta hætti. Það er sennilegasta ástæðan fyrir því að forsætisráðherra hefur hafnað að ræða stjórnarskrármálið efnislega á Alþingi. Ætlunin var augljóslega að fá þjóðina til að samþykkja ákvæðið með skoðanakönnun áður en upplýst yrði um raunverulegt efnisinnihald þess.

## Ný lög eiga aðeins að gilda í ár

Kjarninn í boðskap talsmanns Samfylkingarinnar var þó sá að sjávarútvegsfrumvörpin verða andstæð stjórnarskrá eftir eitt ár. Allir geta verið sammála honum í því að það er óviðunandi. Við það vakna hins vegar spurningar sem ríkisstjórnin þarf að svara:

Sú fyrsta er hvort ætlunin er þá að láta dómstóla móta nýjar leikreglur eftir því sem menn sækja stjórnarskrávarinn rétt sinn gegn nýju lögnum eða hvort Alþingi á að setja enn ný lög strax á næsta

þingi. Önnur er sú hvers vegna fiskveiðifrumvörpin sem nú eru fyrir þinginu voru ekki strax samrýmd stjórnarskrárfrumvarpinu sem stjórnin fékk fyrir tæpu ári. Sú þriðja er hvers vegna allt er sett á hvolf á sumarþingi ef nýjum lögum er aðeins ætlað að gilda í nokkra mánuði.

Alltént getur stjórnin ekki komist hjá að gera Alþingi nákvæma grein fyrir því hvað nýja stjórnarskrárákvæðið merkir í raun og veru. Það er órókrétt að ljúka umræðunni um frumvörpin sem núna liggja fyrir um sjávar-

útvegsfrumvörp en upplýst hefur verið hvernig fiskveiðistjórnuninni verður hagað þegar nýja stjórnarskráin tekur gildi eftir ár. Þingmenn Samfylkingarinnar hafa greinilega verið upplýstir um það. Þjóðin á rétt á sömu upplýsingum. Ætla verður að þingmenn stjórnarflokkanna séu sammála talsmanni Samfylkingarinnar um túlkun á stjórnarskrártillögnum. Komi ágreiningur á hinn bóginn í ljós um þetta grundvallaratriði merkir það að ríkisstjórnin hefur sagt ósatt um að hún hafi vald á báðum málunum.



# Alltaf lágt verð



OLÍA, TAREX, 5W40  
5W40. Alsýnþetisk

**4.495,-**



OLÍA, TAREX, 10W40  
10W40. Hálsýnþetisk

**4.990,-**

PAKKASAKKU BÍLARAFFEYMRIR  
12 volt. 55 amp.

**12.995,-**

PAKKASAKKU BÍLARAFFEYMRIR  
12 volt. 70 amp.

**17.995,-**

PAKKASAKKU BÍLARAFFEYMRIR  
12 volt. 90 amp.

**20.995,-**



PAKKASAKKU  
BÍLARAFFEYMRIR  
12 volt. 44 amp.

**10.995,-**

**5** ÁRA  
BAUHAUS  
ÁBYRGÐ  
samkvæmt ábyrgðarskilmálum okkar



**Nilfisk**

HÁPRÝSTIDÆLA

- C100,5 -5PC.
- Prýstingur dælu 100 bar.
- Vatnsflæði 440l/klst. Hreinsir fyrir verönd fylgir. Click og clean fylgihlutir.

**8.895,-**



## Háprýstidælar í miklu úrvali.

Laugardaginn 9. júní verðum við með sérstaka kynningu á háprýstidælum. Starfsfólk okkar kynnir úrvalið sem við bjóðum upp á og ýmsa notkunarmöguleika. Krakkaklúbbsmaurinn mætir á svæðið milli kl. 12 og 17. Njóttu þess að koma til okkar í **BAUHAUS** og leyfðu okkur að koma þér á óvart með spennandi vörum og ótrúlegu úrvali.



Verðin gilda frá fimmtudeginum 7. júní til og með sunnudagsins 10. júní 2012. Gildir á meðan birgðir endast.

VERÐVERND

**12%**

Það er markmið okkar að bjóða alltaf upp á lægsta verðið á markaðnum. Við gerum hagstæð innkaup án þess draga úr kröfum okkar um gott siðferði, gæði og notagildi. Einnig erum við vakandi fyrir verðlagi samkeppnisaðila okkar og ef við komumst að því að okkar verð sé ekki nógu lágt, lækkum við það enn frekar. Ef þú - innan 30 daga frá kaupum - finnur sömu vöru á lægra verði annars staðar endurgreiðum við mismuninn + 12% af verði samkeppnisaðilans. Þú þarft að framvísa kassakvittun auk staðfestingar frá öðrum söluaðila. Verðverndin gildir ekki þegar um er að ræða vörur sem aðrir bjóða aðeins í takmörkuðu magni og í takmarkaðan tíma, þegar um opnunartilboð er að ræða, eða vörur sem seldar eru í póstverslunum, á internetinu eða í vefverslunum.



**BAUHAUS®**

GÆÐI

ÞJÓNUSTA

GJAFVERÐ

VÖRUÚRVAL



# BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

## NÚ ER ÞAÐ STÓRT Á GRILLIÐ



**1698**  
KR. 10 STK.

**159**  
KR. 4 STK.

10 STK. STÓRIR 120 GR. NAUTAHAMBORGARAR  
BÓNUS STÓR HAMBORGARABRAUÐ



FRYSTI VARA

**2798**  
KR. KG



DANSKT FROSIÐ NAUTARIBEYE



**1379**  
KR. KG

KJARNAFÆÐI FERSKT EINIBERJAKRYDDAÐ LAMBALÆRI



100% NAUTAKJÖT

**398**  
KR. 2 STK.

ÍSLANDSNAUT FERSKIR 2 X 140 GR. UNGNAUTA-HAMBORGARAR



FRYSTI VARA

**3998**  
KR. KG



DÝSK FROSIN NAUTALUND



**1198**  
KR. KG

ALI ELDUÐ GRÍSA-SPARERIBS

FULLEIÐAÐ: ÞARF AÐEINS AÐ HITTA



TILBÚINN TIL MATREIÐSLU Í OFNINN EÐA GRILLIÐ

BÓNUS

**798**  
KR. KG

1/2 FERSKUR BÓNUS-KJÚKLINGUR FORKRYDDAÐUR



FERSKUR STÓR ANANAS FRÁ COSTA RÍKA CA 1,7 KG  
**359 KR. STK**

## ÍSLENSKUR LAX Á GRILLIÐ



FROSINN

**1898**  
KR. KG

NORÐANFISKUR ÍSLENSKUR LAX FROSINN BEINHR. M.ROÐI



FROSINN

**1898**  
KR. KG.

NORÐANFISKUR LAX GRILL-KRYDDAÐUR BEINHR. M.ROÐI



GÓU-ÞRENNAN HRAUNBITAR - PRINSBITAR - AÐIBITAR

3 X 200 GR KASSAR

**598 KR.**

BONUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarkúbbur



**BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS**



**COCOA PUFFS HEILKORNA**

**398**  
KR. 375 GR



**BÓNUS BRAUÐ 1 KG.**

**198**  
KR. 1 KG.



**BÓNUS LANGLOKUR 4 STK.**

**198**  
KR. 4 STK.



**OS SAMLOKUOSTUR Í SNEIÐUM**

**1198 KR.KG**

VERÐ ÁÐUR 1498 KR.KG  
**300 KR. VERÐLÆKKUN**



**ÍSLENSKAR AGÚRKUR 350 GR**  
**149 KR STK.**



**ÍSLENSK PAPRIKA PÖKKUÐ**  
**798 KR.KG**

**ÍSLENSKIR TÓMATAR Í LAUSU**  
**359 KR.KG**



**79**  
KR. DÓSIN



**198**  
KR. 570 G

**HEINZ TÓMATSÓSA**



**SS VÍNARPYLSUR 10 STK.**

**639**  
KR. 560 G



**BÓNUS PYLSUBRAUÐ**

**159**  
KR. 5 STK.



**10 STK. BÓNUS PYLSUR**

**359**  
KR. 480 G



**139**  
KR. 1 LTR.



**95**  
KR. 500 ML

**20 ÞÚSUN DÓSIR Í BOÐI Á ÞESSU VERÐI**

**EUROSHOPPER 250 ML.**

**ORKU-DRYKKUR**

ENERGYDRINK / SUGAR FREE



**69** kr.dósin



**BONUS BÝÐUR BETUR**

Hér færðu veitutengda VILDARPUNKTA





# Verð sífellt meiri sósíalisti

**Jón Gnarr** hefur setið lengst allra sem borgarstjóri síðan Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hætti og telur sig ekki hafa smitast af veikinni sem hann ætlaði að lækna. Í samtali við *Stíg Helgason* gagnrýnir hann nágrannasveitarfélögin fyrir að víkja sér undan ábyrgð.

**P**íð lofuðu því þegar þið tókuð við að þið ætluðu að gera Reykjavík skemmtilegri. Hvernig hafið þið gert það?

„Við höfum gert það á margvíslegan hátt. Við höfum lagt mikla áherslu á blómlegt mannlíf í miðborginni. Ég get til dæmis nefnt sumarlokanið á götum, sem er búið að vera mjög flókið verkefni í alla staði. Rekstraráðilar hafa margir verið á móti þessu en reynslan hefur verið gríðarlega góð og íbúar eru ofsalega ánægðir. Síðasta vor gengu svo í gildi reglur sem höfðu ekki verið til áður sem gefa fólki kost á að stunda torg- og götusölu. Ég er mjög stoltur af því, og líka bara almennri ásýnd miðbæjarins, ekki sist utan háannatíma. Ég var til dæmis ofboðslega ánægður með Jólaborgina núna í desember þar sem við vörpuðum myndum af hinum ýmsu jólavættum á vegg.“

*Þú talar mikið um miðbæinn, hefur afgangurinn af borginni líka orðið skemmtilegri?*

„Okkur er svolítið legið á hálsi fyrir að leggja of mikla áherslu á miðborgina en það er ekki að ástæðulausu. Það er vegna þess að fyrir borgina er miðborgin svolítið eins og stásstofa og þangað bjóðum við gestum. Núna, þegar ferðamannaíðnaðurinn er að verða einn helsti atvinnuvegur þjóðarinnar, er mjög mikilvægt að hlúa sérstaklega vel að henni. Við höfum vissulega staðið fyrir ýmsum litlum og stórum málum hér og þar í borginni, til dæmis það „stönt“ að velja Reykvíking ársins og gefa alþýðuhetjum tækifæri til að veiða í Elliðaánum. Svo að já, ég tel að við höfum náð að innleiða gleði og skemmtun inn í hverfin.“

## Önnur sveitarfélög þvo hendur sínar

*Hvernig hefur þín sýn á stjórnmál breyst á þessum tíma? Þú komst alveg ósnortinn inn í þessa pólitík. Finnst þér þú hafa á einhvern hátt hafa orðið hluti af því sem þú lofaðir að breyta?*

„Nei, mér finnst það ekki. Ég hef mikið velt því fyrir mér hvort þetta sé smitandi ástand. Ég hef verið spurður að þessu alveg frá því að ég byrjaði en ég hef ekki upplifað þennan ótta hjá mér. Sýn mín á stjórnmálin almennt hefur hins vegar dýpkað mjög og þroskast af samskiptum mínum við fólk í þessum menningarkíma. Þau hafa orðið til þess að ég hef þurft að gera upp hug minn í ýmsum málum. Ég hef í raun verið svolítið „lost“ í stjórnmálaskoðunum og þær hafa þroskast og skýrst. Ég verð alltaf meiri og meiri sósíalisti, sem er hugtak sem fólk leggur misjafna merkingu í. Ég átta mig sífellt betur á því hvernig við erum leik-soppur kapitalismans – og ég er sem sagt orðinn sósíalisti.“

Ég trúi því að við eigum að reyna að skapa hér samfélag jafnræðis og forðast misskiptingu. Ég tel að auðlindir þjóðarinnar eigi að vera í eigu þjóðarinnar og nýtast þjóðinni – og það er sósíalismi. En um leið eigum við að leggja áherslu á frelsi einstaklingsins. Það er þessi tegund sósíalisma sem hefur verið nefnd líbertarian sósíalismi – sem er farsýr orð yfir anarkisma – sem ég er svo staðfastur í.“

*Munum við fá að sjá það birtast með skýrari hætti í borgarmálunum á næstunni?*

„Ég trúi á mikilvægi beins lýðræðis, þátttökulyðræðis og bind miklar vonir við að sem flestir muni nota vefinn Betri Reykjavík. Mér finnst líka ekki að sveitarstjórnarstig eigi að vera pólitískur átakavettvangur. Það er úrelt aðferðafræði og meiri tækifæri í beinu lýðræði og fagmennsku sem er þó ekki teknókratísk.“

Svo hef ég talað mjög fyrir samvinnu og sameiningu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Tekjur eru farnar að hafa áhrif á búsetu fólks og það finnst mér grafalvarleg þróun. Ég mun reyna að sporna gegn henni. Mér finnst Reykjavík líka oft fá ósanngjarna útreið í umræðunni. Hún tekur við gríðarlega flóknum málum sem hin sveitarfélögin í kringum okkur þvo hendur sínar af.“

*Eins og hvaða málum?*

„Ég get nefnt útigangsfólk og framboð á félagslegum úrræðum. Þar stendur Reykjavíkurborg sig gríðarlega vel en fær mjög lítið kredit fyrir. Ég hef oft tekið góðgerðarfélög sem dæmi. Skoðum bara Fjölskylduhjálpi Íslands. Reykjavíkurborg er eina sveitarfélagið sem styrkir hana, en fólk sem leitast til hennar er ekki allt með lögheimili í Reykjavík. Annað dæmi, sem mér finnst lýsandi, er Kattaholt – dýraverndunarúrræði fyrir týnda ketti. Reykjavík er eina sveitarfélagið sem styrkir það með einhverjum hætti, en kettirnir koma hvaðanæva að. Ég hef hvatt hin sveitarfélögin til þess að taka ríkari þátt í þessu og finnst þetta mikið sanngirnismál.“



**EKKERT ÓEÐLILEGT** „Það fóru líka tveir starfsmenn borgarinnar í þessa ferð og fólk hefur spurt hvort það sé eðlilegt. Mér finnst það mjög eðlilegt og beinlínis mjög mikilvægt,“ segir Jón um jómfrúarferð WOW Air til Parísar.

## Orkuveitan svipað vandamál og bankarnir voru fyrir ríkið

**R**eykjavíkurborg hefur átt nokkuð erfitt með að halda fjárhagsáætlun. Jón segir gengisbreytingar hafa langmest áhrif á afkomu borgarsjóðs í gegnum lán Orkuveitunnar. Reynt sé að gera ráð fyrir sveiflunum en það sé hægara sagt en gert. „Svo má reyndar líka nefna launahækkningar í kjölfar kjarasamninga. Þær höfðu gríðarleg áhrif síðast.“

Ráðist hefur verið í harkalegar aðgerðir innan Orkuveitunnar og Jón segir árangurinn af þeim góðan. Meirihlutinn hafi verið heppinn með nýjan forstjóra, Bjarna Bjarnason, og ákvarðanirnar hafi gefist vel, þótt þær hafi ekki verið þægilegar. Þó eigi enn eftir að ljúka nokkrum málum. „Til dæmis eignasalan. Menn vita hvernig okkur gekk að reyna að selja Perluna,“ segir hann og skellir upp úr. „Það gekk brösuglega, en það er hluti af aðgerðaráætluninni og við munum halda áfram að reyna að klára það.“

Um þessar mundir fer fram ítarleg úttekt á Orkuveitunni og það verði fróðlegt að sjá hvað kemur út úr henni. „Það er mikilvægt að hafa í huga að hlutfallslega er Orkuveitan samsvarandi vandamál fyrir Reykjavíkurborg og bankarnir voru fyrir ríkið.“



Ég er borgarstjóri allra Reykvíkinga, ekki bara afmarkaðs hóps af fólki sem er einhvers konar vinir mínir og kunningar.

## Skólamál snerta tilfinningar og öryggi

*Sameining skóla hefur ekki skilað eins miklum sparnaði og stefnt var að víða er fólk enn mjög reitt. Er ekki ljóst að þið hafið farið rangt að?*

„Nei, ég tel það ekki. Þarna er bara um rosalega viðkvæmt mál að ræða sem snertir tilfinningar fólks og öryggi þess. Við þurftum að spara og hagræða í skólakerfinu en helst án þess að skerða þjónustuna eða þannig að það bitnaði á kennslunni eða fagmennskunni. Nágrannaþjóðir okkar hafa verið í sömu sporum og víða, til dæmis í Danmörku, hefur þurft að loka skólum. Þar hefur ferlið verið nákvæmlega eins; fólk er reitt, segir að þetta sé óþarfi og heldur kertafleytingar. Við náðum að fara mildari leið með sameiningum og við vissum frá upphafi að það yrði alveg gríðarlega erfitt. Fólk vil helst ekki að þú sért að hræra í skólanum eða leikskólanum. En við hefðum aldrei farið út í þetta að vanhugsuðu máli eða vegna þess að við værum ekki viss um hvað við værum að gera – og hefðum þá heldur aldrei náð að fylgja þessu svona eftir. Samráðið, og hvernig hefur verið staðið að þessari vinnu, hefur verið algjörlega til fyrirmyndar.“

## Nasa er ekki á fasteignavefnum

*Fólk furðar sig á málefnum Nasa við Austurvöll. Innan Besta flokksins starfar fólk sem hefur hreinlega verið andlit íslenskrar menningar og lista, jafnvel í áratugi. Þið lögðuð upp með að gera þeim málaflökki hátt undir*

*höfði og voruð meðal annars kosin út á það, en svo kemur einhver hótellbyggjandi á vettvang og þið segið: Sorri, við getum ekkert gert. Er þetta ekkert skrtíð?*

„Hann náttúrulega kemur ekki, þessi hótellbyggjandi – hann er löngu kominn. Þessi samningur var löngu frágenginn fyrir okkar tíma. Mjög gjarnan er sagt: Þetta er ekkert mál, Reykjavíkurborg á bara að kaupa þetta. Það er mjög sérstakt, vegna þess að mér vitanlega er þetta ekki til sölu. Þetta er ekki inni á fasteignavefnum. Svo er hitt, að ef það væri bara tónlistarfólk og listamenn sem hefði kosið Besta flokkinn þá væri ég ekki borgarstjóri. Ég er borgarstjóri allra Reykvíkinga, ekki bara afmarkaðs hóps af fólki sem er einhvers konar vinir mínir og kunningjar. Í rauninni er eins og það sé verið að biðja um fyrirgreiðslu á þeirri forsendu, sem mér finnst ekki sanngjarnt.“

Málsmeðferðin sem við á endanum sættumst á var að hafa um þetta samkeppni og reyna að fá heildstæða laus á þessu svæði, sem er náttúrulega hjarta borgarinnar. Ég hef beðið fólk að slaka aðeins á og bíða eftir því hvað kemur út þeirri samkeppni og „den tid den sorg“. Við bara skoðum það þegar það liggur fyrir.“

## Eðlilegt og mikilvægt að fara í boðsferðir

*Einar Örn Benediktsson, borgarfulltrúi Besta flokksins, flaug til útlanda í boði WOW Air. Maður spyr sig hvort þú og þið hefðuð verið hrifin af þessu ef þetta hefði verið fulltrúi*

*einvers annars flokks í aðdraganda síðustu kosninga, til dæmis. Finnst þér þetta eðlilegt?*

„Ég felst algjörlega á skýringar Einars á þessu og sé ekki að hann hafi gert neitt ljótt eða óeðlilegt. Í síðareglum borgarfulltrúa er okkur gert að skýra frá öllum hagsmunatengslum á heimasíðu og Einar hefur gert það. Ég hef séð myndir úr þessari ferð og hann er mjög sýnilegur á þeim, þarna voru líka margir fjölmiðlamenn þannig að þetta var ekkert leynimakk eða feluferð.“

Það fóru líka tveir starfsmenn borgarinnar í þess ferð og fólk hefur spurt hvort það sé eðlilegt. Mér finnst það mjög eðlilegt og beinlínis mjög mikilvægt. Ferðamannastraumurinn til Reykjavíkur er að aukast mjög og við erum að markaðssetja Reykjavík fyrir þá. Kynning á Íslandi og Reykjavík fer mikið fram í gegnum flugfélög og það er mjög mikilvægt að okkar fulltrúar komi þar að, þó ekki sé nema bara til að hafa eftirlit með því hvernig er verið að markaðssetja, hvað er verið að leggja áherslu á, hverjir eru að sýna þessu áhuga og svo framvegis. Það er bara hluti af nútímasamfélagi að það er einhver vettvangur sem heitir „social life“, sem gegnir mikilvægu hlutverki þótt fólk hafi misjafnar skoðanir á því. Við erum, sem þjóð, brennd eftir allar einkaþotuferðirnar og almennan lúxus, en við megum samt ekki halda að allt sem tengist svona ferðum eða samstarfi við einkaaðila sé bara innantómt þrjál og algjörlega verðmætalaust, því að það er það ekki.“

## Slæm ára yfir Alþingi

*Ertu eitthvað farinn að huga að næsta kjörtímabili? Ætlaðu að fara fram aftur, eða ertu jafnvel að velta fyrir þér landsmálum?*

„Nei, mér finnst Reykjavík vera alveg feikinnógur vettvangur fyrir mig. Það er reyndar sorglegt að það sé ekki spennandi að fara og skipta sér af landsmálum, en það er það bara alls ekki. Það er slæm ára yfir því. Mér finnst tilhugsunin um að fara á Alþingi bara „scary“.“

Ég brenn fyrir þessari borg. Ég hef haft tækifæri alla ævi til að flytja eitthvert annað en ég hef ekki kært mig um það. Mér finnst vænt um þessa borg – mér þykir alveg vænt um hana á væminn hátt – og ég er stoltur af henni. Og mig langar til þess að vinna henni gagn. Það eru hins vegar óvissuþættir í þessu. Nú eru alþingiskosningar að nálgast. Hvaða áhrif mun það hafa á málin hér? Maður veit það ekki. Við komum inn í borgina eftir hrun á gríðarlega erfiðum tímum. Kannski verður það allt breytt eftir ár og ný tækifæri fyrir hendi. Það væri til dæmis freistandi að hafa úr meiri peningum að spila. Ég hefði miklu frekar viljað vinna að lagningu hjólréiðastíga og léttlestackerfis heldur en að finna leiðir til að spara í skólunum, en þannig hefur þessi stakkur verið og við höfum þurft að sníða okkur inn í hann. Þannig að ég lofa því ekki að ég muni halda áfram en ég útiloka það heldur ekki.“



**70**  
**MILLJÓNIR**



# LÁTTU VAÐA Á MILLJÓNIRNAR!

Sjöfaldur Lottópottur stefnir í 70 milljónir.  
Leyfðu þér smá Lottó!



Skráðu þig sem aðdáanda Lottó á  
[facebook.com/lotto.is](https://www.facebook.com/lotto.is)





REKTORINN „Ég mun viljandi draga það fram í mínu starfi að ég er kona, því ég er stolt af því,“ segir Erla Björk Örnólfsdóttir.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Táknrænn og lifandi staður

Skagafjörður skein við sólu þegar *Gunnþóra Gunnarsdóttir* og *Gunnar V. Andrússon* ljósmyndari brunuðu heim að Hólum til fundar við nýjan háskólarektor, **Erlu Björk Örnólfsdóttur**, fyrstu konuna í embætti stjórnanda Hólaskóla í 130 ára sögu hans.

**E**rla Björk heilsar okkur á skrifstofu sinni á þriðju hæð í hinu virðulega skólahúsi á Hólum. Hillurnar eru tómlegar enn, enda er þetta annar dagur hennar í embætti rektors, þeim fyrsta varði hún í fundahöld í höfuðborginni. Hún er snaggarleg í hreyfingum þegar hún grípur hlut af borðinu og sýnir okkur. „Þetta er veldissprotinn, tákn fyrir embætti Hólarektors og mér finnst það yndislegt, enda er ég uppalin við kindur,“ segir hún kankvís og lyftir brennijárni sem notað var til að merkja sauðfé staðarins á hornunum, meðan þar var búnaðarskóli. Erla kveðst hafa tekið við járninu úr hendi Skúla Skúlasonar, fyrrverandi rektors, er hann lét af embætti eftir 13 ára skólalastjórn, og ætla að varðveita það vel.

## Einstök upplifun að flytja að Hólum

Við Erla Björk ákveðum að ganga út í góða veðrið og spjalla saman. Skammt frá skólahúsinu er bústaður hennar, að Prestssæti númer 12, sem heitir eftir litlum hól sem sagan segir að prestur staðarins hafi notað sem sæti til ihugunar. Þaðan er góð yfirsýn yfir sveitina. Nú er flaggstöng á hólum og þar mun Erla Björk draga íslenska fánann að hún þegar tilefni gefast.

Leið okkar liggur með fram veitingastaðnum Undir byrðunni og niður í blómskrýdda brekku ofan við kirkjuna. Innt í byrjun eftir tengslum sínum við Hóla svarar Erla Björk. „Ég hafði engin tengsl við Hóla en þau mynduðust um leið og ég flutti á staðinn. Áður en ég sótti um hafði ég aðeins komið hingað einu sinni og áður en ég tók starfinu hafði ég komið tvisvar, þar sem ég kom í atvinnuviðtal.“

Erla Björk kveðst ekki einu sinni eiga ættir að rekja í Skagafjörðinn

heldur vera Borgfirðingur, fædd og uppalin á Sigmundarstöðum í Þverárhlið. „Ég gekk á grasi í uppveitinum og það var mögnuð upplifun að flytja aftur í sveit. Ég hefði ekki trúað því að óreyndu hversu jákvæð hún var. Þó fer ég oft að Sigmundarstöðum því einn bræðra minna er þar bóndi,“ segir hún og bætir við: „En hingað kem ég af Snæfellsnesi og þar er einnig fögur náttúra.“

## Áhuginn er brennandi

Erla Björk er sjávarlíffræðingur að mennt og hefur frá árinu 2006 verið forstöðumaður Varar – Sjávarrannsóknarseturs við Breiðárfjörð. Hún lauk doktorsnámi við Texas A&M University árið 2002 og á ferilskránni eru rannsóknarstörf í Bandaríkjunum, við Háskóla Íslands og á Keldum. En hvað hefur sjávarlíffræðingur að gera svona langt inni í dal?

Starf mitt sem rektor snýst ekki um sjávarlíffræði en áhugi minn á starfinu tengist henni samt því við skólann eru fiskeldis- og fiskalíffræðideild. Verið á Sauðárkróki er frábært rannsóknarumhverfi í fiskifræði, vatna- og sjávarlíffræði og tengist Hólaskóla. En ég hef líka átt hest og mér þykir hestfræðin sem hér er kennd spennandi fag og ferðamálafræðin sem boðið er upp á er fræðigreinin sem á eftir að skipta verulega miklu máli næstu áratugi fyrir íslenskt samfélag. Ég hef sem sagt brennandi áhuga á þeim greinum sem hér eru kenndar og sú stjórnunar- og rekstrarreynsla sem ég hef úr Vör er veganesti sem á eftir að nýtast mér. Hlutverk rektors er að skapa umgjörð fyrir aðra í því sem þeir geta gert best, eða þannig líf ég á það. Hér er sterkt teymi einstaklinga sem hefur starfað að kennslu og stjórnun, ég er nýgræðingurinn, blaut á bak við eyrun og samstarfs-

fólkið er reynsluboltarnir. Ég þarf því að læra hjá öðrum en eitt af því sem hjálpar mér í því er að hef eldmód og held að þetta verði mjög skemmtilegt.“

## Stolt af að vera kona

Sjálf gerir Erla Björk ekkert mikið úr því að vera fyrsta konan til að taka að sér stjórn Hólaskóla, sem er 130 ára og byggir á 906 ára sögu skóla- og menningarstarfs á Hólum. „Jú, ég er sjálf sagt fyrst kvenna til að stýra hér skóla, öðrum en grunn- og leikskóla, en vonandi fer það að hætta að vera frétt þó kona taki við einhverju embætti. Skúli Skúlason, forveri minn, var fyrsti rektor Háskólans á Hólum og ég er annar svo það er 1/1. Ef ég man rétt eru þrír af sjö rektorum nú konur. Það er jákvætt og sýnir að við getum gert það sem við viljum. Ef mín ráðning verður til þess að einhverjir sjá það í nýju ljósi þá er það gott. Ég mun viljandi draga það fram í mínu starfi að ég er kona, því ég er stolt af því. Það eru fleiri konur en karlar í háskólanámi í dag. Mér finnst gaman að velja þeirri þróun fyrir mér. Það veitir manni innsýn í þá gerjun sem er í samfélaginu, hvað fólk velur sér til að hafa fyrir stafni.“

## Reksturinn í réttum farvegi

Erla Björk segir námið á Hólum svolítið öðruvísi en í flestum öðrum háskólum landsins, stór hluti þess byggi á verklegum greinum og drjúgur hluti ferðamálafræðinemanna sé í fjarnámi. Samt búi fjöldi fólks á Hólum yfir veturinn. „Hólar eru magnaður staður, sögulega mikilvægur og enn í dag bæði táknrænn og lifandi. Hér eru til dæmis haldnir tónleikar í kirkjunni á hverjum sunnudegi yfir sumar tímamann. Fólk er virkilega annað um að viðhalda menningunni hér enda



## SKÓLI Í RÚM 900 ÁR

Hólar munu hafa byggst um miðja 11. öld úr landnámsjörðinni Hofi en hana byggði Hjalti Þórðarson. Því heitir dalurinn Hjaltadalur.

Oxi Hjaltason bjó á Hólum um miðja 11. öld. Hann lét gera kirkju mikla. Um 1100 átti Illugi Bjarnason jörðina og hann gaf Hóla til biskupsseturs.

Fyrsti biskupinn á Hólum, Jón Ögmundsson helgi, tók vígslu árið 1106 og hélt á staðnum skóla fyrir prestsefni sem kallaður var Hólaskóli. Frá tíð Jóns Ögmundssonar er orðtakið „heim að Hólum“ sem síðan hefur lifað á vörum Íslendinga.

Skagafjarðarsýsla keypti Hóla árið 1981 og ári síðar var stofnaður þar búnaðarskóli en árið 2003 fékk Hólaskóli heimild til að starfa sem háskólastofnun og vera með fullt nám til fyrstu háskólagráðu. Árið 2007 voru samþykkt lög sem styrktu starf skólans og veittu honum heimild til að útskrifa masters- og doktorsnema. Nú eru kenndar ferðamálafræði, fiskeldis- og fiskalíffræði við Hólaskóla og stundað víðtækt vísindastarf.

Heimild/www.holar.is

er þetta biskupssetur og skóli. Hér eru bæði grunnskóli og leikskóli og það er jákvætt fyrir barnafólk sem kemur hingað til náms eða starfa.“

Fjárhagur Hólaskóla – Háskólans á Hólum var á tímabili í umræðu vegna erfiðrar stöðu. Þurfti ekki hugrekki til að sækja um rektorstöðuna í ljósi þeirrar staðreyndar? „Nei, rektorinn er erfiður eins og víða annars staðar en í réttum farvegi því á undanförunum árum hefur verið unnið gott starf,“ segir hún og bætir við brosandí. „En ég ætla ekkert að draga úr því að ég sé bjartsýn kona. Því mótmæli ég ekki.“

## Fjarbúð en samt nærbúð

Einkalífið er eitt af því sem ber á góma í brekkunni og í ljós kemur að Erla Björk á unnusta í Reykjavík. Hann er starfsmaður Varar, vinnur verkefni sitt hjá Matís og verður þar áfram, að minnsta kosti út næsta ár, að hennar sögn. „Við höfum verið fjarbýlisfólk milli landa og stundum milli heimsálfa, svo okkur finnst bara lúxus að vera fjarbýlisfólk á Íslandi,“ segir hún glæðlega og kveðst ekki ætla að fjarstýra skólann því það sé hugmyndafræði sem ekki virki að hennar mati. „Starfsfólk Hólaskóla er búsett á staðnum og víða í sveitinni. Það tryggir hér ákveðið samfélag og samheldni. Ég tel ríkidæmi fyrir skólann að hafa kjarna af heimafólki. Þá verður þetta bústaður fólks en ekki verstöð. Í verstöðum kemur fólk og fer og lætur sig síður varða orðspor, vöxt og viðgang staðarins, en ef það byggi þar. Þess vegna ætla ég að vera hér þó minn sambylingur verði í Reykjavík. Ég mun kjaga hér um, kannski verð ég einhvern tímann komin upp að hjám og enda sem moldvarpa á Hólum,“ segir þessi knáa kona hlæjandi. Að því sögðu stöndum við upp, röltum upp á hlað og kveðjumst á stéttinni.



# 30% afsl. af öllum Alma útihúsgögnum!



Sófi 149.900,- nú 104.930,-

Stóll 96.500,- nú 67.550,-

Sófaborð  
71.200,- nú 49.840,-



Sófi m/sessu 98.000,- nú 68.600,-



Stóll m/sessu 56.800,- nú 39.760,-



Hliðarborð  
19.700,- nú 13.790,-

Sófaborð  
34.400,- nú 24.080,-



Sólbekkur m/dýnu  
132.700,- nú 106.160,-



Stóll m/sessu 28.500,- nú 19.950,-



Borð 176.000,- nú 123.200,-

Alma útihúsgögnin eru hágæða útihúsgögn sem þola vel íslenska veðráttu. Þau mega standa úti allan ársins hring. Sessur fylgja öllum stólum og sófum í Stockholm og Scandinavia línunum. Vandað vatns- og sólvarið áklæði er á sessunum. Glerplötur fylgja öllum borðum nema þeim sem eru með viðarplötu. Litir: Hvítt, brúnt og svarbrúnt.

## HEIMA HÚSIÐ



mood lifum GALLERY GÓLF  
PARKET•FLÍSGAR

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - [www.heimahusid.is](http://www.heimahusid.is). Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16.



**nettó**  
Kræsingar & kostakjör



**LAMBAHRYGGUR**  
FRYSTIVARA

**1.689**

ÁÐUR 1.898 KR/KG



**VERIÐ VELKOMIN Í NETTÓ!**

SPARNAÐARHAKK  
BLANDAÐ 500 G  
FRYSTIVARA



**299**

ÁÐUR 378 KR/PK



VÍNARPYLSUR  
10 STK 480 G



**239**

ÁÐUR 398 KR/PK

**40% AFSLÁTTUR**



HRYGGVÖÐVI  
NORRÆNN



**1.997**

ÁÐUR 2.698 KR/KG

**26% AFSLÁTTUR**



GRÆNMETI  
VIKUNNAR

BÖKUNAR-  
KARTÖFLUR  
Í LAUSU

**74**

ÁÐUR 148 KR/KG

**50% AFSLÁTTUR**



HAMBORGARAR XXL  
6 STK. FRYSTIVARA



**899**

ÁÐUR 1.198 KR/PK

**25% AFSLÁTTUR**

Kjötbankinn

KJÚKLINGUR  
FRYSTIVARA



**679**

ÁÐUR 849 KR/KG

LAMBAKÓTELETTUR  
Á GRILLIÐ



**1.691**

ÁÐUR 1.989 KR/KG

LAMBATVÍRIEJUR  
KRYDDLEGNAR



**2.378**

ÁÐUR 2.798 KR/KG

[www.netto.is](http://www.netto.is)

| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |



Kjötbankinn



GRÍSAHNAKKI  
ÚRB. MANGÓ/CHILI

25% AFSLÁTTUR

1.499

ÁÐUR 1.998 KR/KG

KÍKIÐ VIÐ OG GERIÐ GÓÐ KAUP!

NAUTAGRILLSTEIK  
USA

25% AFSLÁTTUR



2.249

ÁÐUR 2.998 KR/KG

Kjötbankinn

GREAT TASTE  
BLÁBER 225 G  
GULT/RAUTT MIX 300 G  
JARÐARBER 300 G

43% AFSLÁTTUR



199

ÁÐUR 349 KR/PK

NAUTAKÓTILETTUR  
M/HVÍTLAUK & RÓSAPÍPAR

25% AFSLÁTTUR



1.949

ÁÐUR 2.598 KR/KG

NAUTAHAKK  
FERSKT



1.198

ÁÐUR 1.498 KR/KG

MR. FREEZE  
KLAKALENGJUR

29

ÁÐUR 69 KR/STK

58% AFSLÁTTUR



BAGUETTE  
BAKAÐ Á STAÐNUM

50% AFSLÁTTUR



115

ÁÐUR 229 KR/STK

NÝBAKAÐ  
TILBOÐ

30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM CASA FIESTA VÖRUM

CASA FIESTA

DAGAR



Tilboðin gilda 7. - 10. JÚNÍ

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



**FORSETA  
KOSNINGAR**

2012

# Fjórir fletir á áherslum forsetaframbjóðendanna

Ætti forseti að beita sér í þágu einstakra fyrirtækja? Á að setja forsetanum siðareglur? Og hvernig á að nýta málskotsréttinn? *Katrín Tinna Gauksdóttir* setti sig í samband við **forsetaframbjóðendurna sex** og það þá um svör við nokkrum mikilvægum spurningum.



Andrea Jóhanna Ólafsdóttir

**1.** Finnst þér að setja eigi siðareglur um samskipti forseta við viðskiptalíf? Hvernig á forsetinn að beita sér í þágu einstakra fyrirtækja og atvinnugreina?

## Finnt sjálfsgagt að setja siðareglur

Já mér finnst siðareglur sjálfsgaðar – en mér myndi þó þykja eðlilegt að við ætlumst til þess að þjóðkjörinn forseti sé með sterkt siðferðisþrek og átti sig á mikilvægi aðskilnaðar embættisins/stjórn mála og viðskiptalífs auk þess sem hann áttaði sig á mikilvægi siðferðislegs ramma. Forsetinn á að vera almennur talsmaður lands og þjóðar í viðtækum skilningi. Hann getur því kynnt atvinnustefnu landsins og helstu atvinnuvegi þótt líklegra verði að teljast að kynningarfulltrúi atvinnuvegaráðuneytis myndi gera það. En að mínu mati á hann alls ekki að nota embættið í þeim tilgangi að vera milligöngumaður fyrir einstök fyrirtæki.

**2.** Hver er afstaða þín til beiingar málskotsréttar forseta samkvæmt 26. grein stjórnarskrárinnar?

## Málskotsrétturinn er vald fólksins

Málskotsrétturinn er í raun ekki forsetans, heldur í raun vald fólksins til að synja eða hafna lögum þar sem forsetinn er eingöngu milliliður. Ég tel hann eiga við í stórum málum er varða ríka almannahagsmuni eða fullveldi þjóðar. Ég mun kalla saman þjóðfund til þess að eiga samvinnu um það hvernig þjóðin sjálf sér fyrir sér að nota embættið og valdheimildir sem því tilheyrja. Þannig myndi slembivalinn þjóðfundur móta viðmiðunarreglur og gefa mér skilaboð um það með hvaða hætti ég eigi að beita mér. Má þar til dæmis nefna 26. greinina um viðmið um málskotsrétt forsetans og 25. greinina um að forseti geti látið leggja fram frumvarp til laga (ef kæmu upp þannig aðstæður að fólk vildi nota þennan rétt) – en jafnframt þarf að ræða aðrar greinar stjórnarskrárinnar.

**3.** Á forseti markvisst að lýsa eigin sjónarmiðum á alþjóðavettvangi, jafnvel þótt þau gangi gegn stefnu sitjandi ríkisstjórnar?

## Forseti öryggisvörður lýðræðisins

Ef lýðræðið virkar eins og það á að gera í raun, þá ætti ríkisstjórn lýðveldisins að tala í takt við meirihlutaviljann og þegar allt er í eðlilegu horfi þá tala fulltrúar ríkisstjórnarinnar fyrir stefnu sinni, bæði utan ríkis sem innan. Það er þó ekki útilokað að það komi upp mjög óvenjulegar aðstæður og tilvik þar sem ríkisstjórn talar ekki máli meirihlutaviljans eða gengur þvert gegn hagsmunum þjóðarinnar og þá er það skylda forseta að tala fyrir þeim. Hlutverk forseta er fyrst og fremst að vera öryggisvörður um lýðræðið og réttindi fólksins í landinu og hann getur þurft að tala fyrir þeim réttindum í neyðartilvikum.

**4.** Á forseti að lýsa yfir afstöðu sinni til stórra pólitískra deilumála á borð við umsókn um aðild að Evrópusambandinu?

## Forseti standi vörð um vilja þjóðar

Mál sem hafin eru yfir flokkadrætti og ríkur þverpólitískur meirihlutavilji er fyrir (70 til 100 prósent) eru að mínu mati ekki umdeild en eru þó oft þannig úr garði gerð að miklum hagsmunir liggja hjá minnihlutunum sem stendur gegn breytingum sem meirihlutinn vill að nái fram að ganga. Í slíkum meirihlutamállum sem geta varðað ríka almannahagsmuni, tiltekt í sérhagsmunalöggjöf eða varðandi fullveldi þjóðar á forseti að standa vörð um að lýðræðislegur vilji þjóðarinnar nái fram að ganga. Hann getur tekið þannig afstöðu með þjóðinni án þess að blanda sér í dægurþras flokkspólitíkur.



Ari Trausti Guðmundsson

## Siðfræðistofnun gæti gert siðareglur

Já, það á að setja embættinu siðareglur og hluti þeirra varðar atvinnu- og viðskiptalíf þótt enda farið fram á slíkt í stóru „hrunskýrslunni“. Ekki er nóg að vísa til 9. greinar stjórnarskrárinnar um launuð störf forseta. Hitt er líka mikilvægt að forseti feli til dæmis Siðfræðistofnun Háskóla Íslands ekki aðeins að semja drög til að ræða og ganga síðan frá, heldur líka að hafa vissu eftirlit með efndum. Mikilvægt er að forseti mismuni ekki fyrirtækjum, dragi ekki taum viðskiptablokka eða hagsmunasamtaka og sé raunsannur í málflutningi sínum; hvorki oflofi, oftúli né fari með mál sitt fram úr því sem viðskiptalíf eða þekkingarstofnanir geta staðið við. Hann verður að vinna sérlega náð með ráðuneytum og til dæmis Íslandsstofu sem bera þungann af erlendum samskiptum, ef lítið er til útlanda.

## Málskotsréttur er neyðarhemill

Þessi réttur er óskoraður og ekki er gert ráð fyrir að forseti víki, hafni þjóðin málskoti; ekki fremur en að ríkisstjórn víki og Alþingi sé rofið ef meirihluti samþykkir málskotið (það er hafni lagafrumvarpi). Því var hótad áður og fyrir en ekki nú lengur og er það gott því ella væri verið að svipta almennung þessu tækifæri enda hefur svona hótun komið í veg fyrir að réttinum sé beitt. Ég tel hann neyðarhemill lýðræðisins og myndi beita honum að vel yfirlögðu ráði og ráðgjöf, allt eftir málefni, meðferð þings á frumvarpi og könnun eða mati á afstöðu meirihluta kjósenda.

## Útskýrir málstað

Nei, enda þótt telja megji að hann hafi neyðarrétt ef svo ber undir. Forseti hefur aldrei sett fram altæka, pólitíska utanríkisstefnu né útfærða heildarstefnu í öðrum helstu málaflokkum enda ekki eins manns pólitískur flokkur (eða vingull sem er með utanríkisafstöðu eins stjórnmalaflokks í einu máli og afstöðu annars í öðru) heldur þjóðkjörinn trúnaðarmaður sem útskýrir málstaði síns fólks. Seinni tíma tilbúningur um „utanríkisstefnu forseta“ er í andstöðu við eðlileg og stjórnarskrárbundin samskipti forseta, ráðherra, þings og almennings. Forseti hefur málfrelsi eins og aðrir en hann er embættismaður sem stuðlar að samræðum, lausnum og góðri kynningu á því er lýðræðislegur meirihluti þeirra, sem hann er í forsvari fyrir, hefur valið. Utanríkisstefnan er mótuð á Alþingi hverju sinni og um einstök atriði hennar er sjaldan full sátt meðal kjósenda og við það situr. Forseti getur ekki valið sér viðhlæjendur.

## Vill straumlínulaga samræðu

Hvaða mál eru á borð við aðildina að Evrópusambandinu og hver eru í öðrum eða þriðja flokki? Aðeins val á máli til að taka afstöðu í, með eða á móti, setur hugmyndum um deilumálaforseta skorður. Eins og fram kemur hér að ofan verður forseti (kjörinn með 35 prósent atkvæða?) að vinna traust og trúnað sem flestra er ekki kusu hann og halda trúnaði hinna. Hann talar ekki eins og Framsóknarmaður í einu máli, Vinstri grænn í öðru og sem maður úr enn einum flokki í því þriðja. Hann er sá sem laðar fram uppbyggilega samræðu, tínar fram rök með og móti, „straumlínulagar“ umræðu, hlustar á lausnir og segir frá þeim eða leggur sínar hugmyndir fram án skilyrða. Þannig getur hann verið öflugur í samfélagsumræðu um Evrópusambandið og aðstoðað við að ná fram upplýstri afstöðu til alls sem að því lýtur; hvort sem aðildar-samningur verður til eða ekki.



Hannes Bjarnason

## Kynni atvinnulífið á almennan hátt

Að sjálfsgöðu á forsetaembættið að setja sér siðareglur um samskipti forseta við viðskiptalíf. Siðareglurnar mundu skýra hvers atvinnulífið gæti vænst af forseta og mundi leiða til meiri gegnsæis meðal almennings í landinu.

Forsetinn á að beita sér fyrir atvinnulífina á almennan hátt og ekki fyrir einstök fyrirtæki. Það sama gildir með atvinnugreinar – þær á forsetinn að kynna á almennan hátt. Kynning á erlendum vettvangi er vandmeðfari. Það er umhugsunarefni hvort eigi að tengja sögu okkar svo sterkt við einstök fyrirtæki eins og sitjandi forseti hefur gert í áráðir. Við höfum okkar sögu og við höfum okkar atvinnulíf sem varla er hægt að útskýra með því að við vorum eitt sinn víkingar og herjuðum víða.

## Beiti réttinum aðeins ef lýðræði er ógnað

Málskotsréttinum á aðeins að beita í ýrustu neyð og ef forseta finnst lýðræði ógnað. Ef ég, sem forseti lýðveldisins, teldi lýðræði landsins ógnað á einhvern hátt mundi ég beita þessu ákvæði í stjórnarskránni. Að sjálfsgöðu að ígrunduðu máli vitandi það að neitun mun alltaf fela í sér þá áhættu að sundra þjóðinni. Málskotsrétturinn er öflugt verkfæri sem varlega skal meðhöndla!

## Beitir sér í félagslega pólitískum málum

Forseti á að vera hreinn og beinn, hann á að vera einlægur og sannur. Forsetinn á að vera fyrirmynd að samfélagi sem hefur sannleika, réttlæti handa öllum og lýðræði að leiðarljósi. Hann á að geta sagt sína skoðun á hlutum, samtímis sem hann er meðvitaður um það að hann á ekki að beita sér í pólitískum málum. Og þar á ég við flokks-pólitískum málum. Forsetinn á að sjálfsgöðu að geta beitt sér í samfélagslegum, pólitískum málum. Forseti á að mínu mati ekki að berjast fyrir eigin utanríkisstefnu en á samt að geta talað gegn stefnu ríkisstjórnar ef sú stefna brýtur gegn hans innri sannfæringu. Þetta ættu þó forseti og ríkisstjórn að geta tekið á í sam-einingu og fundið lausn á hvernig best er að haga málflutningi með hagsmuni Íslands að leiðarljósi.

## Þarf að leggja öll spilín á borðið

Að mínu mati á forseti að lýsa eigin afstöðu til pólitískra deilumála. Enn og aftur vitandi um það að hann getur ekki, og má ekki beita sér í þessum málum. Að segja sína skoðun á hlutum er mikilvægt því það snýst um gegnsæi. Þegar forseti hefur látið skoðun sína í ljós veit þjóðin hvar hún hefur forseta sinn. Það aftur leiðir til þess að forseti getur verið opin, fólk veit hvar það hefur forsetan og getur treyst því að hann sé heiðarlegur og segi hlutina eins og þeir blasa við honum. Ef forseti leitast við að sætta misleita hópa verður að ríkja gegnsæi og viðkomandi aðilar verða að geta treyst því að forsetinn hafi engra dulda hagsmuna að gæta. Það að lýsa skoðun sinni snýst einmitt um það að leggja öll spilín á borðið og vera heiðarlegur í sjálfum sér og um sínar skoðanir.





# Portúgal

Draumastaður  
fjölskyldunnar

Lækkad verð!  
19. júní

Beint flug með Icelandair



Góð gisting fyrir  
fjölskyldur

Ponta  
Grande

★★★★

Skemmtileg gisting í vel búnum íbúðum með fullbúin eldhús. Skammt frá smábáthöfninni í Albufeira - stutt á ströndina og golfvelli.

Verð frá 74.800 kr.\*  
og 15.000 Vildarpunktur

á mann m.v. 2 fulloröna og 2 börn í smáhýsi m/2 svefnh. 19. júní, í viku.  
Verð á mann m.v. 2 fulloröna í studio: 91.650 kr. og 15.000 Vildarpunktur.  
\*Verð án Vildarpunkta 84.800 kr. m.v. 2+2. Verð án Vildarpunkta 101.650 kr. m.v. 2.



Fín staðsetning!

Albufeira  
Sol

★★★

Íbúðahótel á skemmtilegum stað í Albufeira, um 10 mínútna gang frá Santa Eulalia og Oura ströndunum og 5 mínútur frá „the Strip“, þar sem er að finna fjölda verslana, markað, bari, veitingastaði og næturklúbba.

Verð frá 67.400 kr.\*  
og 15.000 Vildarpunktur

á mann m.v. 2 fulloröna og 2 börn (2-11) í íbúð m/1 svefnh. og sundlaugarsýn. 19. júní, í viku.  
Verð á mann m.v. 2 fulloröna í íbúð m/1 svefnh. og sundlaugarsýn: 92.400 kr. og 15.000 Vildarpunktur. \*Verð án Vildarpunkta 77.400 kr. m.v. 2+2. Verð án Vildarpunkta 102.400 kr. m.v. 2.



Lúxus á  
góðu verði!

São Rafael Suite  
Hotel CS

★★★★

Glæsilegt hótel í miðju Algarve skammt frá Albufeira og einni bestu strönd Evrópu, São Rafael. Góður kostur fyrir þör og fjölskyldur.

Verð frá 100.600 kr.\*  
og 15.000 Vildarpunktur

á mann m.v. 2 fulloröna og 2 börn í fjölskylduherbergi m/2 herb. og morgunverði. 19. júní, í viku.  
Verð á mann m.v. 2 fulloröna í í tvíþýli m/morgunverði: 125.530 kr. og 15.000 Vildarpunktur.  
\*Verð án Vildarpunkta 110.600 kr. m.v. 2+2. Verð án Vildarpunkta 135.530 kr. m.v. 2.

\*Ef bókað er á skrifstofu bætist við 1.500 kr. bókunargjald.



VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR  
GROUP



VITA | Suðurlandsbraut 2 | Sími 570 4444 | VITA.is

vita

VITA er lífið





Herdís Þorgeirsdóttir

### Fjarvistarsönnun

Forseti Íslands er þjóðkjörinn og það hefur í huga þjóðarinnar þýtt að þá stöðu skipaði grandvar einstaklingur enda hefur þjóðin lengst af borið virðingu fyrir þessu embætti. Vegna gagnrýni í viðauka við rannsóknarskýrslu Alþingis á það hvernig sitjandi forseti beitti sér í þágu útrásarinnar hefur verið kallað eftir siðareglum um embættið. Í kjölfar hrunsins er mörgum ljóst að sterk peningaöfl eru í aðstöðu til að hafa áhrif á það hver er kjörinn forseti. Það er alþjóðlega viðurkennt vandamál að peningaöfl eru að ná tökum á „lýðræðinu“ í gegnum áhrif sín í fjölmiðlum. Siðareglur um samskipti forseta við viðskiptalíf eru „fjarvistarsönnun“ frá þeim veruleika en þær út af fyrir sig breyta honum ekki. Hvað varðar síðari spurninguna er sjálfsgagt að forseti Íslands tali máli atvinnulífsins þannig að þjóni hagsmunum þjóðarinnar og sæmi virðingu embættisins.

### Lýðræðið er grundvallarreglan

Varðandi heimild forseta að vísa málum í þjóðaratkvæði mótast afstaða mín af því að stjórnarskrána beri að skýra út frá lýðræðinu sem er grundvallarregla. Ef um mikilvæg, umdeild mál er að ræða þar sem ákvörðun er jafnvel óafturkræf verður að lita til þess að frumuppspretta ríkisvaldsins er sjálfákvörðunarréttur þjóðarinnar. Í ljósi þess að nú liggja fyrir tillögur um breytingar á stjórnarskrá má geta þess að forseti hefur samkvæmt 26. gr. rétt til að skjóta frambúðargildi stjórnskipunarlega undir þjóðardóm þótt frumvarpið hafi verið samþykkt í almennum kosningum milli þinga sem hafa málið til meðferðar. Málskotsrétturinn krefst þess að sá forseti Íslands búi yfir góðri dómgreind, þekkingu, innsæi og ábyrgð og hafi burði til að beita þessum rétti ef þörf krefur.

### Hagsmuni þjóðarinnar að leiðarljósi

Forseti Íslands er talsmaður þjóðarinnar og því eru það hagsmunir hennar sem hann hefur að leiðarljósi í afstöðu sinni. Á alþjóðavettvangi gæti forseti að virðingu þjóðarinnar og íslenska ríkisins, hagsmunum þjóðarinnar og ábyrgð okkar í samfélagi þjóðanna. Hagsmunum þjóðarinnar er best borgið ef að málsvavar hennar tali einum rómi út á við. Það er þó ekki útilokað að aðstæður gætu verið þess eðlis að forseti teldi sig knúinn til að tala máli þjóðarinnar vegna þess að hagsmunum hennar væri ógnað og stór hluti þjóðarinnar væri þeirrar skoðunar sjálfur. Það er sannfæring mín að forseti sem talar fyrir grundvallargildum mannréttinda, lýðræðis og réttarríkis geti ekki farið gegn stefnu stjórnvalda nema þau séu komin af leið.

### Skal reyna að skýra heildarmyndina

Sé embætti forseta Íslands skipað einstaklingi sem hefur þekkingu, innsæi, burði og dómgreind og hefur hag þjóðarinnar eingöngu að leiðarljósi er ekki útilokað að hann komi að umræðu um stór pólitísk deilumál. Hvernig getur hann verið málsvari þjóðarinnar ef hann tekur ekki afstöðu? Það verður hins vegar að vera öllum ljóst að hann er engum hagsmunum háður öðrum en þjóðarinnar þegar hann talar. Enda á hann að tala af yfirvegum og þekkingu og í þeim tilgangi að reyna að skýra heildarmyndina.



Ólafur Ragnar Grímsson

### Aðalatriði að gagnsæi ríki

Líkt og öllum þjóðhöfðingjum Evrópu ber forseta Íslands að styrkja atvinnulíf, nýsköpun, fræði og menningu og að stuðla að framför landsins og tækifærum ungrar kynslóðar. Það þarf að gera í samræmi við kröfur hvers tíma og þannig að þátttaka í slíkum verkum sé öllum opin og jafnræðis gætt. Aðalatriðið er að gagnsæi ríki um slík verk líkt og gert hefur verið í áraradír með upplýsingum á heimasíðu forsetaembættisins Forseti.is.

### Lýðræðislegur réttur þjóðarinnar

Það er lýðræðislegur réttur þjóðarinnar samkvæmt stjórnarskránni að fá í sínar hendur stórmál ef hún er ósátt við niðurstöður Alþingis. Málskotsrétturinn er trygging þjóðarinnar fyrir slíkum rétti og hún mótar því sjálf þær aðstæður og röksemdir sem mestu skipta.

### Samhljómur er æskilegur

Eins og ég hef ítrekað hvað eftir annað er æskilegast að samhljómur ríki milli forseta og ríkisstjórnar á þeim vettvangi. Þó geta komið á dagskrá stór mál þar sem forseti telur nauðsynlegt að fylgja fram-sýnum áherslum. Það gerði Ásgeir Ásgeirsson 1956-1958. Það gerði ég í Icesave-málinu. Forseti getur líka tekið frumkvæði í utanríkismálum eins og ég hef gert í rúm 10 ár í mál-efnum Norðurslóða. Á undanförmum misserum hafa bæði ríkisstjórn og Alþingi mótað sína stefnu í samræmi við þær áherslur. Það er fagnaðarefni.

### Eðlilegt að forseti tjái hug sinn

Þótt forseti taki ekki þátt í daglegum umræðum eða átökum á vettvangi Alþingis og stjórn mála geta verið sett á dagskrá einstæð stórmál, líkt og breytingar á stjórnskipun lýðveldisins og aðild að Evrópusambandinu og eðlilegt að forseti tjái þjóðinni hug sinn í slíkum málum sem haft geta afgerandi áhrif á framtíð Íslendinga í áratugi og jafnvel aldir.



Þóra Arnórsdóttir

### Rammi um samskiptin mikilvægur

Forsetinn á að bera hróður lands og þjóðar sem víðast, án þess þó að fleipra eða draga upp einhverja glansmynd. Honum ber að kynna íslenskt atvinnulíf, félagasamtök og menningu erlendis. En það er mikilvægt að setja ramma utan um þessi samskipti svo allir viti hvar þeir standa.

### Málskotsrétt skal nota í ytrustu neyð

Völdin sem felast í 26. greininni eru auðvitað umtalsverð. Þetta vald má þó ekki umgangast af neinni léttúð. Í þingræðisríki er það vald sem ekki verður beitt nema í ytrustu neyð. Ég tel að það myndi verða til bóta ef einhvers konar lög um þjóðaratkvæðislagreiðslur yrðu samþykkt og stjórnarskránni breytt til samræmis þar sem þörf krefur.

### Tali einni röddu á alþjóðavettvangi

Nei, ég tel það ekki eðlilegt. Við Íslendingar eigum helst að tala einni röddu á alþjóðavettvangi þegar kemur að hagsmunum lands og þjóðar. Þess eru mörg dæmi í sögunni að forsetinn væri ekki sammála ríkisstjórn en fyrri forsetar, þ.e. þeir sem komu á undan þeim sem nú situr, gagnrýndu aldrei stefnu ríkisstjórnar opinberlega.

### Forsetinn sameini en sundri ekki

Nei, ég tel að forsetinn eigi að vera til sameiningar í landinu, ekki til að sundra. Forsetaembættið væri á rangri leið ef það tæki þátt í pólitískum deilumálum á borð við aðild að Evrópusambandinu, virkjun Kárahnjúka eða kjör öryrkja svo örfá umdeild mál séu nefnd. Hvað aðildarumsóknina varðar þá er það alveg skýrt að þjóðin mun hafa lokaorðið í hreinni og beinni þjóðaratkvæðislagreiðslu.

Þráir þú dýpri svefn? Heilsurúm í sérflokki Tilboðsdagar í júní!

TEMPUR  
DÝNUR OG KODDAR

Tempur® Cloud  
heilsurúm 180 x 200 cm  
**TILBOÐ 375.840,-**  
Verð áður 469.800,-

20%  
afsláttur

12  
mánaða  
vaxtalaus  
kjör

\*3,5% lántökugjald.

Nú er bjart  
Öllum rúmum fylgir  
Day Dream®  
svefngríma

Betra  
BAK

Faxafeni 5, Reykjavík og Skeiði 1, Ísafirði • Sími 588 8477 • www.betrabak.is



www.kaupumgull.is

# Græddu á gulli á Grand hótél! um helgina

Losaðu þig við það sem þú notar ekki lengur!  
Staðgreiðum allt gull, silfur, demanta og vönduð úr!



Vegna mikillar eftirspurnar

Verðum eftirtalda daga á 14. hæð í turninum Grand Hótel  
Laugardaginn 9. júní frá kl. 11:00 til kl. 19:00  
Sunnudaginn 10. júní frá kl. 11:00 til kl. 19:00  
Mánudaginn 11. júní frá kl. 11:00 til kl. 19:00



Kaupum gegn staðgreiðslu allt gull m.a hringa, hálsfestar, armbönd, gullmynt,  
Gold Quest gullmynt, stytur, kertastjaka o.fl



**FRÍTT VERÐMAT!**  
Engin skuldbinding til að selja.



Kaupum gömul og ný úr eins og Rolex, Breitling, Cartier,  
Patek Philippe ásamt öllum gullúrum.



Kaupum alla demanta



## Umsagnir frá viðskiptavinum

### Besta verðið!

Ég hef selt talsvert af gullskartgripum og demöntum undanfarið ár á Íslandi og undantekningalaust hef ég fengið besta verðið hjá www.kaupumgull.is Þau eru fljót að meta, vandvirk og áreiðanleg.  
Jóna Guðmundsdóttir

### Fljót og góð þjónusta hærra verð en hjá gullsmið!

Ég kom með talsvert magn af skartgripum úr dánarbúi sem við systkynin áttum. Í 2 ár hafði ég reynt að selja gripina hjá gullsmiðum án árangurs. Mér til undrunar og ánægju voru þeir metnir af www.kaupumgull.is á hærra verði en ég hafði reynt að selja þá hjá gullsmið. Gripina fékk ég staðgreidda og allt ferlið gekk hratt og örugglega fyrir sig.  
Sigurður Eiríksson

Ég kom með föður mínum með skartgripum sem ég hafði fengið í arf, ég taldi að þeir væru um 150.000 kr virði, ég var því frekar hissa og ánægð þegar þeir voru metnir af www.kaupumgull.is á 580 þús, til að hafa vaðið fyrir neðan mig fékk ég tilboð frá fleiri aðilum, hins vegar borguðu www.kaupumgull.is mun betra verð en aðrir.  
Sigríður Jónsdóttir

## Staðgreiðum einnig verk eftir

### þekktu íslenska listmálara

eins og Gunnlaug Blöndal,  
Jóhannes Kjarval,  
Svavar Guðnason, Flóka,  
Ásgrím Jónsson,  
Nínu Tryggvadóttur,  
Karólínu Lárusdóttir,  
Jón Stefánsson,  
Georg Guðna  
og fleiri.



**Erum á 14. hæð í turninum á Grand Hótel**

Upplýsingar og tímapantanir,  
Sverrir s. 661-7000 • sverrir@kaupumgull.is





# Leiðinlega fólkið er nauðsynlegt

Söngvaskáldið og myndlistarmaðurinn **Bjartmar Guðlaugsson** fagnar sextugsafmæli sínu á miðvikudaginn með útkomu nýs safnkassa og tónleika í Háskólabíói. **Kjartan Guðmundsson** hitti Bjartmar á öðru af tveimur heimilum hans í Vesturbænum.

**V**ið alla sem ég hitti, sem eru á mínum aldri, segi ég það sama: Notið tímann í að knúsa hvert annað, því þótt við endum öll á sama eldheimili eftir tuttugu ár er ekkert víst að við þekkjum hvert annað. Þetta er nú ekki svo alvarlegt, þetta líf. Þetta er bara ferli. Bara ástand," segir tónlistar- og myndlistarmaðurinn Bjartmar Guðlaugsson sem verður sextugur næsta miðvikudag, þann 13. júní. Af þessu tilefni kemur út sextíu laga kassi með mörgum af þekktustu lögum Bjartmars og einnig verður blásið til stórra afmælistónleika í Háskólabíói um næstu helgi, nánar tiltekið laugardagskvöldið 16. júní.

Aðspurður segist Bjartmar sáttur við lífið, ástandið, ferlið og ferilinn fram að þessu. „Maður hefur farið víða og gert margt. Sextíu ár er langur tími. Fyrst og fremst er ég ánægður með það hversu heppinn ég hef verið með fólkið sem ég hef hitt á lífsleiðinni. Ég get ekki nefnt nöfn því þá yrðu allt of margir út undan, en flestir hafa verið óhemju skemmtilegir. Svo hef ég auðvitað hitt leiðinlegt fólk líka, en það er jafn nauðsynlegt og hitt. Eihvern allra leiðinlegasta mann sem ég hef hitt á ævinni skírði ég Fúlan á móti, en fyrir mér var hann hreint hunang. Fólk má vera eins og það vill og á vissan hátt hef ég gaman af leiðinlegu fólki. Svo er líka til fólk sem öllum finnst rosalega skemmtilegt en ég sé ekkert í," segir tónlistarmaðurinn og vísar til eins af sínum vinsælustu lögum, Sumarliði er fullur, en téðum Sumarliða hefur raunar brugðið fyrir í fleiri textum Bjartmars.

## Get aldrei slappað af

Það má með sanni segja að Bjartmar hafi gert margt og farið víða. Á heimili söngvaskáldsins í Vesturbænum segir hann blaðamanni að í þeim bæjarhluta hafi hann lengst af búið síðustu fjörutíu árin og unni sér vel. Hann og eiginkonan, María Helena Haraldsdóttir, eiga annað heimili á Eiðum, en sjálfur ólst Bjartmar upp á Fáskrúðsfirði, fluttist ungur til Vestmannaeyja og hefur einnig búið á Seyðisfirði og í Danmörku, þar sem hann á stóra móðurfjölskyldu og nam meðal annars myndlist í nokkur ár, auk höfuðborgarinnar og fleiri staða. Bjartmar á þrjár dætur og fimm barnabörn.

Sjötugsaldurinn er ekki eini áfanginn sem Bjartmar fagnar um þessar mundir, en í ár eru einnig liðin 35 ár frá því fyrstu höfundarverk hans voru skráð: textar við tvö lög eftir Jóhann Helgason. Raunar hafði Bjartmar verið eftirsóttur og afkastamikill textahöfundur í mörg ár áður en hann lét almennilega að sér kveða á tónlistarsviðinu svo eftir var tekið.

Hvernig stóð á því að þú vaktir athygli sem textahöfundur áður en þú slóst í gegn sem tónlistarmaður?

„Ég hef ort ljóð síðan ég var barn. Þegar ég var lítil var ég afskaplega athafnasamur. Ég var alltaf að semja ljóð, síteiknandi og auðvitað var það á kostnað námsins eins og gengur. Ég er enn svona í dag, er alltaf að mála og hoppa svo yfir í gítarinn og sem lag og aftur í myndlistina og svo sem ég texta, kannski allt á sama klukkutímanum. Svo tromma ég takta á lærin á mér meðan ég horfi á fréttirnar, því ég var trommari áður en ég varð trúbador og spilaði með nokkrum góðum böndum. Ég get aldrei slappað af og gert ekki neitt. Ef ég sinnti ekki listinni svona væri ég í vöndum málum. Elsta ljóðið mitt, sem er til skrifað, er frá því ég var þrettán ára og heitir Matvælaráðstefna Sameinuðu þjóðanna:

Við kræsinganna borð  
þeir sitja í hóp og þykjast kanna  
hvernig öll þeirra orð  
metti milljóni manna.

Svo veifa þeir hungruðum börnum með  
brosi og vinarhóti  
en börnin eru of máttfarin  
til að veifa á móti.

Ég hef stundum farið með þetta ljóð í gegnum tíðina því það er svo innilega barnalegt og einlægt. Svo tók ég fyrstu



SEXTUGUR Ásamt stórafmælinu fagnar Bjartmar Guðlaugsson einnig 35 ára höfundarafmæli í ár, en árið 1977 voru fyrstu dægurlagatextarnir hans skráðir. Þeir voru samdir við tvö lög eftir Jóhann Helgason.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

vertíðina fimmtán ára gamall og eftir slíka reynslu er maður tilbúinn í allt. Æ síðan hef ég nýtt mína eigin reynslu mikið í textagerð. Ég samdi fullt af textum, meðal annars fyrir Björgvin Gíslason og Þorgeir Ástvaldsson fóstbróður minn, samdi fá lög framan af en heyrði þau alltaf í kollinum. Svo var það árið 1982 að tvö lög eftir mig, Súrmjólk í hádeginu og Háseta vantar á bát, komu út í flutningi Guðmundar Rúnars Lúdvíkssonar, myndlistarmanns og vinar míns og þau vöktu töluverða athygli. Veturinn 1984 hafði ég nýlega kynnst konunni minni og við vorum saman á vertíð í Eyjum. Ég var að vinna í gúanóinu við að setja formalín í loðnuna í helvíti góðum og hlýjum vinnuskúr og þar samdi ég lög og textana við fyrstu plötuna mína, Ef ég mætti ráða.“

## Frægðin breytti mér ekki

Fyrstu plöturnar þínar komu þér á kortið sem tónlistarmanni með lögum á borð við Kótiletukarlinn, Sumarliða, Fimmtán ára á föstu, Stúdentshúfuna og fleiri, en í raun má segja að stóra sprengingin hafi orðið með plötunni Í fylgd með fullorðnum sem kom út 1987. Þar mátti meðal annarra heyra Týndu kynslóðina, lag sem er löngu orðið sígildur standard. Járnkallinn ásamt Ladda og Sunnudagsmorgun, og á einu augabragði varðst þú einn af allra vinsælustu tónlistarmönnum landsins. Á sínum tíma þóttust einhverjir merkja að þú hefðir ekki ýkja mikinn áhuga á þessum vinsældum. Er það rétt?

„Ég hef aldrei verið ástfanginn af frægðinni, ekki eitt einasta augnablik, og þegar Í fylgd með fullorðnum kom út átti ég fullt í fangi með að koma fólki í skilning um að ég væri



Stundum eru textarnir mínir það ákveðnir að ég verð að setja þá í IKEA-smelluramma til að þeir passi.

bara venjulegur pabbi úti í bæ. Ég hef aldrei beðið nokkurn mann um að tala við mig, spila lög mín eða tranað mér sértaklega fram heldur hef ég bara verið með. En eftir á að hyggja fór ég vel með þetta, það verður að segjast eins og er, því nógu mikil voru lætin. Þetta breytti mér ekki neitt. Ekki rassgat.“

En breyttust viðhorf annarra gagnvart þér á einhvern hátt?

„Sumir urðu líklega varari um sig, rýndu nánar í textana mína og þóttust sjá þar áróður. Járnkallinn var til dæmis tekinn dálítið fyrir, því hann var saminn um það leyti sem byrja átti að selja allt úr landi. Eins var Súrmjólk í hádeginu dálítið ljótur texti og ég var efins um hann. Stundum eru textarnir mínir það ákveðnir að ég verð að setja þá í IKEA-smelluramma til að þeir passi. Sjálfur hef ég aldrei verið flokkspólitískur heldur fyrst og fremst mannréttindasinni. Ég vil að mennirnir beri virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Ég á ekki til neina óvild og hef ekki skrasett einn einasta mann sem óvin í höfðinu á mér. Mér finnst líka að fólk ætti að athuga vel hvað fer inn á harða diskinn hjá börnum, því það er ekki auðvelt að „dílíta“ því sem þar er komið inn. Margt af því sem er í umræðunni er borið fram með þeim hætti að það á ekkert erindi við börn. Haf aðgát í nærveru sálar.“

## Hef svartan húmor

Er þessi samúð með lítilmagnanum ekki einmitt það sem margir hafa hrifist af í tónlist þinni og textum í gegnum árin?

„Ég veit ekkert um það hvort ég er til fyrirmyndar í textagerð og slíku. Ég hef svartan húmor og hef stundum

## Stórar plötur Bjartmars



1984 Ef ég mætti ráða  
1986 Venjulegur maður  
1987 Í fylgd með fullorðnum  
1988 Með vottorði í leikfimi  
1989 Það er puð að vera strákur



1992 Engispretufaraldur, Haraldur!  
1994 Bjartmar  
1998 Ljóð til vara  
1999 Strik



2002 Vor Ekki barnanna bestur



2010 Skrýtin Veröld (ásamt Bergrisunum)

sagt hluti sem ég hef verið lengi að jafna mig á sjálfur, en ég vil alls ekki vera starfandi listamaður í þjóðfélagi án þess að reyna í það minnsta að láta það leiða til einhvers góðs. Sjálfur hef ég ríka réttlætiskennd. Þegar ég var lítil strákur í Eyjum stálum við vinur minn einu sinni kopar frá strák sem var rosalega duglegur að safna fyrir jólasiglingarnar til Hull og fleiri staða. Pabbi minn böstaði okkur, lét okkur skila koparnum til stráksins og á leiðinni heim sagði hann: „Það er hægt að fyrirgefa nánast alla mannlega bresti nema níðingsskap, en ef það vantar í ykkur réttlætiskenndina er ekkert hægt að gera fyrir ykkur.“ Þetta man ég ennþá.“

## Engin langtímaplön

Síðasta plata Bjartmars, Skrýtin veröld sem hann gerði ásamt Bergrisunum og kom út sumarið 2010, vakti mikla lukku og var Bjartmar meðal annars tilnefndur í fyrsta sinn til Íslensku tónlistarverðlaunanna. Hvert er svo framhaldið?

„Maður gerir engin fjörutíu ára plön þegar maður er sextugur. Ég er að vinna að nýrri plötu, en núna einbeiti ég mér fyrst og fremst að myndlistinni og afmælistónleikum í Háskólabíói. Nú hangir upp sýning í Reykjanesbæ og 24. júní verður opnuð önnur sýning í Stykkishólmi. Á afmælistónleikumum 16. júní verður bara rosalegt fjör. Ég byrja rólega, segi kannski nokkrar lygasögur eins og ég kalla þær til að koma fólkinu í gírinn, og svo rokkum við bara með dúndur bandi, bakróddum og gestum. Þetta verða löginn sem allir þekkjá og vilja syngja með. Svo ganga allir sælir út í þjóðhátíðarnóttina.“





VERÐVERND BYKO  
**LÆGSTA  
VERÐIÐ**

Vnr. 41621501  
Fellanlegt borð og  
stólar, harðviður.  
**49.990** kr.

# NJÓTTU SUMARSINS Á LÆGRA VERÐI

**BYKO**

BÚÐU BETUR. BORGADU MINNA.

1962-2012



Öll verð eru birt með lynnæra um prentvillur og eða myndabreyngi. Allar vörur í list BYKO Brædd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.



Vnr. 41616009  
Fellanlegur stóll og  
sessa, acacia harðviður.

**5.990** kr.



Vnr. 41622106  
Sólstóll, plast/bast,  
stálarrammi.

**6.990** kr.



Vnr. 41616014  
Garðsett, borð  
550x550 mm og tveir stólar.

**16.990** kr.



Vnr. 41624117  
MOSAIC borð, kringlótt,  
60 cm, stálarrammi með  
borðplötu úr mósaik, grænt.

**14.240** kr.



Vnr. 0291451  
Garðborð,  
gagnvarin fura  
154x177x71 cm,  
26 mm.

**15.990** kr.



Vnr. 41616016  
Garðsett úr acacia  
harðviði, borð 160x90 cm,  
tveir bekkir 135x32 cm,  
ásamt svörtum sessum.

**49.900** kr.



Vnr. 88015948  
Tjald, tvö herbergi,  
fjögurra manna.  
**19.990** kr.



Vnr. 88015952  
Rúmgott 3ja manna  
tjald með tjaldhimni.

**6.990** kr.



Vnr. 50632105  
MR GRILL ferðagagrill,  
grillflötur 30x37 cm,  
efri grind, hitadreifi-  
plata. Prýstjafnari og  
slanga fylgja. Hægt að  
nota við flestar gerðir  
gaskúta. 2,6kW.

**12.600** kr.



Vnr. 86332040-9040  
KJÖRVARI viðarvörn,  
margir litir, 4 l.

**3.595** kr.



Vnr. 86363040-540  
Kjørvari pallaolia, glær,  
græn, hnota, fura, rauðfura  
eða rauðviður, 4 l.

**4.390** kr.



Vnr. 89410460-650  
PINOTEX CLASSIC  
viðarvörn, margir litir, 6 l.

**5.990** kr.



Vnr. 87741715  
Kælibox án raf-  
magns, 30 l.

**3.990** kr.



Vnr. 87977142  
Kælibox, 25 l,  
12V.

**8.690** kr.



# Farsælasti forsetinn

**Kristján Eldjárn** tókst hvort tveggja, að láta til sín taka á hinu pólitíska sviði þegar nauðsyn krafði en vera um leið sameiningartákn sem langflestir kunnu að meta. *Guðni Th. Jóhannesson* fjallar um farsælasta forseta lýðveldisins.

Í nýársávarpi sínu 1968 staðfesti Ásgeir Ásgeirsson forseti að hann hygðist láta gott heita um sumarið eftir 16 ár á Bessastöðum. Um leið var almannarómur á þá leið að Gunnar Thoroddsen, tengdasonur hans, tæki væntanlega við embættinu. Sumarið 1965 hafði Gunnar gefið upp ráðherradóm, hætt á Alþingi og látið af varaformennsku í Sjálfstæðisflokknum. Í staðinn gerðist hann sendiherra í Kaupmannahöfn og undirbjó framboð á laun. Snemma árs 1968 virtist hann eiga sigurinn vísan; í óformlegum skoðanakönnunum bar hann höfuð og herðar yfir aðra sem nefndir voru til sögunnar.

Forystumenn í Alþýðubandalagi, Alþýðuflokki og Framsóknarflokki vildu hins vegar allt til vinna svo að Gunnar Thoroddsen kæmist ekki til æðstu metorða á Íslandi. Til margra var leitað en hvorki gekk né rak. Um síðir mændu menn helst vonarugum til Kristjáns Eldjárns þjóðminjavarðar. Hann þótti vandaður maður og var vinsæll, ekki síst fyrir sjónvarpsþætti um forna muni og minjar. En Kristján var tregur til. Snemma í mars 1968 leit enn út fyrir að enginn yrði í framboði til forseta um sumarið nema Gunnar Thoroddsen. Nánast á síðustu stundu lét Kristján Eldjárn þó undan. Þá hafði honum verið færður heim sanninn um að sannkölluð breiðfylking áhrifamanna úr öllum flokkum stýddi framboð hans. Munaði þar ekki síst um atbeina Péturs Benediktssonar, bróður Bjarna forsætisráðherra. Pétur hafði ímugust á Gunnari Thoroddsen.

## „Kjöfættur forseti á sauðskinnsskóm“

Kosningabaráttan hófst. Skrifstofur voru opnaðar, fundir haldnir, blöð gefin út. Gunnar og liðsmenn hans sögðu að forseti Íslands ætti að vera „sameiningartákn þjóðarinnar“ sem örvaði til samheldni en veitti jafnframt festu og forystu á örlagastundum. Þannig hefði forsetinn „raunverulegt vald“ við myndun ríkisstjórna og staðfestingu laga og því þyrfti hann að búa yfir langri reynslu úr heimi stjórnmálanna. Völu Ásgeirsdóttur Thoroddsen var einnig hampað. Saman myndu þau Gunnar vera þjóðarþróði á Bessastöðum og glæstir fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks lýstu opinberlega yfir stuðningi við hann.

Um leið beindi stuðningsfólk Gunnars spjótum sínum að Kristjáni Eldjárn. Hann væri í raun rannpólitískur vinstriáhrifur sem hefði verið í framboði fyrir Framsóknarflokkinn, barist gegn varnarsamstarfi við Bandaríkin og verið á móti sjónvarpsútsendingum varnarliðsins. Sin á milli sögðu hörðustu fylgjendur Gunnars sömuleiðis að fornleifafræðingurinn Kristján vissi ekkert um eðli forsetaembættisins og einn þeirra spaugði með þá fásinnu að Íslendingar kysu yfir sig „kjöfættan forseta á sauðskinnsskóm“. Loks væri Halldóra Eldjárn „púkó“ og lítt hæf til að sinna húsfreyjuhlutverki á þeim virðingarstað.

Pannig var slúðrið. Því fundu Gunnar og Vala einnig fyrir, líklega í ríkari mæli en Eldjárnshjónin. Fyrir á árum hafði Gunnar stundum neytt áfengis meir en góðu hófi gegndi. Nú var það rifjað upp, ýkt og lagt á versta veg. Saman voru þau sögð gefin fyrir þrjá sem líka var ósanngjarnt en að því var ekki spurt. Þetta hafði áhrif á kjósendur þó að það skipti ekki sköpum. Liðsmenn Kristjáns áttu einfaldlega auðvelt með að lýsa kostum hans þannig að fólk hreifist með. Hinum pólitíska aðdraganda framboðsins var haldið leyndum eftir fongum. Sagt var að framboðandinn sjálfur væri löngu hættur öllum afskiptum af stjórnmálum og myndi halda sig utan hins pólitíska sviðs. Kristján Eldjárn væri öðrum fróðari um sögu Íslands og menningu, maður alþýðunnar rétt eins og hin látalesa en virðulega eiginkona hans.

## Fólkið velur forsetann

Við upphaf kosningabaráttunnar hafði Gunnar Thoroddsen sagt um sjálfan sig að „fólkið velur forsetann“, kjörorðið sem reyndist Ásgeiri Ásgeirssyni svo vel í forsetakjörinu 1952, ætti ekki við í þetta sinn. Það var öðru nær. Um leið og tilkynnt var um framboð Kristjáns Eldjárns var sem ferskur andblær færi um samfélagið. Fólk fannst það hafa val um eitthvað annað en fulltrúa valdakerfisins og það vildi ekki vísi að erfðaveldi á Bessastöðum. Í raun hefði Gunnar ekki getað



1. ÁGÚST 1980 Fráfarandi forseti Kristján Eldjárn og Halldóra Eldjárn fyrir utan Alþingishúsið daginn sem Kristján lét af embætti forseta. Myndin birtist í Vísi og var myndatextinn sem birtist með henni svohljóðandi: „Kristján Eldjárn hefur látið af störfum eftir tólf ár á forsetastóli. Mannfjöldinn hylti hann og frú Halldóru að lokinni embættistöku Vigdísar og hann tók eftirminnilega undir.“

FORSETA  
KOSNINGAR  
2012

MYND/LÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

valið verri stund til forsetaframboðs. „68-kynslóðin“ var í blóma og kunni ekkert endilega að meta öll hans afrek á opinberum vettvangi. Gunnar Thoroddsen var bendlaður við óvinsæla ríkisstjórn sem glímdi við erfiðleika í efnahagsmálum og galt þess auðvitað. Þar að auki höfðu margir eldri sjálfstæðismenn fráleitt fyrirgefið „svikin“ frá 1952 þegar Gunnar studdi Ásgeir tengdaföður sinn gegn óskum annarra í forystusveitinni.

Síðast en ekki síst höfnuðu landsmenn öllum hræðsluáróðri. Jafnvel hörðustu hægrimmenn létu sér í léttu rúmi liggja að Kristján hefði á yngri árum verið á móti því að erlendir her væri í landinu. Forseti ætti að standa utan stjórnmálalábaráttunnar og þá væri best að hann hefði ekki verið í henni miðri árum saman. Kristján Eldjárn yrði „ópólitískur“. Íslendingar vildu reynsluleysið frekar en

hægt að vekja athygli á kostum Íslands og málstað þess, til dæmis í þorskastríðnum sem geisluði í embættistíð Kristjáns. Í þessu efni nálgast hógvæðin feimni eða jafnvel uppburðarleysi.

## Fæti skal ekki brugðið fyrir forsætisráðherra...

Kristján Eldjárn komst snemma að því að þótt hann ætlaði sér að vera „ópólitískur“ í embætti þyrfti hann að taka stórpólitískar ákvarðanir. Undan því vékst hann ekki en kappkostaði að sýna hlutlægni og gera öllum stjórnmálaflokkum jafnhátt undir höfði. Það var nýmæli en hiklaust í anda þess sem til var ætlast í stjórnskipun landsins.

Sumarið 1970 reyndi fyrst af einhverri alvöru á pólitíska afstöðu forseta. Hafnaði hann þá þeirri málaleitan að staðfesta ekki lög út af umdeildum framkvæmdum við Lax-

## Hlutlægni og sanngirni

Stjórnarmyndanir að loknum alþingiskosningum 1971 og 1974 gengu sémilega fyrir sig en sumarið 1978 syrti í álinn. Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur guldur þá afhróð í kosningum en Alþýðubandalag og Alþýðuflokkur unnu stórsigra. Um leið var ljóst að illa gæti gengið að mynda meirihlutastjórn. Fyrst fékk Benedikt Gröndal, formaður Alþýðuflokksins, að spreya sig og síðan Geir Hallgrímsson, formaður Sjálfstæðisflokksins. Ekki gekk það og þá lá beint fyrir að Lúdvík Jóseppsson, formaður Alþýðubandalagsins, fengi umboð forseta til stjórnarmyndunar. „Ópólitíski“ forsetinn tók að sjálfsgöðu þá hlutlægu ákvörðun en uppskar hneykslun Morgunblaðsins og Sjálfstæðisflokksins. Sósíalistar áttu áfram að vera utangarðs við stjórnarmyndanir, í anda Sveins Björnssonar og Ásgeirs Ásgeirssonar.

Áður en yfir lauk höfðu formenn allra flokkanna haft umboð forseta til stjórnarmyndunar. Um síðir tókst að mynda ríkisstjórn en hún hrökklaðist frá völdum haustið 1979. Kristján Eldjárn sýndi þá á ný að þótt hann væri „ópólitískur“ gripi hann til sinna ráða ef með þyrfti. Forseti lét í það skína að yrði ekki mynduð ný stjórn hið snarasta skipaði hann eigin utanþingsstjórn. Þetta vopn virkaði og aftur snemma árs 1980 þegar formönnum stjórnmálaflokkanna fjögurra hafði öllum mistekist að mynda stjórn. Þá vofði utanþingsstjórn yfir en Gunnar Thoroddsen varð fyrri til að mynda sína umdeildu ríkisstjórn.

Hefði Kristján Eldjárn mátt vera enn íhlutunarsamari? Hefðu stjórnarmyndanir þá gengið betur? Þess spurði hann sjálfur en svaraði réttilega að það stóðaði lítt að gera forsetann að blóraböggli. Vandinn lá á vettvangi stjórnmálanna. Þar skipti ekki síst máli að tveir flokksforingjanna, Benedikt Gröndal og Geir Hallgrímsson, voru of veikburða í flokkum sínum og skorti jafnframt eindreginn vilja til valda.

## Enginn er ómissandi

Á nýársdag 1980 tilkynnti Kristján Eldjárn að hann léti af embætti um sumarið. Stjórnarkreppa ríkti og vinir forseta höfðu skorað á hann að sitja áfram út af þeirri óvissu sem virtist fram undan. Kristján hvikaði hins vegar hvernig, enda væru tólf ár æskilegur tími á Bessastöðum: „Og enginn hefur gott af því að komast á það stig að fara að ímynda sér að hann sé ómissandi.“

Kristján hvarf á braut en lést fyrir aldur fram árið 1982. Fyrstur forseta kostaði hann kapps að láta ekki eigin skoðanir hafa áhrif á gang stjórnmálalábaráttunnar. Hann sinnti embættinu eins og til er ætlast í stjórnskipun landsins og uppskar eftir því. Kristján Eldjárn má örugglega teljast farsælasti forseti lýðveldisins.

● ● ● Kristján Eldjárn komst snemma að því að þótt hann ætlaði sér að vera „ópólitískur“ í embætti þyrfti hann að taka stórpólitískar ákvarðanir. Undan því vékst hann ekki en kappkostaði að sýna hlutlægni og gera öllum stjórnmálaflokkum jafnhátt undir höfði.

reynslna. Himinn og jörð myndu ekki farast þótt fornleifafræðingurinn yrði valinn fram yfir ambassadorinn og þingmanninn, borgarstjórn og ráðherrann fyrrverandi. Gunnar hafði búið sig of vel og lengi undir að verða forseti. Hann langaði of mikið til að verða forseti. Þannig þjóðhöfðingja vildu Íslendingar ekki.

## Forsetinn heimakæri

Kristján Eldjárn var kjörinn forseti með yfirburðum, hlaut tæpa tvo þriðju atkvæða. Fyrstu árin á forsetastóli urðu honum um sumt erfið. Eitthvað voru þau Halldóra áfram rægð, þau þóttu ekki nógu „höfðingleg“ að sumra mati. Tíðarandinn var líka annar, starfsskyldurnar stopullu en seinna varð. Kristján þyrfti að fóta sig á nýjum stað og marka sér hlutverk.

Forsetinn sat þó ekki með hendur í skauti. Senn fjölgaði fundum, móttökum og veislum og forsetahjónin fóru í viðhafnarferðir innanlands. Ræður hans og ávörp snerust oftast en ekki um sögu lands og þjóðar. Vel komst hann að orði og virtist ná að snerta streng í hjörtum margra Íslendinga jafnvel þótt hann þæraði þá á háttíðarstundum.

Á hinn bóginn gátu opinberar heimsóknir Kristjáns til útlanda vart verið færri. Hann hélt til hinna norrænu ríkjanna en lét þar við sitja fyrir utan eina Belgíuför. Forseti hefði gjarnan mátt fara oftast utan því þannig var

árvirkjun í Mývatnssveit. Ekki fór sú beiðni hátt en styrinn varð heldur betur meiri vorið 1974. Ólafur Jóhannesson forsætisráðherra leitaði þá samþykkis forseta fyrir því að þing yrði rofið, jafnvel þótt nær öruggt sýndist að meirihluti alþingismanna væri því andsnúinn eins og málum var komið. Kristján þáði ráð vina og embættismanna og rifjaði upp forðameið frá 1931 þegar meirihluti þings var augljóslega á móti því að til þingrofs kæmi. Þá hafði forsætisráðherrann sitt fram með atbeina þjóðhöfðingjans, Kristjáns X. í Kaupmannahöfn.

Ólafur Jóhannesson hafði verið prófessor í stjórnskipunarrétti og kvaðst kunna sitt fag; forseti væri „skyldugur“ til að verða við „tilmælum“ forsætisráðherra. Kristján Eldjárn taldi því rétt að rjúfa þing enda gæti forseti „ekki með nokkru móti brugðið fæti fyrir forsætisráðherra nema með því að steypa sér og embættinu sínu í ógurlegan háska og trufla stórkostlega annan gang stjórnmálanna“. Þar að auki hafði Kristján fullvissað sig um að nær vonlaust var að mynda nýja ríkisstjórn sem nyti meirihluta þess þings sem sæti. Skynsamlegast væri því að láta gott heita og boða til kosninga þar sem nýr þjóðarvilji kæmi fram. Aftur á móti réð þingrofið 1974 miklu um það að stjórnmálakrá var síðar breytt á þann veg að nú er ómögulegt að rjúfa þing þannig að þingheimur missi samfundis umboð sitt eins og þá var gert.





skekkilegri



TOYOTA

samskip



# SPRETTUR

HELGI BJÖRNS OG VILBORG HITA UPP FYRIR LANDSMÓT

## HEFST Á SUNNUDAG KL. 19.45

Komdu með Helga Björns og Vilborgu Halldórsdóttur á þeysireið um landið. Í þessum léttu þáttum hittum við skekkilegt fólk á leið á Landsmót hestamanna; reiðkennara, dómara, fræga knapa og fleiri og rifjum upp góðar sögur af Landsmótum gegnum tíðina.



HORFÐU HVAR SEM ER, HVENÆR SEM ER.



Í bústaðnum • í snjallsímanum • á spjaldtölvunni • í tölvunni

## VÆNTANLEG SNILLD SEM ÞÚ MISSIR EKKI AF!



### SPURNINGABOMBAN

Laufleittur spurningabáttur með Loga Bergmann. Föstudaga kl. 20.05



### DALLAS

Frægasta fjölskylda sjónvarps-sögunnar er komin aftur! Hefst 17. júní



### EVROPSKI DRAUMURINN

Óborganleg skekkiferð með fyndnustu mönnum landsins. Hefst 29. júní



### STÓRA ÞJÓÐIN

Vandaðir heimildabættir um sístækkandi vandamál á Íslandi. Miðvikudaga kl. 20.05



### SO YOU THINK YOU CAN DANCE

Veldu þér dansfélaga! Föstudaga kl. 20.50



### THE KILLING

Mögnuð endurgerð á dönsku þáttunum Forbryðelsen. Sunnudaga kl. 21.45



### GLEE

Einn vinsælasti unglingsþáttur allra tíma! Hefst 18. júní



### BONES

Kynþokkafyllsti réttarmeinafræðingur heims! Hefst 26. júní



### GIRLS

Ný gamanþáttaröð frá HBO og leikstjóra 40 Year Old Virgin. Þriðjudaga kl. 21.55



### BARNAEFNI

Frábært skekkiefni fyrir þá yngri – allt á íslensku! Alla virka daga og allar helgar

#STÖÐ2



## MENNING Í FIRÐINUM

■ Í Hafnarborg standa yfir tvær sýningar. Annars vegar sýning á ljósmyndaverkunum House Project, Annað hús og Þriðja hús eftir Hrein Friðfinnsson. Hins vegar er sýning á abstrakt expressjónískum málverkum og vatns-litamyndum eftir Eirik Smith, verk sem listamaðurinn vann á síðari hluta sjöunda áratugarins. Báðar sýningar standa til 19. ágúst. [www.hafnarborg.is](http://www.hafnarborg.is)

■ Á kvenréttindadaginn, þann 19. júní næstkomandi, verður einleikurinn Kona einsömul, eftir leiklistarfrömuðinn Dario Fo og konu hans Franca Rame í þýðingu Aldísar Davíðsdóttur, frumsýndur í Gaflaraleikhúsinu. Aldís fer einnig með einleik undir leikstjórn Guðjóns Þorsteins Pálmarssonar. Verkið tekur á réttindum kvenna á gamansaman hátt þar sem gert er grín að yfirgangi karlmannna og því hvernig konur eiga til að láta kúga sig. [www.gaflaraleikhusid.is](http://www.gaflaraleikhusid.is)

■ Á sumrin er opið alla daga á Byggðasafni Hafnarfjarðar sem er minja- og ljósmyndasafn Hafnarfjarðarbæjar. Byggðasafn Hafnarfjarðar er með sýningaaðstöðu í sex húsum, þar á meðal Pakk-húsinu þar sem er að finna sýninguna „Þannig var...“ en á henni er saga Hafnarfjarðar og nágrennis rakin frá landnámi til okkar daga með aðstoð sagnfræðilegra texta, ljósmynda, teikninga, kvikmynda og fjölda muna.

■ Kvikmyndasafnið er með biósýningar á laugardögum. Sýnt er í Bæjarbíói sem hefur verið starfrækt síðan 1945. [www.kvikmyndasafn.is](http://www.kvikmyndasafn.is)

## BYLJULESTIN

Bylgjulestin verður á ferðinni í sumar líkt og undanfarin sumur. Næsti áfangastaður verður Hafnarfjörður þar sem árleg vikingahátíð verður haldin næstu helgi. Hemmi Gunn er lestarstjóri og honum við hlið er hin fjöruga Svansí. Þau stýra þættinum Ævintýraeyjunnar á Bylgjunni á laugardögum milli kl. 13 og 16 og senda út frá viðkomustöðum lestarinnar sem verða um allt land. Í Bylgjulestinni er hljóðnemum Bylgjunnar beint að fólkinu sem býr í bæjunum, fólkinu sem er að ferðast um landið og kikir í heimsókn og reynt að koma stemningunni til allra hinna sem eiga ekki heimangengt.



# Ó þú hýri Hafnarfjörður

Fallegar götur og fjölbreytt náttúrufar er meðal þess sem finna má í **Hafnarfirði** þar sem Fréttablaðið stingur nú niður fæti á ferðalagi sínu um landið. Bærinn hefur vaxið mikið undanfarin ár með tilheyrandi nýbyggingum en er þó sem fyrr afar sjarmerandi og margt að sjá og gera.

## 1. Bæjarrölt

Þegar rölt er um gamalgrónar götur í Hafnarfirði er líkt og stigið sé upp í tímavél. Fyrir áhugasama um gömul og falleg hús er sérstaklega mælt með gönguferð um Vesturbæ Hafnarfjarðar. Austurgata og Suðurgata eru líka einkar fallegar en sú fyrrnefnda hefur oft verið notuð sem sviðsmynd í auglýsingar og kvikmyndir. Svo er mælt með skoðunarferð í Frikirkjuna í Hafnarfirði sem er einkar falleg timburkirkja sem stendur einmitt við Linnetsstíg.

## 2. Hamarinn

Bæjarstæði Hafnarfjarðar er einkar fallegt. Af Hamrinum sem gnæfir yfir miðbæ Hafnarfjarðar er fyrirtaks útsýni yfir bæinn og höfnina.

## 3. Matur

Margvíslega veitingastaði er að finna í Hafnarfirði. English pub er svo vinsælasti bar í Hafnarfirði og heimsóknarinnar virði að sögn heimamanna sem einnig mæla með heimsókn á Pylsubarinn í Fjarðargötu þar sem finna má fína og hróðdýra hamborga. Fjarðarkaup er eftirlætisbúð Hafnarfirðinga og margra annarra vitanlega. Þar er ætíð verið að kynna hin ýmsu matvæli á föstudögum sem þýðir að þar má borða sig saddan án þess að reiða fram krónu.

## 4. Nepölsk sérverslun

Ýmsar sérverslanir eru í Hafnarfirði. Ein sú skemmtilegasta er verslunin Kailash á Strandgötu sem er sérverslun með nepalskar vörur, sú eina á landinu.

## 5. Helligerði

Almenningsgarðurinn Helligerði í Hafnarfirði er huggulegur garður, þar sem tilvalið er að fara í pikknikk og leika sér í leiktækjunum.

## 6. Sundlaugar


Þrjár þrýðilegar sundlaugar eru í Hafnarfirði, Sundhöll Hafnarfjarðar, Suðurbæjarlaug og Ásvallalaug. Sú síðarnefnda er frábær fyrir sundferð með allra yngstu börnin.

## 7. Hvaleyrarvatn

Miklar náttúruperlur tilheyrta Hafnarfirði sem enginn ætti að láta framhjá sér fara. Þar á meðal er Hvaleyrarvatn sem er afar fallegt, þar er mikið mannlíf á sumrin, fjölskyldur á daginn og unga fólkið safnast þarna saman á kvöldin. Hægt er að veiða í vatninu og synda þegar hlýtt er í veðri.

## 8. Ásfjall

Ganga á Ásfjall er auðveld og við Ástjörn á að vera að finna gott fuglalíf. Enda er fuglaeftir-



litsmaður þarna á sumrin og bannað að vera með hunda á svæðinu.

## 9. Helgafell og Búrfell

Ganga á Helgafell er skemmtileg og útsýni á góðum dögum gott. Skammt undan blasir Búrfell í Heiðmörk við en gangan í Búrfellsgjá er ævintýrleg fyrir unga sem aldna.

## ■ ÍSLENSKUM VÍKINGUM HEFUR FJÖLGAÐ



## Vígja fjórtán víkingahús við Fjörúkrána

Það er ansi mikið sem verður að gerast hjá okkur á hátíðinni, handverksmenn, bardagasýningar, víkingaskóli barnanna og margt fleira,“ segir Jóhannes Viðar Bjarnason, eigandi Fjörúkráarinnar í Hafnarfirði og skipuleggjandi hinnar árlegru víkingahátíðar, Sólstöðu-hátíðar í Hafnarfirði, sem haldin verður í næstu viku. „Hér verða fjórtán víkingahús vígð sem standa á bak við Fjörúkrána, við fáum danskan goða til þess að gera það. Hingað koma erlendir víkingar og svo auðvitað íslenskir,“ bætir Jóhannes við og upplýsir að íslenskum víkingum hafi fjölgað mikið undanfarið. „Ég held að þeir séu orðnir 130 talsins.“

Víkingahátíðin hefst á fimmtudag klukkan eitt þegar markaðurinn opnar. Hátíðin stendur fram á sunnudag og hefst dagskráin ætíð klukkan eitt og stendur fram á nótt. Á daginn eru bardagalistarnar í öndvegi en á kvöldin eru veisluhöld, tónleikar og dansleikir.

Nánari upplýsingar um hátíðina er að finna á heimasíðu Fjörúkráarinnar [www.fjorukrain.is](http://www.fjorukrain.is).



## Opinn ársfundur Orkuveitu Reykjavíkur 2012

Orkuveita Reykjavíkur heldur opinn ársfund 14. júní 2012 kl. 14:00 til 16:00. Fundurinn er haldinn til að auka gegnsæi í starfsemi og stuðla að upplýstri umræðu um málefni fyrirtækisins.

Á fundinum verður meðal annars kynnt framvinda aðgerðaáætlunar Orkuveitunnar og eigenda og ný skref sem stigin hafa verið til að bæta frammistöðu fyrirtækisins í umhverfismálum.

Fundurinn verður haldinn í höfuðstöðvum Orkuveitu Reykjavíkur að Bæjarhálsi 1 í Reykjavík.





# SUÐURLAND

LAUGARDAGUR 9. JÚNÍ 2012

**Kynningarblað** Afþreying, bæjarhátíðir, náttúrufegurð og ljúffengar veitingar



FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR




FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR



**Markaðsstofa Suðurlands**  
sími 483 5555 – info@south.is – www.south.is



## Suðurland í sókn

Ferðapjónustan er í mikilli sókn á Suðurlandi. Fjölmargir möguleikar eru í boði þegar kemur að gistingu, afþreyingu og veitingum.

Suðurlandið er helsti viðkomustaður ferðamanna hérlendis. Möguleikar fyrir ferðamenn á svæðinu, sem nær frá Selvogi í vestri til Hafnar í Hornafirði í austri, eru óþrjótandi. Davíð Samúelsson, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands, segir mikla uppbyggingu hafa átt sér stað undanfarin ár víða um Suðurlandið hvað snertir aðgengi að landsfjórðungnum, afþreyingu og gistimöguleika. „Aðgengi ferðamanna inn á Suðurlandið hefur batnað mikið undanfarin ár og núna í sumar verður nýr Suðurlandsvegur formlega opnaður. Margs konar afþreying er í boði fyrir alla aldurshópa og hefur úrval hennar aukist mikið. Þar má meðal annars nefna göngu- og hjólaferðir, hestaferðir, fjallgöngur, bátsferðir og veiðiferðir. Auk þess er mikið úrval stórskemmtilegra bæjarhátíða allt sumarið á Suðurlandinu sem flestar stíla inn á fjölskyldufólk. Þar má meðal annars nefna Kótelettuna á Selfossi, Tour de Hvolsvöllur, Landnámsdaginn, Blóm í bæ í Hveragerði og Humarhátíðina á Höfn.“

Davíð bendir einnig á að gistimöguleikum hafi fjölgað mikið og aðstaða almennt fyrir ferðamenn sé stöðugt að batna. Í dag sé hægt að velja úr fjölbreyttum gistimöguleikum í öllum verðflokkum. „Síðan má ekki gleyma þeim fjölda góðra veitingastaða sem finna má í þessum landsfjórðungi. Við eigum gott úrval veitingastaða sem sérhæfa sig í sjávarfangi og hráefni af Suðurlandi auk allra þeirra staða sem bjóða upp á hefðbundnari veitingar.“ Auk alls þess sem talið hefur verið hér upp býður Suðurlandið upp á mikinn fjölda sundlauga og golfvalla sem eru sívinsælir viðkomustaðir ferðamanna yfir sumartímann.



Mikill fjöldi innlendra og erlendra ferðamanna heimsækir Suðurland ár hvert og á Davíð von á áframhaldandi aukningu. „Við finnum fyrir því að hækkandi bensínverð eykur enn frekar áhuga ferðamanna á Suðurlandinu enda stutt að fara í fallega náttúru og skemmtilega afþreyingu.“ Davíð segir hlutverk Markaðsstofu Suðurlands að vera samstarfsvettvangur fyrir tæki og sveitarfélög á Suðurlandi. „Við vinnum að því að koma Suðurlandi á framfæri hérlendis sem erlendis. Við tökum meðal annars á móti fjölda erlendra og innlendra blaðamanna og ferðakaupenda ár hvert og kynnum fyrir þeim kosti fjórðungsins.“

Davíð Samúelsson, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands.



## LANDNÁMSDAGURINN

Íbúar Skeiða- og Gnúpverjahrepps bjóða landsmönnum í heimsókn í dag, laugardaginn 9. júní, þegar Landnámsdagurinn verður haldinn í fjórða sinn. Dagskráin er fjölbreytt og ætluð öllum aldurshópum. Opin hús verða vítt og breitt um sveitina og fjölbreyttar uppákomur í boði. Íbúar bæja á Skeiðum bjóða gesti velkomna í heimsókn til að kynna störfum fólksins í sveitinni. Grænahlíð býður upp á skemmtilegt skrautfiskasafn og hestabúgarðurinn Blesastaðir er í næsta nágrenni. Margmiðlunarsýning verður opin í Þjórsárstofu á Árnesi, gagnvirk sýning verður í boði í Búrfelli og Þjóðveldisbærinn verður opin en hann er eftirlíking af bænum hans Gauks á Stöng. Réttirnar í sveitinni eru nýupphlaðnar og fallegar. Þar verður boðið upp á ýmis skemmtatriði frá kl. 15 og meðal annars boðið upp á ljúffenga súpu. Þjórsárdalsskógur er auðvitað útivistarparadís fyrir alla aldurshópa og mikil upplifun að fá sér kaffi og pönnukökur þar yfir opnum eldi. Allir eru velkomnir og ókeypis er á alla viðburði.

Nánari upplýsingar má finna á vef Skeiða- og Gnúpverjahrepps: [Skeidgnup.is](http://Skeidgnup.is).

# Árstíðirnar í garðinum komin út á ný

Fimmta bókin í þessum vinsæla bókaflökki er komin út í annarri prentun en hún hefur verið ófáanleg í nokkurn tíma. **Páll Jökull Pétursson**, ljósmyndari bókarinnar, hyggst opna ljósmyndasýningu í garðinum heima hjá sér.

Árstíðirnar í garðinum er nýlega komin út í annarri prentun, endurbætt og í stærri útgáfu. „Það eru töluverðar viðbætur í þessari útgáfu eða sextán nýjar blaðsíður. Mikið er af nýjum myndum og einnig var eitthvað smálegt leiðrétt frá fyrri útgáfu. Þetta er fimmta bókin í þessum flokki sem við gefum út,“ segir Páll Jökull Pétursson, einn þriggja útgefenda og ljósmyndari bókarinnar. Bókin er til sölu í öllum helstu bókaverslunum og í flestum garðvöruverslunum. Einnig er hægt að kaupa bókina á vefsíðu útgáfunnar, Rit.is. Þar fá áskrifendur blaðsins Sumarhúsið og garðurinn afslátt af bókinni en útgefendur bókarinnar gefa samnefnt tímarit einnig út.

Páll Jökull og kona hans, Auður I. Ottesen, standa saman að útgáfunni. „Við lifum og hrærumst í öllu sem snýr að garðrækt. Við höfum skapað okkur ákveðna sérstöðu með útgáfu tímaritsins og bókanna en markhópurinn er fólk sem hefur áhuga á plöntum, garðrækt og útiveru. Mér finnst ég vera heppinn að vinna við það sem ég hef áhuga á, að taka myndir og búa til þetta fallega les efni. Áhuginn á garðræktinni fylgir svo í leiðinni.“

Í endurútgáfu Árstíðanna er mikið af nýjum myndum sem Páll Jökull tók. „Það þarf að fylgjast



Páll Jökull, ljósmyndari bókarinnar Árstíðirnar í garðinum, hyggst opna ljósmyndasýningu í garðinum sínum á næstunni. Í Árstíðunum í garðinum má meðal annars finna fjölda mynda af plöntum og ýmis góð ráð varðandi garðrækt. MYND/UR EINKASAFNI

vel með öllu nýju. Ég gat sett í bókina nokkur betri eintök af plöntumyndum og svo er bætt við kafla um bambus sem vert er að prófa að rækta hér á landi. Einnig eru taldar upp nokkrar tegundir plantna sem ættu að þrífast hér miðað við veðráttu og breiddargráðu,“ segir hann.

Tímaritið Sumarhúsið og garðurinn fagnar tuttugu ára afmæli sínu á

þessu ári og í tilefni þess ætlar Páll Jökull að setja upp ljósmyndasýningu fyrir utan fyrirtæki og heimili þeirra hjóna að Fosshéiði 1 á Selfossi. „Þetta verður gróður tengd sýning en hún verður ekki alveg hefðbundin þar sem hún verður í einkagarði en ég held að þetta sé í fyrsta sinn hér á landi sem ljósmyndasýning verður sett upp á þann hátt,“ segir Páll Jökull.

# Dagsferð í óbyggðir

Í sumar býður **TREX – Hópfærdamiðstöðin** upp á daglegar skoðunarferðir í náttúruperlurnar Þórsmörk, Landmannalaugar og um Suðurstrandarveg.

TREX – Hópfærdamiðstöðin er eitt af öflugustu hópfærdafyrirtækjum landsins, með sjöttú rútur á sínum snærum.

„Fyrirtækið var stofnað undir nafninu Hópfærdamiðstöðin árið 1977 og því fögnum við nú öruggum og samfelldum hópfærdakstri í 35 ár,“ segir framkvæmdastjórinn Kristján M. Baldursson.

Nafnið TREX var tekið upp 2006, en fjórum árum fyrr hafði fyrirtækið sameinast Vestfjarðaleið undir nafninu Hópfærdamiðstöðin – Vestfjarðaleið.

„TREX er skammstöfun fyrir Travel Experiences og vann sér strax sess enda grípandi og hentugt heiti fyrir erlendan ferðamarkað,“ útskýrir Kristján.

TREX statar af öllum gerðum og stærðum hópfærdabíla og einnig fjallabílum fyrir hálendisferðir.

„Í fyrra hófum við daglegar skoðunarferðir í Þórsmörk og Landmannalaugar. Þeim höldum við áfram og bættum við nýrri dagsferð um Suðurstrandarveg,“ segir Kristján um dagsferðirnar sem verða farnar frá 15. júní til 20. ágúst.



Kristján M. Baldursson, framkvæmdastjóri TREX – Hópfærdamiðstöðvarinnar ehf., við eina af glæsilegum rútum fyrirtækisins þar sem vel fer um alla á ferðalögum um landið. MYND/ANTON

Í Þórsmörkurferðum er ekið að skála Ferðafélags Íslands í Langadal og skála Útivistar í Básam. Í Landmannalaugum er ekið beint að skála Ferðafélagsins.

„Hægt er að dvelja fáeina klukkutíma á hverjum stað eða gista eina eða fleiri nætur. Margir nýta ferðirnar í tengslum við gönguferðir um Laugaveg og Fimmvörðuháls og TREX hefur

vakið athygli á nýrri gönguleið sem liggur sem framlenging af Laugavegi frá Rjúpnavöllum í Landssveit yfir í Landmannalaugar.“

Í dagferðum um Suðurstrandarveg er lagt upp frá Reykjavík, ekið að Hellisheiðarvirkjun, þaðan um Þrengsli, Þorlákshöfn, Selvog, Krýsuvík og Grindavík með viðkomu í Bláa lóninu.

Nánari upplýsingar á [www.trex.is](http://www.trex.is).



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## BLÓMADAGUR Á SKÓLAVÖRÐUSTÍG

Blómadagur Skólavörðustígsins verður haldinn hátíðlegur í dag. Gatan er blómum skrydd en íbúar og verslunareigendur hafa fengið afhent blóm til að skreyta götuna. Hjá Eggert feldskera verður „opinn hljóðnemi“, tónlistaratriði verða hjá gullsmiðnum Ófeigi og börn munu færa vegfarendum blóm og ávexti.



P. KARLSSON EHF.

UPPLIFDU FRELSID!

## Verið velkomin

í nýjan sýningarsal okkar að Ögurhvarfi 2, Kópavogi.



Sýnum og seljum húsbíla frá Touring Cars Iceland á verði sem kemur á óvart.

Verð frá 4.990.000.-



Komið og skoðið LMC hágæða hjólhýsin í nýjum sýningarsal!

Verð frá 4.395.000.-



Sími: 517-5200

pkarlsson@pkarlsson.is

www.pkarlsson.is

www.lmc.is

Fimm stjörnuferð af frelsi!



P.Karlsson er umboðsaðili LMC á Íslandi

Opnunartímar:

Virka daga: 10-18

Laugardaga: 12-16

Sunnudaga: 13-17

Paradísareyjan

# Sri Lanka

Einstök ferð 6. - 19. október.



Hrífandi náttúra, einstök menning og fjölbreytt dýralíf sem eiga varla sinn líkan, ævintýralega upplifun í einstöku umhverfi. Við förum m.a. í Safariferð á jeppum og skoðun villt dýr í sínu náttúrurlega umhverfi. Sri Lanka er eyjan sem Sinbað safari og Marco Polo heimsóttu á ferðum sínum. Við kynnumst framandi og heillandi heimi sem tekur á móti ferðalöngum með opnum örmum.

Innifalið: Hálft fæði, flug, hótél, skattar, íslenskur fararstjóri og allar ferðir m.a. Safari ferð um Yala þjóðgarðinn.

Upplýsingar í síma 588 8900



Trans - Atlantic  
Sími 588 8900



www.transatlantic.is



# HIMNARÍKI Á JÖRÐ

**HESTAJÓL Í VÍÐIDAL** Senn breytist Víðidalur Reykvíkinga í töfraland hesta og manna. Þá gefst tækifæri til að upplifa ævintýri Landsmóts hestamanna í návígi.

**K**vennafar og brennivín heyrja sögunni til á Landsmóti hestamanna og undantekning ef vín sést á fólki. Hestamenn eru þó ekki öðruvísi en annað fólk og eðlilega stungið úr einum og einum bjór þegar þeir koma saman á góðri stund. Fyrst og fremst eru þeir meðvitaðir um að Landsmótið er fjölskylduviðburður og íþróttamót,“ segir Haraldur Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri Landsmóts hestamanna, sem haldið verður með glæsibrag í Víðidal í Reykjavík 25. júní til 1. júlí.

## + öryggi í hverju skrefi

Göngutaskan er ómissandi í farteskið hvort sem þú ætlar í langa og stranga ferð um hálendið eða léttan skreppitúr á næsta fjall. Festu hana í beltið eða stingdu henni í bakpokann. Byrjaðu ferðina með því að koma við í Lyfju og notaðu ferðina til að fylla á sjúkrakassann í bílnum eða bústaðnum og njóttu öryggis í allt sumar.

ÍSLENSKA SJÁLIS LYF 59825 05/12

## Regenovex

Regenovex er árangursrík, fljótleg og náttúruleg lausn gegn eymslum og óþægindum í liðum líkamans. Gel, plástrar og perlu til að taka inn. Þú finnur árangurinn samstundis.



## Lóritín



Lóritín 10 mg  
10 og 30 stk.

## Mygga og After Bite

„Láttu ekki bíta þig“.

Mygga er góð vörn gegn biti frá moskítóflugum, mýflugum, flóm og flestum öðrum skordýrum. Lyktar vel og klístrast ekki. Virkar í a.m.k. 6 klst.

„Burt með kláðann!“

After Bite er öflugt krem sem slær á kláða og bólgu undan biti frá moskító- og mýflugum, flóm og flestum öðrum skordýrum. Berist eingöngu á bitið eða stungusvæðið. Notist ekki á börn undir tveggja ára aldri.



## Heelen gelhlíf fyrir hæl

Hælsærisvörn sem virkar.

Afar einfalt í notkun, mjúkur gelpúði situr þétt á hælum og ver hæl og hásin. 2 stk. í pakka.

- + Engar blöðrur
- + Ekkert lím
- + Ekkert klístur
- + Hægt að nota aftur og aftur

Einnig er hægt að fá Heelen gelhlíf fyrir ökkakúlur, og Heelen gelhlíf fyrir hæl og rist.



Í samvinnu við  
Félag íslenskra  
fóttaþerðisráðgjafa

## Kerasal fyrir fætur

Kerasal – Foot Pain Relief Roll-On

Roll on sem hjálpar til við að létta á verkjum í hælum, taugaverkjum og stressi.

Mælt er með Foot pain relief fyrir þá sem eru:

- + sykursjúkir og með verki í fótum
- + þreyttir í fótum eftir íþróttaiðkun, göngur eða hælaskó
- + tognaðir eða þjást af öðrum meiðslum
- + sem þjást af bólgum í iljum (plantar fasciitis)
- + með liðagigt og liðverki

Kerasal – Ultra 20 moisturizer daytime therapy

Öflugt rakakrem fyrir fætur sem inniheldur einstaklega sterka rakaformúlu, mýkir þurr og erfið svæði á augabragði.



## Compeed

Compeed frá toppi til tótt

Compeed-plástrar og stifti vernda fætur og hindra blöðrumyndun.

Gegn áblæstri færðu svo Compeed plástra á umar varir.





# KRÓNAN

- fyrst og fremst ódýr!

**FRÁBÆRT**  
á grillið



1398 kr. kg  
Hvítlauks og rósmarín marinerað



1398 kr. kg  
Trönuberja og eplamarinerað



1398 kr. kg  
Ferskt og ókryddað



**NÝTT**  
PIPARMARINERAÐ

1398 kr. kg

Piparmarinað lambalæri



1398 kr. kg  
Grillkryddað



1398 kr. kg  
New Yorkmarinerað



279 kr. stk.  
Allra grillsósur, pipar og hvítlauks, 250 ml



186 kr. stk.  
MS kryddsmjör, 3 teg., 100 g



4 í pk.  
698 kr. pk.

Grillborgarar með brauði, 4 stk.



10 í pk.  
398 kr. pk.

Krónu pylsur, 10 stk. í pk., 513 g



20 í pk.  
349 kr. pk.

Allra grænir frostpinnar



659 kr. pk.

Krónaís bragðarefur, 1,33 l



299 kr. pk.

Prince Polo mini, 22 stk. í pk.



598 kr. pk.

M&M súkkulaðitöflur, 2 teg.



259 kr. pk.

Freyju Buffalóbítar, Riskubbar og Smádraumur



Safnaðu AUKAKRÓNUM  
í öllum verslunum krónunnar



**Nýtt!**

# GRILLPRENNNA



## Krónunnar

GRILLMATUR FYRIR 3 TIL 4

## Grillað etta

**GRILLBAKKI 1  
SNOGGI GRILLARINN**



**1598**  
kr./kg

Kjúklingaleggir, 2 pylsutegundir og grísarif

**GRILLBAKKI 2  
STEIKARGRILLARINN**



**1998**  
kr./kg

Ungnauta entrecote, grísahnakki og gríspjót

**GRILLBAKKI 3  
FLOTTI GRILLARINN**



**2198**  
kr./kg

Grísakótilettur, grísasiða og lambainnalæri



**2298** kr. kg  
Krónu kjúklingabringur



**30%**  
afsláttur

**3219** kr. kg  
Verð áður ~~4548~~ kr. kg  
Ungnauta entrecote, erlent



**40%**  
afsláttur

**2298** kr. kg  
Verð áður ~~3849~~ kr. kg  
Ungnauta mínútusteik

**Gott saman!**



**79** kr. stk.  
Pepsi, Pepsi Max, Appelsín, 7 Up  
Mix og Mountain Dew, 33 cl dósir



**1398** kr. tvönnar  
Spare Ribs og Iceland maísstönglar



**898** kr. kg  
Grísakótilettur í kassa, frostrar

**Spari-  
kassi**



Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á [www.kronan.is](http://www.kronan.is)





**MESSI OG RONALDO EINS OG PEIR ERU** í yfirstandandi fótboltafári er ekki úr vegi að kynna sér nýttkomnar bækur um tvo af bestu knattspyrnumönnum samtímans, Lionel Messi og Cristiano Ronaldo, sem einkum eru ætlaðar yngstu lesendunum. Í þeim gefur að líta fullt af myndum af ferli þessara snillinga og sögur af því hvernig þeir komust á toppinn. Illugi Jökulsson skrifar texta bókanna.

## Lisaloppa og Kata í ratleik

19

Bragi Halldórsson

„Þetta er nú meira viðrinið,” sagði Kata þegar hún sá dýradýrið sem var næsta þraut í ratleiknum. „Já, það skal nú viðurkennast að það er hálf skrýtið,” sagði Lisaloppa. „Það er nú varla hægt að ætlast til þess að maður þekki úr hvaða dýrum þetta dýradýr er sett saman,” sagði Kata. „En þraut er þraut,” bætti hún við ákveðin, „og ef við ætlum að vinna þennan leik verðum við að leysa þessa þraut eins og allar aðrar þrautir.”

Getur þú hjálpað Kötunni og Lisaloppu að sjá úr hvaða fimm dýrum þetta dýradýr er sett saman?



svör: maurkatta, gæsli, víðli, grefli og kinnli.



## BRANDARAKISTAN

Einu sinni fór niskupúki í lestarferðalag. Þegar lestin fór yfir brú kom lestarvörðurinn inn í klefann og bað um miða. Sá niski sagðist vera búinn að borga en ekki með miða. „Því miður, þá verðurðu að borga,” sagði lestarvörðurinn. Þegar sá niski harðneitaði tók vörðurinn ferðatöskuna hans og henti henni út um gluggann svo hún lenti í sjónum. „Heyrðu góði,” sagði niskupúkiinn. „Fyrst ætlarðu að rukka mig tvisvar og svo drekkirðu syni mínum!”

Hefurðu heyrt um bakarann sem bakaði eintóm vandræði?

Af hverju datt appelsínan út trénu? Af því að hún var með súkkulaði í vasanum.

Þú getur sent brandara til [krakkar@frettabladid.is](mailto:krakkar@frettabladid.is)

# ÞAÐ ER GAMAN AÐ HEYRA ANDKÖF UTAN ÚR SAL

„Sirkuslistakonan Eyrún Ævarsdóttir kann að leika ótrúlegar listir í silkiböndum hátt uppi í loftinu. Hún kann mörg önnur brögð. Eitt af þeim erfiðari er að gera góða handstöðu, sérstaklega þegar hún stendur á höndum í höndum annarra.


„Hvernig stóð á því að þú byrjaðir að æfa sirkuslistir? Ég kynntist í gegnum leikfélagið mitt nokkrum vinum sem voru byrjaðir í Sirkusi Íslands. Á sama tíma var stóra systir vinkonu minnar líka byrjuð í Sirkusi Íslands og ég og vinkona mín ákváðum að kíkja á æfingu. Síðan hef ég verið að æfa með sirkusnum og hef varla hugsað um annað.

Hvað er erfiðasta sirkusbragð sem þú hefur lært? Það er ansi erfitt að velja úr. Ég held að það erfiðasta tengist samt því að standa á höndum. Að gera góða handstöðu finnst mér mjög erfitt og það þarf mikla æfingu til að geta staðið stöðugt á höndunum – hvað þá að standa á höndum í höndunum á einhverjum öðrum!

Hvernig ferðu eiginlega að því að leika hátt uppi í loftinu í silkiböndum? Maður verður að vera duglegur að æfa sig. Þannig styrkist maður og á auðveldara með að klifra í silkinu og halda sér uppi. Svo verður maður að muna hvernig maður á að vefja sig inn í silkið svo maður geri allt rétt og maður sé öruggur, því stundum er maður rosalega hátt uppi, í allt upp í sex eða sjö metra hæð.

Verður þú aldrei hrædd um að þér mistakist og dettir niður á gólf? Nei, aldrei af neinni alvöru. Stundum þegar maður er að læra eitthvað nýtt er maður smá smeykur, en það venst og maður er ekkert hræddur þegar maður er búinn að læra trikkið.

Heyrir þú áhorfendur taka andköf úti í sal? Já, stundum heyrir maður andköf úr áhorfendasalnum, og það finnst manni skemmtilegt því þá veit maður að maður hefur gert eitthvað sem kom á óvart og fólki fannst flott.



**EKKERT HRÆDD**  
Þó að Eyrún sé stundum í sex eða sjö metra hæð að leika listir verður hún ekkert hrædd, enda er hún búin að æfa sig mikið.  
MYND/SIRKUS ÍSLANDS

Er það satt að þú sért búin að fá inngöngu í sirkuslistaháskóla? Já, ég er að fara í listaháskóla sem heitir Codarts og er í borginni Rotterdam í Hollandi.

Hvað lærir maður þar? Maður lærir alls konar greinar úr sirkuslistunum, til dæmis loftfímléika, akróbalans, gegl, auk þess að gera alls konar sniðug trix. Svo lærir maður líka

hreyfingu, dans, leiklist og eitt-hvað í tónlist.


Hvað þurfa krakkar að gera, sem vilja verða flinkir í loftfímléikum? Góður grunnur er að vera í fímléikum, dansi, leiklist eða öðru sem tengist loftfímléikum. Svo er gott líka að æfa sig í að klifra í köðlum eða einhverju öðru skemmtilegu. Það er mikilvægt að vera í góðu formi og að hafa gott þol.

## Hlustaðu á Dísu ljósálf og Alfinn álfakóng á Vísi

Á Vísi er hægt að horfa á myndskreyttan upplestur úr þessum sígildu ævintýrum.



Ævintýrið um Dísu ljósálf kom fyrst út á íslensku árið 1928 í þýðingu Árna Óla og hefur margsinnis verið endurprentað. Dísu ljósálfur er ein klassískra sagna hollenska meistarans G.T. Rotman, sem fylgt hafa íslenskum börnum í tugi ára.



## SPURNINGALEIKUR

- 1 Hvaða númer er aftan á treyju Cristianos Ronaldo hjá Portúgal?
- 2 Með hvaða landsliði leikur Mario Balotelli á EM?
- 3 Þjálfari íslenska karlalandsliðsins þjálfaði áður sænska landsliðið í þremur EM-keppnum. Hvað heitir hann?
- 4 Hvaða framherji danska landsliðsins er á mála hjá Arsenal en lék með Sunderland í vetur?
- 5 Í hvaða landsliði á EM leika þeir Shay Given, Robbie Keane og Richard Dunne?
- 6 Hvaða leikmenn Rússa spila með a) Arsenal og b) Tottenham?
- 7 Hverjir eru núverandi Evrópumeistarar?
- 8 Hvað heitir framherji franska landsliðsins sem leikur með Real Madrid?
- 9 Hvaða ítalski landsliðsmaður er á mála hjá Liverpool en lék sem lánsmaður hjá AC Milan í vetur?
- 10 Með hvaða félagsliði leikur þýski landsliðsmaðurinn Bastian Schweinsteiger?

## EM í fótbolta



- Svör:**
1. Ítalíu
  2. Lars Lagerbäck
  3. Nicklas Bendtner
  4. Írskt landsliðinu
  5. a) Arshavin, b) Pavlyuchenko
  6. Karim Benzema
  7. Spánverjar
  8. Alberto Aquilani
  9. Bayern München
  10. Svör:







**Kjöris**

[kjoris.is](http://kjoris.is)





## krossgáta

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

## LÁRÉTT

2. berjast, 6. gjaldmiðill, 8. þvottur, 9. farvegur, 11. tveir eins, 12. kappsemi, 14. teygjudýr, 16. pípa, 17. gljúfur, 18. fát, 20. kvað, 21. auma.

## LÓÐRÉTT

1. skrifa, 3. tveir eins, 4. asfalt, 5. drulla, 7. röndóttur, 10. er, 13. námsgrein, 15. bor, 16. þjálf, 19. tveir eins.

## LAUSN

alur, 16. æfa, 19. mm.  
aur, 7. rákætur, 10. sem, 13. fag, 15.

LÓÐRÉTT: 1. skrifa, 3. tt, 4. jarðblik, 5. 17. gil, 18. fum, 20. ku, 21. arma.  
LÁRÉTT: 2. eþja, 6. kr, 8. tau, 9. rás, 11. r, 12. ákefð, 14. amaba, 16. æð,



## LAUSAR STÖÐUR HJÁ LANGANESBYGGÐ AÐSTOÐARSKÓLASTJÓRI

Aðstoðarskólastjóra vantar til starfa við Grunnskólann á Þórshöfn.

Leitað er eftir vel menntuðum og hæfum einstaklingi sem er tilbúinn til að taka þátt í að stjórna og leiða farsælt skólastarf. Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri vinna saman að stjórnun og faglegri stefnumótum skólans. Aðstoðarskólastjóri er staðgengill skólastjóra og hefur m.a. umsjón með fjármálum skólans í fjarveru skólastjóra.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfi til kennslu og kennslureynsla á grunnskólastigi
- Framhaldsmenntun eða reynsla á sviði stjórnunar æskileg
- Frumkvæði og góðir skipulagshæfileikar
- Samstarfsvilji og hæfni í mannlegum samskiptum

### KENRARAR

Grunnskólinn á Þórshöfn – Umsjónarkennari á miðstigi

#### Leitað er að:

- Kennara með leyfi til kennslu í grunnskóla.
- Metnaðarfullum og hugmyndaríkum einstaklingi
- Kennara sem leggur áherslu á vellíðan og árangur nemenda.

Einnig vantar skólaliða og stuðningsfulltrúa við skólann.

#### Nánari upplýsingar veita:

Arnfríður Aðalsteinsdóttir, skólastjóri Grunnskólans á Þórshöfn S: 468 1164 og 899 3480  
– skolastjori@thorshafnarskoli.is

Gunnólfur Lárusson, sveitarstjóri  
S: 468 1220 og 821 1646  
– sveitarstjori@langanesbyggd.is

Umsóknarfrestur er til og með 20. júní 2012.

Umsóknum þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

# Gönguferð á skógarstíg

## BAKÞANKAR Brynhildar Björnsdóttur

Fortíðin er skógur og í gegnum hann liggur stígur. Stundum er þægilegt, ákjósanlegt eða jafnvel bráðnaðsynlegt að beygja út af hraðbrautinni og leggja á þennan stíg. Eftir stígunum er hægt að rölta rólega, hlaupa, jafnvel hjólaskauta, stökkva og fela sig inni í runna ef einhver eða eitthvað birtist sem ekki er gaman að hitta, þótt það borgi sig nú oftast að mæta því, fara á trúno við þá sem verða á stíg manns eða bara stoppa við bekk, hvíla sig og hugsa málið.

**UNDANFARNAR** vikur hef ég fengið fjölda ánægjulegra ástæðna til að fara í göngutúr um stígin minn; endurfundur í gagnfræðaskólanum mínum, grunnskólinn átti stórafmæli, stórfjölskyldan hittist í stúdentaútskrift og svo áttu menntaskólavinirnir einstaka stund á fimmtudagskvöldið til að minnast félagi sem fór frá okkur allt of snemma. Við öll þessi tækifæri var litið yfir farinn veg og mér fannst ég fá tækifæri til að njóta eða takast á við fortíðina og meta og endurmeta aðstæður, atvik og samskipti í ljósi reynslu og tíma.

**ÞAD** er nefnilega svo skrítíð hvernig hægt

er að skellihlæja að háalvarlegum hlutum árum eða áratugum síðar, hvernig hægt er að taka gamla kærastann, sem var grátíð yfir í heilt ár, af engu nema væntumþykju, sættast við og fyrirgefa hrekkjusvíninu og biðja gömlu frænku afsökunar á því að hafa komið full í sextugsafmælið hennar.

**HVERNIG** sorg dofna, reiði dvína, gleðin magnast, eins og hvað var rosalega gaman að taka strætó heim eftir busavígluna, eða nei manstu ekki, okkur var ekki hleypt inn út af öllu slorinu og við urðum að labba, haha og manstu hvað var kalt? Alvara lífsins eins og það að einhver þoli mann ekki og hvernig hver sagði hvað við hvern um hvað hvenær. Sú staðreynd að annar vettlingurinn er enn þá týndur. Þeir sem ég hitti á þessum stíg, það sem ég á með þeim, þeir sem þekka mig, muna hvernig ég var, sjá hvernig ég er, þekka muninn.

**AUÐVITAD** er ekki hægt að fyrirgefa allt og kannski engin ástæða til þess heldur. En tíminn gefur oft nýtt sjónarhorn, stundum dregur fjarlægðin fram hliðar, liti og áferð sem nálægðin við atburðina getur ekki gefið, ekkert frekar en hægt er að lýsa fil sem stígur á tærnar á þér.

**SUMARIÐ** er tími ættarmóta, hátíða á heimaslóð, grillveislu með góðum vinum. Skógarferða þar sem má finna það sem raunverulega skiptir máli. Fólkið sitt.



## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli



### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### ■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





Meira á [www.intersport.is](http://www.intersport.is)

# 25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM FÓTBOLTAVÖRUM LAUGARDAG - SUNNUDAG - MÁNUDAG



**EM  
LEIKUR  
INTERSPORT**

ALLIR SEM VERSLA FARA Í POTT  
GLÆSILEGIR  
VINNINGAR!

50 EM BOLTAR - REPLICA  
2 EM BOLTAR - OFFICIAL

DREGIÐ 5. JÚLÍ 2012

# INTERSPORT

LINDUM / BÍLDSHÖFÐA / AKUREYRI / SELFOSSI / [www.intersport.is](http://www.intersport.is) / GILDISTÍMI: 9. – 11. JÚNÍ ÞAÐ ER SPORTAÐ SPARA

\*Ef þú hefur keypt vöru í Intersport og finnur sömu vöru á lægra verði í annari verslun, þá endurgreiðum við þér mismuninn. Sýna þarf kassakvittun. Gildir í tveir vikur frá kaupdegi og gildir um allar vörur nema útsölu- eða tilboðsvörur.





**Á MORGUN** sunnudaginn 10. júní, verður leiðsögn um sýninguna [I]ndependent People / Sjálfstætt fólk í Listasafni Íslands. Það er Rákeld Pétursdóttir safnafræðingur sem sér um leiðsögnina, sem hefst klukkan 14.

## Barokk í Aðalstræti 10

Kammerhópurinn Nordic Affect heldur tónleika í dag á efri hæð Aðalstrætis 10, sem er ein elsta bygging Reykjavíkur.



HALLA STEINUNN

Á efnisskrá verður tónlist eftir nokkrar af þeim tónlistarstjörnum sem störfuðu fyrir Prússakonung á svipuðum tíma og húsið var reist sem hluti af Innréttingum Skúla Magnússonar fögea. Á milli atriða verður sagt frá bakgrunni verkanna en listrænn stjórnandi hópsins, Halla Steinunn Stefánsdóttir, er einnig þáttastjórnandi Girnis, grúks og gloría, þáttar um tónlist fyrri alda á Rás 1.

Flytjendur á tónleikunum eru þrír meðlimir Nordic Affect, þær Halla Steinunn Stefánsdóttir fjölskyldu, Georgia Browne þverflautuleikari og Guðrún Óskarsdóttir semballeikari.

Tónleikarnir hefjast klukkan 15 og er aðgangur ókeypis.

## Songs of the Soul í Hörpu

Tvennir tónleikar verða í dag í Hörpu undir heitinu Songs of the Soul. Á þeim kemur fram fjölbjólegur hópur tónlistarfólks úr röðum djasstónlistar, klassískrar tónlistar og heimstónlistar og leikur, útsetur og túlkar tónlist Sri Chinmoy. Hann var tónlistarmaður og tónskáld sem vann að friði og einingu milli manna. Ókeypis er á tónleikana sem haldnir eru klukkan fimm og átta. Miðar eru þó nauðsynlegir til að tryggja sæti, þá má nálgast í hljóðfæraversluninni Sangitamiya, Grettisgötu 7, Kaffihúsinu Garðinum, Klapparstíg 37 og heilsuþúðinni Góð heilsa, gulli betri, Njálsgötu 1.

# FUGLAKARMA Í ÞJÓÐLEIKHÚSINU

Karma fyrir fugla nefnist nýtt íslenskt leikrit sem sýnt verður í Þjóðleikhúsinu næsta vetur. Verkið er frumraun þeirra Kristínar Eiríksdóttur og Kari Óskar Grétudóttur en þær skrifuðu það að miklu leyti í gegnum Skype hvor í sinni heimsálfunni.

Þjóðleikhúsið hefur fest kaup á nýju íslensku leikverki, Karma fyrir fugla, eftir þær Kristínu Eiríksdóttur og Kari Ósk Grétudóttur og verður það sýnt í Kassanum á næsta leikári í leikstjórn Kristínar Jóhannesdóttur. Þetta er frumraun þeirra Kristínar og Kari fyrir leiksvið en þær hafa unnið að verkinu í hálf tveimur árum. Báðar eru þær myndlistarmenntaðar en Kristín hefur getið sér orð sem rithöfundur og sendi síðast frá sér smásagnasafnið Doris deyr árið 2010.

„Okkur hafði lengi langað til að gera eitthvað saman, til dæmis halda myndlistarsýningu,“ segir Kristín um samstarf þeirra Kari. „Svo fengum við þessa hugmynd að skrifa leikrit og ólíkt flestum hugmyndum þá framkvæmdum við hana svo úr varð þetta verk.“

Karma fyrir fugla er lýst sem óvenjulegu og ágengu verki sem Kristín segir að fjalli meðal annars um ofbeldi, ójafnvægi, ranglæti og fegurð.

„Það eru svona stóru hugtökin sem þetta verk hverfist um. Þetta er lýsing á ástandi sem við setjum inn í fjölskylduramma. Annars er best að segja sem minnst um söguþráðinn í bili því ég vil ekki ljóstra of miklu upp.“

Kristín og Kari hittust bæði og unnu að verkinu saman og skrifuðust á úr fjarlægð.

„Ég var á ferðalagi um Asíu í hálf tveimur árum og þá skrifuðumst við mikið á í gegnum Skype. Það er mjög hentugur miðill fyrir leikrita-



KARI, KRISTÍN OG KRISTÍN Kari Ósk og Kristín Eiríksdóttir eru báðar myndlistarmenntaðar en fundu farveg fyrir samstarf með því að skrifa leikrit, sem Kristín Jóhannesdóttir leikstýrir næsta vetur.

skrif, því textaboxið virkar eins og leikhúsdíalógur. En við skrifuðum líka mikið saman og lásum þá díalóginn upphátt hvor fyrir aðra til að heyra hvernig setningarnar hljómuðu. Þetta fyrirkomulag hentaði okkur mjög vel og það myndaðist mjög mikil dínamík.“

Kristín segir talsverðan mun á því að skrifa skáldsögu og leikrit.

„Við Kari hugsum báðar mjög myndrænt og gátum eytt miklu púðri í hvernig við sjáum sjónræna þáttinn fyrir okkur. Bókin er fast form en leikhúsið meira fljótandi; þótt verkinu sé lokið af hálfu höfundar heldur það áfram að þróast í meðförum leikstjórans og leik-

„Þetta eru svona stóru hugtökin sem þetta verk hverfist um. Þetta er lýsing á ástandi sem við setjum inn í fjölskylduramma.“

KRISTÍN EIRÍKSDÓTTIR  
RITHÖFUNDUR

hópsins og oft bætist eitthvað við sem leikskáldið reiknaði ekki með. Þetta er ágæt þjálfun í að sleppa tókunum.“

Kristín og Kari leituðu beint til Þjóðleikhússins sem festi kaup á verkinu.

Leikstjóri er sem fyrr segir

Kristín Jóhannesdóttir, sem leikstýrði síðast annarri frumraun, Svörtum hundi prestsins, eftir Auði Övu Ólafsdóttur fyrr í vetur. Með aðalhlutverk fer Þórunn Arna Kristjánsdóttir en aðrir leikarar eru Hilmir Jensson, Kristbjörg Kjeld, Marianna Clara Lúthersdóttir, Ólafía Hrönn Jónsdóttir og fleiri en Anna Rún Tryggvadóttir hanna leikmyndina.

„Okkur líst stórkostlega á þennan hóp,“ segir Kristín, „og erum mjög glaðar yfir að fara að vinna með Kristínu Jóhannesdóttur. Það verður mjög spennandi að sjá hvernig þetta á eftir að þróast.“

bergsteinn@frettabladid.is

## SPENNANDI KILJUR

Sumarhús með sundlaug

Allir hafa eitthvað að fela.

Hárbeitt og meinfyndin bók eftir Herman Koch, höfund metsúlubókarinnar Kvöldverðurinn.

Dauðadjúp

Sálfræðileg glæpasaga af bestu gerð „... líklega besta bók Ásu Larsson til þessa.“ Booklist



KYNNINGAR-  
VERÐ  
2.299,-  
2.699,-



KYNNINGAR-  
VERÐ  
2.299,-  
2.699,-

Förnardauði

Glæný bók um harðjaxlinn Jack Reacher „Sannleikurinn er sá að Reacher verður betri og betri.“ The New York Times



KYNNINGAR-  
VERÐ  
2.299,-  
2.699,-

HERMAN KOCH  
SUMARHÚS MEÐ  
SUNDLAUG



GISSUR PÁLL OG HULDA BJÖRK Tónlistargagnrýnandi Opera Now hælir þeim Gissuri og Huldu sérstaklega.

## Opera Now hrósar La Bohème í hástert

Tónlistargagnrýnandi hins virta tónlistartímarits Opera Now, Neil Jones, fer fögrum orðum um uppfærslu Íslensku óperunnar á La Bohème í dómi í máhefti tímaritsins.

Jones hrósar bæði uppfærslu og söngvurum, sem hafi hvernig valdið vonbrigðum. Hann segir Huldu Björk Garðarsdóttur hafa verið „stórkostlega“ í hlutverki dauðvona berklastrjúklings, Gissur Páll Gissurarson hafa verið glæsilegan Rodolfo en einn

af hápunktum sýningarinnar hafa verið söng Ágústs Ólafssonar, Hrólfs Sæmundssonar og Jóhanns Smára Sævarssonar.

„Eftirminnilegast í þessari Bohème,“ skrifar Jones, „var þó hin fölskvalausa kátína í lok 2. þáttar, þar sem sviðið var aftur iðandi af öllum leikhópnum, þar á meðal heilli lúðrasveit sem lék gangandi á leili sinni inn á sviðið, og út af því aftur í gegnum áhorfendasalinn. Þetta var sigur í leikstjórn fyrir Jamie Hayes.“

Gildir til 17. júní eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
Ein færð betra vers




# SPENNANDI SUMMAR

GRÍPTU KRIMMA Í FRÍIÐ

„Sannleikurinn er sá  
að Reacher verður  
betri og betri.“

THE NEW YORK TIMES



GLÆNÝ BÓK  
UM HARÐJAXLINN  
JACK REACHER



★ ★ ★ ★

„Eitt það besta sem sprettur upp  
af norræna krimmaakrinum  
þessa dagana.“

ANNA LILJA ÞÓRISDÓTTIR  
MORGUNBLAÐIÐ




„Snilldarleg ...  
spennan er óbærileg.“

THE WASHINGTON  
POST BOOK WORLD



„Vel skrifaður og  
spennandi krimmi  
með óvæntri fléttu.“

FRÍÐRIKA BENÓNÝSDÓTTIR  
FRÉTTABLAÐIÐ



„... líklega besta bók  
Ásu Larsson til þessa.“

BOOKLIST



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Laugardagur 09. júní 2012

#### → Opnarir

**14.00** Hið nýja útilistaverk Streymi tímans eftir Sólveigu Aðalsteinsdóttur verður afhjúpað í Litluhlíð í Óskjuhlíðinni. Hafþór Yngvason, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur, mun afhjúpa verkið og segja nokkur orð. Allir velkomnir.

#### → Sýningar

**15.00** Sýning Guðrúnar Njelsen skúlptúrlistakonu opnar í SÍM-húsinu, Hafnarstræti 16. Á sýningunni eru ljósmyndir og módel af verkum sem flest hafa verið sett upp á erlendri grundu á árunum 1992 til 2012.

**15.00** Nemendur af Sjónlistadeild Myndlistaskólans í Reykjavík halda sýningu á verkum sínum í Gallerí Tukt á Pósthússtræti 3-5. Sýningin ber titilinn 10 mánuðir.

**17.00** Vilborg Bjarkadóttir opnar sýningu í sal Íslenskrar grafíkur, Tryggvagötu 17.

#### → Hátíðir

**10.00** Fjölskyldu- og tónlistarhátíðin Kótelettan heldur áfram á Selfossi. Stúfúll dagskrá þar sem meðal annars koma fram Blár Ópal, Íþrótaálfurinn, Retro Stefson, Páll Óskar og Sálín hans Jóns míns. Miðaverð á hátíðina er kr. 5.900. Nánar á kotelettan.is.

**12.00** The Icelandic Tattoo Convention verður haldin á Bar 11 alla helgina. Dagskrá verður í gangi í allan dag og tónleikar hefjast klukkan 21. Hljómsveitirnar Sykur, Samaris og Retrobot spila.

**14.00** Gíslavaka verður haldin í Húnaveri. Boðið verður upp á stemmur, lækjarvísur og kvenfélagskaffi.

#### → Upplæstur

**13.00** Helga Jóhanna, höfundur Nonnasagnanna, verður með sögustund fyrir leikskólabörn í Skemmtigarðinum Smáralind. Allir velkomnir. Seinni upplæstrar verða klukkan 13.30 og 14.00.

#### → Umræður

**14.00** Heimspekikaffihúsið kemur saman á Horninu, Hafnarstræti 15. Umræðuefnið er Vestræn gildi: Hver eru þau?

#### → Málþing

**13.00** Málþing um ævi og störf Stefáns Einarssonar verður haldið í fyrirlæstrasal Þjóðarbókhliðunnar.

#### → Tónlist

**15.00** Kvartett sænska gítarleikarans Hans Olding og íslenska saxófónleikarans Sigurðar Flosasonar spilar á öðrum tónleikum jazzsumartónleikaraðar veitingahússins Jómfrúinnar við Lækjargötu. Tónleikarnir fara fram utan-

dyra á Jómfrúartorginu og er aðgangur ókeypis.

**15.00** Kammerhópurinn Nordic Affect mun stíga á svið á efri hæð einnar elstu byggingar borgarinnar að Aðalstræti 10. Munu þau flytja tónlist eftir tónlistarstjórnum sem störfuðu fyrir Prússakonung á svipuðum tíma og húsið var reist. Aðgangur er ókeypis.

**17.30** Sænsku dauðarokkarnir í Entombed halda tónleika á Gamla Gauknum. Sólstafrir leika með hljómsveitinni og eru tónleikarnir fyrir alla aldurshópa.

**20.00** Vegareiði verður haldin í Bragganum við Sláturhúsið á Egilstöðum. Meðal þeirra sem fram koma eru 200.000 Naglbítar og VAX. Aðgangur er ókeypis.



**21.00** Ljótú hlífvitarnir spila á tónleikum í Miðgarði í Skagafirði.

**21.00** Þingeyska hljómsveitin Ljótú hlífvitarnir heldur tónleika í Klifi á Ólafsvík. Nýtt lag þeirra, Ég ræ, verður á efniðskrá tónleikanna.

**21.30** Hljómsveitir úr Vesturbæ Reykjavíkur halda sameiginlega tónleika á Þýska barnum. Um er að ræða hljómsveitina Vigri, tónlistar- og knattspyrnumanninn Guðmund Reyni Gunnarsson, listamanninn Þunna, Mumma, Porquesi og fleiri. Sérkjör verða á barnum fyrir þá sem mæta í þýska landsliðsbúningnum. Ókeypis aðgangur.

**22.00** Greifarnir spila á tónleikum á skemmtistaðnum Spot í Kópavogi.

**22.00** Sænska dauðarokkhljómsveitin Entombed heldur tónleika á Gamla Gauknum. Um upphitun sjá hljómsveitirnar Sólstafrir, Reykjavík!, Bootlegs og Gone Postal. Aldurstakmark er 20 ára.

**22.00** Edgar Smári skemmtir gestum á Café Rosenberg.

**23.00** Hljómsveitin Gildran og Bjartmar Guðlaugsson spila í Hlégarði í tilefni af landsmóti 50+ sem haldið er í Mosfellsbæ um helgina.

**23.00** Magnús Einarsson og félagar halda tónleika á Ob-La-Di-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

#### → Leiðsög

**12.00** Ingibjörg Helga leiðir gesti um sýningu sína, Mál er að mæla, í Listasal Mosfellsbæjar til klukkan 17.

### Sunnudagur 10. júní 2012

#### → Tónleikar

**16.00** Hljómsveitin The Saints of Boogie Street, tribute band fyrir Leonard Cohen, heldur tónleika á Merkigili á Eyrarbakka. Leikin verða lög af nýttkomnum geisladisk þeirra sem er til heiðurs Cohen. Aðgangur er ókeypis en frjálsl framlög þegin.

**20.00** Hljómsveitin The Saints of Boogie Street, tribute band fyrir Leonard Cohen, heldur tónleika á Kaffihúsi Sólheima í Grímsnesi. Leikin verða lög af nýttkomnum geisladisk þeirra sem er til heiðurs Cohen. Aðgangur er ókeypis en frjálsl framlög eru þegin.

#### → Sýningar

**11.00** Ljósmyndasýning pólska ljósmyndafélagsins Pozytywni opnar á Café Flóru í Grasagarðinum í Reykjavík.

**15.00** Sýningin Farfi og fegurð - sýning um sögu húsamálarar verður opnuð í Árbæjarsafni.

#### → Hátíðir

**11.00** Fjölskyldu- og tónlistarhátíðin Kótelettan heldur áfram á Selfossi. Meðal annars verður Veltibillinn á svæðinu og Þorvaldur Halldórsson heldur

útipoppmessu. Nánar á kotelettan.is.

**20.00** Frum-hátíðin verður haldin á Kjarvalsstöðum. Um er að ræða árlega nútímatónlistarhátíð þar sem áhersla er lögð á að kynna meistaraverk nútímabókmenntanna fyrir tónlistarunnendum. Kammerhópurinn Adaper stendur að hátíðinni. Miðaverð er kr. 2.000/1.500 og frítt fyrir 16 ára og yngri. Athugið að aðeins er tekið við reiðufé.

#### → Upplæstur

**13.00** Helga Jóhanna, höfundur Nonnabókanna, verður með sögustund fyrir leikskólabörn í Skemmtigarðinum Smáralind. Allir velkomnir. Seinni upplæstrar verða klukkan 13.30 og 14.00.

#### → Opið Hús

**13.00** Yfir 100 ferðaþjónustubændur verða með opið hús í tilefni af útgáfu bæklingis Ferðaþjónustu bænda, Beint frá býli og Opins landbúnaðar, Upp í sveit. Sjá nánar á www.sveit.is.

#### → Dansleikir

**20.00** Dansleikir Félags eldri borgara í Reykjavík verður haldinn að Stangarhlí 4. Danshljómsveitin Klassik leikur léttu danstónlist til klukkan 23.00. Aðgangseyrir er kr. 1.500 en kr. 1.300 fyrir félagsmenn FEB.

#### → Tónlist

**16.00** Margrét Bóasdóttir og Chalumeaux tríóið koma fram á Gjúfra-steinni og flytja verk eftir Bach, Graupner og Heinen auk íslenskra sönglaga. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**16.00** Andrea Jónsdóttir leikur klassískt rokk af plötum á Ob-La-Di-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangur er ókeypis.

#### → Leiðsög

**14.00** Rakel Pétursdóttir safnafræðingur stýrir leiðsögn um sýninguna [I]ndependent People / Sjálfstætt fólk í Listasafni Íslands.

**14.00** Vala Garðarsdóttir, stjórnandi fornleifarannsóknarinnar á Alþingisreit á horni Tjarnargötu og Vonarstrætis, leiðir áhugasama um uppgroftinn. Leiðsögnin hefst fyrir utan Landnámssýninguna Reykjavík 871+2 við Aðalstræti 16.

**14.00** Hjónin Sigurjón Pétursson og Þóra Hrönn Njálisdóttir leiða gesti um ljósmyndasýningar sínar Aðventa á Fjöllum og Ferðalangar á Fjöllum sem nú standa í Þjóðminjasafni Íslands. Aðgangur er ókeypis.

**15.00** Kristín Dagmar Jóhannesdóttir, listfræðingur og verkefnastjóri, leiðir gesti um sýninguna Sjálfstætt fólk sem stendur nú yfir í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**

## Nýir tímar og tækifæri í Frakklandi

**Þriðjudaginn 12. júní 2012 klukkan 8.15 - 10.00 í Norræna húsinu**

Fransk-íslenska viðskiptaráðið stendur fyrir spennandi morgunverðarfundum undir yfirskriftinni *Nýir tímar og tækifæri í Frakklandi*. Aðgangur er án endurgjalds, en boðið verður upp á *café et croissants*. Skráning fram til hádegis 11. júní á: kristin@chamber.is.

Fundarstjórar eru Björk Þórarinsdóttir, Arion banka, og Baldvin Björn Haraldsson, BBA Legal. Erindi flytja:

- Frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrum forseti Íslands
- Marc Bouteiller, sendiherra Frakklands á Íslandi
- Gilles Debruiere, AFII (Invest in France Agency Northern Europe)
- Halldór Benjamín Þorbergsson, Icelandair Group
- Kári Sölmundarsson, HB Grandi
- Guðmundur Þorbjörnsson, EFLA verkfræðistofa
- Pétur Guðjónsson, Marel



*Starfsemi FRÍs hefur að mestu legið í dvala frá árinu 2010 og er fundurinn liður í því að færa starfsemi ráðsins til fyrri vegar, en ráðið var stofnað árið 1990.*



## Hönnunarsamkeppni

Reykjavíkurborg og Hönnunarmiðstöð Íslands í samstarfi við Arkitektafélag Íslands efna til samkeppni um hönnun hjólastæða, hjólaskýla og annarra hjólagagna.

Lýst er eftir hugmyndum að hentugum hjólastæðum, hjólaskýlum og öðrum munum eða mannvirkjum sem auðveldað geta fólki að nýta reiðhjól sem samgöngumáta í Reykjavík.

Nánari upplýsingar og keppnislýsingu er hægt að nálgast á:

[www.reykjavik.is/samkeppni](http://www.reykjavik.is/samkeppni)







**ÞÖKKUM  
VEITTAN STUÐNING!**

# LENGI LIFI REYKJADALUR!

## SUMARHAPPDRÆTTI 2012

Gleði, árangur og ævintýri lýsa vel þeirri starfsemi sem fram fer í Reykjadal þar sem Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra hefur um árabil rekið sumar- og helgardvöl fyrir fötluð börn og ungmenni. Í Reykjadal dvelja árlega um 200 börn alls staðar að af landinu sem hafa ekki vegna fötlunar sinnar kost á að sækja aðrar sumarbúðir líkt og ófatlaðir jafnaldrar þeirra.

Með kaupum á happdrættismiða Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra styður þú starf í þágu fatlaðra barna og ungmenna

Glæsilegir vinningar að heildarverðmæti **kr. 31.040.000**

Tveir Toyota Yaris Terra 1.0!



1.-2. vinningur:  
**Toyota Yaris Terra 1.0**

93 frábærir ferðavinningar!



3.-95. vinningur:  
**Frábærir ferðavinningar**



Happdrættismiði í heimabankanum þínum! Dregið 17. júní 2012.

Þú getur kynnt þér starfsemi Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra nánar á heimasíðu félagsins [www.slf.is](http://www.slf.is)



**STYRKARFÉLAG  
LAMAÐRA OG FATLAÐRA**  
Háaleitisbraut 13 · 108 Reykjavík · [slf@slf.is](mailto:slf@slf.is) · [www.slf.is](http://www.slf.is)  
Kennitala 630269-0249





**49 ÁRA** er leikarinn Johnny Depp í dag. Það styttist því í stórafmæli hjá kappanum sem nýlega var valinn tiskufyrirmynd ársins af samtökum fatahönnuða í Bandaríkjunum.



LJÓSMYNDASKÓLINN

www.ljosmyndaskolinn.is

umsóknarfrestur rennur út 10. júní



**Mannakorn** Platan heitir í blómabrekkunni og kemur út síðar í mánuðinum. Átta ár eru liðin frá því síðasta plata Magga Eiríks og fóru-neytis með nýju eðalpoppi leit dagsins ljós.

**Elíza Newman** Elíza úr Kolrassa Krókríðandi mætir í ágúst með sína þriðju sólóplötu og í þetta sinn eru öll lögin á íslensku. Sem fyrr en léttleikinn í fyrirrúmi hjá Elízu.

## SÓLRIKT SUMARPOPP

Hvað er betra en að hlusta á sólríka tónlist á heitum sumardeg? Fréttablaðið bendir á nokkrar áhugaverðar popplötur sem koma út í sumar.

**Klassart** Þriðja útgáfan frá þessari systkinasveit frá Sandgerði kemur út í júlí eða ágúst. Hljómsveitin hefur breytt nokkuð um stefnu. Tónlistin er orðin hressari og hreinræktað popp er orðið meira áberandi eins og lagið Smástirni ber vott um.



**Retro Stefson** Þessi vinsæla hljómsveit hefur verið að hasla sér völl erlendis að undanförmu. Tvö ár eru liðin frá hinni vel heppnuðu Kimbabwe með smellinum Mama Angola. Platan er væntanleg á menningarnótt og skartar hinu eldhressa Qween.



**Moses Hightower** Mjúkpopparamir í Moses Hightower vöktu mikla athygli fyrir tveimur árum með sinni fyrstu plötu, Búum til börn. Sú næsta sem kemur út í júlí á vafalítið eftir að falla vel í kramið.



**Þórunn Antonía** Söngkonan er að senda frá sér sína aðra sólóplötu núna í júní en sú fyrsta, Those Little Things, kom út fyrir áratug. Á meðal laga eru Too Late og For Your Love.



**Friðrik Dór** Tvö ár eru liðin síðan fyrsta plata Friðriks Dórs, Allt sem þú átt, blés ferskum vindum inn í íslenskt tónlistarlíf. Búast má við grípandi íslensku R&B-poppi Friðriks í júlí.

Allra síðustu sætin

# Benidorm

Allra síðustu sætin 12. júní

7 náttu ferð – einstakt tækifæri

Frá kr. **69.900** með fullu fæði

Heimsferðir bjóða frábært tilboð í 7 náttu ferð til Benidorm þann 12. júní. Í boði er m.a. Hotel Park hótelið \*\*\* og Hotel Melia \*\*\*\* með fullu fæði. Gríptu þetta frábæra tækifæri og njóttu lífsins í sumarbyrjun á Benidorm á ótrúlegum kjörum.

**Hotel Mont Park \*\*\***  
**Kr. 69.900 - með fullu fæði.**  
 Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 1 barn, 2-11 ára, í herbergi með fullu fæði í viku. Verð m.v. gistingu í tvíbýli með fullu fæði kr. 89.900. Aukagjald fyrir einbýli kr. 11.000.

**Hotel Melia \*\*\*\***  
**Verð frá kr. 79.900 - með fullu fæði.**  
 Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 1 barn, 2-11 ára, í herbergi með fullu fæði í viku. Verð m.v. gistingu í tvíbýli með fullu fæði kr. 99.900. Aukagjald fyrir einbýli kr. 19.000.

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000  
 Akureyri • sími 461 1099  
 www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á síku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

## Egill Ólafs syngur Yesterday í Hörpu

Æfingar eru í fullum gangi fyrir tónleika til heiðurs Sir Pauls McCartney í Eldborgarsal Hörpu 18. júní. Þá verður Bítillinn sjötugur. „Þetta verður mjög flott. Æfingarnar ganga glimrandi vel og það er mikill hugur í fólkinu,“ segir Tómas M. Tómasson í Bítladrengjunum blíðu. Hljómsveitin flytur þrjú lög á tónleikunum, eða Eleanor Rigby, Lady Madonna og Fool on the Hill. Aðrir tónlistarmenn eru einnig búnir að ákveða lögin sem þeir ætla að taka. Egill Ólafsson syngur hið Yesterday ásamt Help, Gunnar Þórðarson tekur Blackbird og Oh! Darling og Labbi í Mánum syngur Let It Be, Twist and Shout og Ob-La-Di, Ob-La-Da. Þá munu Eyþór Ingi Gunnlaugsson og Andrea Gylfadóttir syngja Live and Let Die og Helter Skelter, Baddi í Jeff Who? syngja Back in the USSR og Eyjólfur Kristjánsson mætir einnig á svæðið og syngur I'll Follow the Sun og With a Little Luck. Með tónleikunum vilja listamennirnir þakka McCartney fyrir innblásturinn, brautryðjandastarfið sem hann vann með Bítlunum og fyrir alla tónlistina sem hann hefur sent frá sér.



**HEIÐURSTÓN-LEIKAR** Egill Ólafsson syngur Yesterday á tónleikum til heiðurs Paul McCartney.



## Orðuð við Noah

Emma Watson, leikkonan úr Harry Potter-myndunum, er sögð í viðræðum um að leika í kvikmyndinni Noah. Watson myndi fara með hlutverk Íla sem á í sambandi við einn af sonum Nóa. Russell Crowe hefur þegar samþykkt að leika aðalhlutverkið, auk þess sem Logan Lerman og Douglas Booth leika syni hans. Jennifer Connelly verður einnig á meðal leikara. Noah verður



fyrsta myndin sem Darren Aronofsky leikstýrir síðan hann gerði hina vel heppnuðu Black Swan. Samkvæmt kvikmynda-síðunni Imdb.com fara tökurnar fram í New York og hér á landi en Aronofsky heimsótti Ísland í fyrra til að kynna sér tökustaði.

**EMMA WATSON**  
Leikkonan er sögð í viðræðum um að leika í Noah.

## Þrjátíu bætast við Airwaves

Þrjátíu nýjar hljómsveitir hafa verið kynntar til leiks á hátíðina Iceland Airwaves. Í erlendu deildinni hefur tilraunarokksveitin Dirty Projectors bæst í hópinn, rétt eins og bresku gítarokkararnir í The Vaccines og Moonface, sem er nýtt hliðarverkefni Spencer Krug úr Wolf Parade með finnsku krautrokksveitinni Siinai. Í íslensku deildinni eru nýjar á lista Of Monsters and Men, FM Belfast, Sólstafir, Valdimar, Mammút og fleiri sveitir.

Forsala miða á hátíðina hefur aldrei gengið jafn vel. Athygli vekur að aðeins um 20% seldra miða eru til Íslendinga. Iceland Airwaves verður haldin víðs vegar um miðborg Reykjavíkur 31. október til 4. nóvember.



**SPILAR Á AIRWAVES** Hljómsveitin Dirty Projectors spilar á Airwaves.



**ÁHUGAVERÐ HÁTÍÐ** Hrönn Marinósdóttir, stjórnandi Riff. Hátíðin er ein af fimmtán bestu í Evrópu samkvæmt MEDIA. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Riff á topp fimmtán

MEDIA, sjóður Evrópusambandsins til eflingar kvikmyndagerðar og -menningar, hefur valið Alþjóðlega kvikmyndahátíð í Reykjavík eina af fimmtán áhugaverðustu kvikmyndahátíðunum í Evrópu. Þetta kom fram í kynningarriti um framúrskarandi kvikmyndaviðburði í Evrópu sem var kynnt á kvikmyndahátíðinni í Cannes.

Alls styrkir sjóðurinn um nútíu hátíðir og hefur hann ákveðið að styrkja rekstur Riff-hátíðarinnar í þriðja sinn um átta milljónir króna. Hátíðin fer fram 27. september til 7. október og hafa yfir tvö hundruð titlar þegar verið sendir inn.



**ÓKEYPIS LAG** Biggi Hilmars býður upp á nýja lagið sitt frítt á netinu í eina viku. MYND/MARÍA KJARTANSDÓTTIR

## Biggi gefur glænýtt lag

Tónlistarmaðurinn Biggi Hilmars, sem er best þekktur sem söngvari Ampop, ætlar að bjóða lagið Now Is The Time frítt á netinu í eina viku.

Lagið verður á væntanlegri sólóplötu sem kemur út í haust. Biggi hefur verið búsettur í fimm mismunandi borgum síðastliðin ár og unnið að ýmsum verkefnum fyrir kvikmyndir, auglýsingar og leikhús. Núna er hann staddur hér á landi og vinnur hörðum höndum við að klára plötuna. Hægt er að ná í nýja lagið á síðunni Biggi-hilmars.com. Lagið er einnig gefið út á síðunni Gogoyoko.com.



**Dröfn Guðnadóttir**  
Vottaður ráðgjafi, Kirkjusandi

**Hrafn Snorrason**  
Vottaður ráðgjafi, Ísafirði

## Við bjóðum fjármálaráðgjöf

Nýlega útskrifuðust fyrstu starfsmenn Íslandsbanka með vottun í fjármálaráðgjöf á vegum Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF).

Vottunin miðar að því að samræma kröfur til þeirra sem sinna fjármálaráðgjöf til einstaklinga, efla þekkingu þeirra og auka um leið gæði bankaþjónustu á Íslandi.

Íslandsbanki fagnar þessum áfanga og óskar öllum þeim sem útskrifuðust til hamingju.

**Við bjóðum þér fjármálaráðgjöf í næsta útibúi Íslandsbanka**

**Vottun fjármálaráðgjafa er samstarfsverkefni eftirtalinna aðila:**

- Samtök fjármálafyrirtækja (SFF)
- Aðildarfyrirtæki SFF sem eru í viðskiptabankastarfsemi
- Efnahags- og viðskiptaráðuneytið
- Háskólinn á Bifröst
- Háskóli Íslands
- Háskólinn í Reykjavík
- Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja (SSF)

Við bjóðum  
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki







PIZZA



[www.dominos.is](http://www.dominos.is) sími 58·12345

# EM VEISLA DOMINO'S!

Stór pizza af matseðli, 2L gos og Súkkulaði-, Kanil- eða Ostagott

**2.599 kr.**

Ef þú sækir. Gildir 8. júní-1. júlí.



**PAKKI AF EM  
FÓTBOLTAMYNDUM  
FYLGIR MEÐ!**

Á meðan birgðir endast

**PANTADU  
Á NETINU Í  
RÓ OG NÆÐI!**



Pepperoni veisla: Tvöfaldur skammtur af pepperoni og aukaostur





**PAVEL ERMOLINSKIJ** er búinn að semja við sænsku meistarana í Norrköping Dolphins og mun spila með þeim á næsta tímabili svo framarlega sem liðið verði í Evrópukeppni. Þetta er annað árið í röð sem Pavel fer til sænsku meistaranna en hann fór til Sundsvall Dragason fyrir síðasta tímabil.

# HÁMARKS ÁRANGUR



„Til að ná hámarks árangri þarf ég að gera miklar kröfur til sjálfs mín og þess sem ég læt ofan í mig.

Ég vel NOW!“

Kári Steinn Karlsson,  
hlaupari og ólympíufari.

#### Grunnpakki Kára Steins



Grunnpakinn frá NOW inniheldur þau lykil næringarefni sem flestir fá ekki nóg af.

#### Frábær viðbót



Gæði • Hreinleiki • Virkni

## BEKKJARSETAN PIRRANDI

Aron Pálmarsson, stórskytta íslenska landsliðsins í handbolta, er klár í slaginn en Ísland mætir Hollandi í undankeppni HM annað kvöld. Aron segist vera kominn niður á jörðina eftir ótrúlegt tímabil með þýska stórlíðinu THW Kiel.

**HANDBOLTI** „Þessi eina til tvær vikur sem maður er með landsliðinu strax eftir langt tímabil eru yfirleitt þær erfiðustu á árinu,“ segir Aron sem segist hafa þurft smá tíma til að pumpa sig upp í þetta verkefni. Ísland mætir Hollendingum í tveimur leikjum um laust sæti á heimsmeistaramótinu á Spáni í janúar. Fyrri leikurinn fer fram í Laugardalshöll annað kvöld.

„Ég þekki sjálfan mig samt það vel að ég get stillt mig inn á svona verkefni. Ég hef gert þetta áður enda orðinn reynslubolti,“ segir Aron og hlær en Hafnfirðingurinn verður 22 ára í júlí.

Hollendingar hafa ekki unnið til afreka í karlahandboltanum en Aron hefur varann á. „Þetta er fínt lið þótt þetta sé ekki þekktasta lið í heimi. Maður þekkir ekkert öll nöfnin þarna, ég skal alveg viðurkenna það,“ segir Aron en íslensku strákarnir hafa undir höndum upptökur af leikjum liðsins sem verða notaðar í undirbúningnum.

„Þeir eru með fína leikmenn og þetta er hættulegur andstæðingur. Við vitum að við erum sterkara liðið og líklegri í þessum leikjum,“ segir Aron og leggur áherslu á að liðið þurfi að gefa allt í fyrri leikinn á heimavelli til að hafa gott veganesti fyrir Hollandsferðina.

#### Erfitt að gagnrýna þjálfarann

Aron átti frábæra innkomu í úrslitaleik Meistaradeildarinnar með Kiel gegn Atlético Madrid og skoraði þrjú mörk þegar erfiðlega gekk hjá þýska liðinu. Bekkjarsetan heillar Aron ekki frekar en aðra og hann vill fara að fá meira traust frá Alfreð Gíslasyni, þjálfara liðsins.

„Ég viðurkenni alveg að það pirrar mig að sitja á bekknum. Það er samt mjög erfitt að gagnrýna þjálfarann þegar það gengur svona vel. Flestir leikmenn eru þannig að þeir eru ekki alltaf sammála þjálfaranum. Ég verð bara að vinna vel í mínum hlutum í sumar til að stækka hlutverk mitt, verða byrjunarliðsmaður og fá traust á mínar herðar,“ segir Aron sem segir árangur Kiel vissulega hafa komið á óvart en liðið hafi unnið fyrir honum.

#### Síðasta tímabil hneyksli

„Við stefnum alltaf á alla titla og vorum frekar sárir með síðasta tímabili. Okkur fannst eiginlega



ARON Ætlar ekki að vanmeta lið Hollands sem Ísland mætir tvegis á næstu dögum í undankeppni HM. FRÉTTABLAÐID/VILHELM

#### Eintóm þvæla að ég eigi að vera jóker

Íslenska landsliðið náði sér ekki á strik á Evrópumótinu í Serbíu í janúar og hafnaði í 10. sæti. Liðið var gagnrýnt og meðal annars lét Sigurður Bjarnason, fyrrum landsliðsmaður og þáverandi sérfræðingur RÚV í EM-stofunni, í ljós þá skoðun sína að ábyrgð Arons í liðinu væri of mikil. Að hans mati ætti Aron að vera í hlutverki jókers. Aron segist hafa heyrt gagnrýni Sigurðar en vera langt frá því að vera sammála.

„Ég er búinn að vera þrjú ár úti í Þýskalandi hjá besta liði í heimi og er kominn með stórt hlutverk í liðinu. Þetta er eiginlega eintóm þvæla hjá honum og sýnir hvað hann veit lítið um þetta. Svona menn eiga ekki að vera einhverjir spekingar og segja þjóðinni til,“ segir Aron og minnir á að hann sé enginn nýliði í landsliðinu.

„Ég er auðvitað bara 22 ára en með slatta af reynslu á bakinu eftir þessi fjögur ár með landsliðinu. Það er eitthvað rangt við það ef ég á að taka næstu fjögur til fimm árin í að vera jókerinn í liðinu,“ segir Aron og minnir á ábyrgð sérfræðinga í sjónvarpi og öðrum miðlum.

„Hann fattar ekki að allir hlusta á hvað hann segir enda er hann fenginn í settið til að vera spekingur. Þetta pirraði mig ekkert því ég veit betur sjálfur en þetta var eintóm þvæla,“ segir Aron.

algjört hneyksli „bara“ að verða í öðru sæti í deildinni og vinna bikarinn,“ segir Aron en liðið hóf undirbúningstímabilið fyrir en venjulega síðastliðið sumar.

„Við ætludum að sanna að við ættum þetta allt skilið. Það hugsaði enginn um að við gætum átt fullkomið tímabil og unnið alla þrjá titlana. Það var samt klárlega stefnan. Maður fer samt í alla leiki til þess að vinna og það gekk heldur betur eftir í ár,“ segir

Aron sem segir muninn á æfingum með landsliðinu og Kiel í raun bara vera tungumálið. „Það er mikil fagmennska á báðum stöðum. Landsliðið er líka heimsklassalið en hérna eru liðsfélagarnir meiri vinir manns. Hitt er meira þannig að um atvinnu þína er að ræða. Þú ert ekkert mikið að blanda geði við hina. Hérna ertu með vinum þínum að æfa og það er líkast til stærsti munurinn.“

kolbeinntumi@365.is

Tveir athyglisverðir leikir á dagskrá EM í dag:

## Dauðariðið af stað

**FÓTBOLTI** Tveir stórleikir eru á dagskrá Evrópumeistaramótsins í dag þegar fyrstu leikirnir í B-riðli, sem hefur verið kallaður dauðariðið keppinnar, fara fram.

